











# Bændablaðið

11. tölublað 2024 • Fimmtudagur 13. júní • Blað nr. 658 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Björn Harðarson hefur gegnt embætti formanns deildar loðdýrabænda hjá Bændasamtökum Íslands frá því í vetur. Hann stundar minka- og kúabúskap í Holti í Flóa og segist bjartsýnn á framtíð minkaræktar þrátt fyrir erfiðleika greinarinnar undanfarin ár. *– Sjá nánar á bls. 32–33.* Mynd / Ástvaldur Lárusson



## Útiræktun

Stjórnvöld hafa ítrekað gengið á bak orða sinna um aukinn stuðning við íslenska garðyrkju til frekari vaxtar. Hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu á markaði hér á landi, tegundir og uppskerumagn hefur heldur rýrnað á undanförnum árum. Þó eru líflegir vaxtarsprotar sem hafa sprottið fram í útiræktun grænmetis á síðustu misserum, í Þingeyjarsveit og einkum kannski meðal sauðfjárbænda í Dalabyggð.

**– 20 –**



## Undanþágur

Grein Þórarins Inga Péturssonar, formanns atvinnuveganefndar Alþingis, og álitsgerð dr. Carls Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, gáfu Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, tilefni til að árétta nokkur atriði sem varða nýjar undanþáguheimildir kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum.

**– 48 –**

### Áhrif illviðris:

# Bein og langvinn áhrif á búgreinar

**Matvælaráðherra stofnaði þann 7. júní sérstakan viðbragðshóp vegna ótíðarinnar á Norður- og Norðausturlandi í síðustu viku sem nú vinnur að mati á heildarumfangi tjóns hjá bændum.**

Áhrifin leggjast misjafnlega þungt á búgreinar, en ljóst er að slæmar afleiðingar sauðfjárbænda koma ekki að fullu fram fyrr en í haust. Beint tjón varð þó víða, til að mynda hjá þeim sauðfjárbændum sem ekki náðu að taka allt fé á hús, auk þess sem vitað er til þess að folöld hafi orðið úti í einhverjum tilvikum.

Í haust munu afleiðingarnar svo fyllilega koma í ljós hjá sauðfjárbændum varðandi vænleika lamba, fjölda sláturlamba og mögulega þörf á endurnýjun á bústofni ef ær hafa gengið of nærri sér í kuldatíðinni.



Björn Ólafsson.

Björn Ólafsson, bóndi á Krithóli og formaður Félags sauðfjárbænda í Skagafirði, segir að óveðrið hafi gengið yfir stórt svæði á Norður- og Norðausturlandi og telur að það hafi bitnað á um 1.500 bændum, en komið misjafnlega niður á þeim eftir sveitum.

Hann segir að þó það sé gott að geta komið sauðfénu inn í hús þegar slíkt óveður skellur á, geti það haft slæm áhrif til lengri tíma litið. Reikna megi með kílói minni fallþunga í haust að meðaltali, vegna áhrifanna á mjólkurlagni ánna af því að þurfa að taka þær af beitinni á þessum viðkvæma tíma lambanna.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Heildaráhrif vegna ótíðarinnar almennt eru þó mestmegnis þau að öllum vorverkum seinkar. Hjá grænmetis- og kartöflubændum var klaki í jörð víða vandamál lengi vel og því lán í óláni að margir voru ekki búnir með niðursetningu, útplöntun eða sáningu, þegar óveðrið skall á. Uppskeru mun seinka og líkur á minna uppskerumagni en vanalega.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, nautgripabóndi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði og varaformaður Bændasamtaka Íslands, segir stöðuna hjá nautgripabændum vera hvað versta á þeim svæðum þar sem tún komu mikið kalin undan vetri og ekki sé á bætandi fyrir þá bændur að komast ekki út í akrana fyrir bleytu og snjó til að geta hafið uppræktun. Mjólkurkýrnar fari víða seinna út en vant er en það hafi lítil áhrif á þær þar sem þær uni sér vel inni í nútímafjósum. Veðrið hafi gert holdabændum erfitt fyrir víða þar sem kýr voru farnar að bera úti en að tjónið hafi ekki enn verið metið.

Laufey Leifsdóttir, bóndi á Stóru-Gröf í Skagafirði og formaður Félags skógarbænda á Norðurlandi, segir illviðrið hafa haft heilmikil áhrif á trjágróður á Norðurlandi. Sjá megi vindslit á lauftrjám, öspin sé kalin en mikill munur þó eftir klónum. Barr á lerki hefur gulnað þar sem frysti og sums staðar séu áberandi skemmdir. /smh

*– Sjá nánar á síðu 2.*

Æðarbændur:

# Ekkert hægt að gera

**Æðarbændur fóru ekki varhluta af kulda og úrkomu á Norður- og Austurlandi í byrjun mánaðar.**

Ágúst Marinó Ágústsson, æðar- og sauðfjárbóndi á Sauðanesi á Langanesi, segist ekki hafa getað gert neitt annað en að fylgjast með og vera í viðbragðsstöðu. Hann er þakklátur fyrir að úrkoman hafi verið í formi rigningar hjá honum, en inni í Þistilfirði, sem er skammt frá, snjóaði uppi á heiðum. Æðarvarpið er að mestu á litlum hólmum í lónum við árós. Mikill vatnsflaumur var í ánni sem hækkaði vatnsyfirborðið og vegna roks skvettist talsvert upp á hólmana þó ekki hafi flætt upp á þá. Ágúst segir eina lausn hafa verið að rjúfa ósinn ef hann hefði stíflast vegna ágangs sjávar.

Í Miðfirði á Langanesströnd er nokkuð stórt æðarvarp þar sem Marinó Oddsson er bóndi. Hann segist hafa sloppið nokkuð vel hvað varðar úrkomu á meðan kaldur vindur hafi verið viðvarandi og hvítt sé í fjöllum. „Í svona veðráttu er best að láta ekki sjá sig í varpinu,“ segir Marinó, en mikilvægt er að styggja fuglinn ekki af hreiðrunum. Hann telur að ekki hafi orðið mikið tjón, en ef blautur dúnn er tíndur nógu snemma skemmist hann ekki. Líði hins vegar of langur tími er hætt við að hann fúni og molnar dúnninn þá í sundur þegar hann er settur í hreinsun. */ál*

# Viðbragðshópur vegna kuldatíðar

**Matvælaráðherra hefur sett á laggirnar viðbragðshóp vegna þeirra erfiðleika sem hafa verið í landbúnaði sakir óvenjulegrar kuldatíðar undanfarið.**

Guðrún Birna Brynjarsdóttir, fulltrúi Bændasamtaka Íslands í hópnum, segir honum ætlað að kortleggja ástandið. Ásamt henni sitja fundina fulltrúar matvæla- og innviðaráðuneyta, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og almannavarna ásamt fulltrúum lögregluembættanna á Norðurlandi vestra og eystra.

Þegar þetta er ritað hefur hópurinn fundað tvisvar og segir Guðrún Birna vinnuna vera á byrjunarreit. Fyrstu skrefin séu að taka stöðuna á ólíkum stöðum, en eftir fyrsta fundinn lá ljóst fyrir að kuldakastið hefði haft veruleg neikvæð áhrif á starfsemi bænda, bæði til lengri og skemmri tíma.

Ekki er búið að ákveða hversu lengi viðbragðshópurinn starfar þar sem ekki er vitað hvenær tjónið muni koma í ljós. Guðrún Birna segir lykilatriði að bændur skrái tjón með því að taka myndir, en gögn séu nauðsynleg til þess að hægt sé að bæta skaðann. Verklag í kringum gagnavinnslu verði kynnt fljótlega.



**Snjóskaflar við Garðakot í Hjaltadal.** Mynd / Rina Sommi

Bjarkey Olsen matvælaráðherra segir í tölvupósti til Bændablaðsins mikilvægt að ná utan um ástandið. Hún vilji koma því skýrt á framfæri við bændur að ráðuneytið standi heilshugar að baki þeim í ljósi þeirrar náttúruvár sem gengið hefur yfir. */ál*

Skógarbændur:

# Lauf sortnaði fyrir norðan

**Trjágróður virðist hafa farið hvað verst á Norðurlandi í vonskuveðri sem gekk yfir landið á dögunum. Það á þó eftir að koma betur í ljós.**

Illviðri síðustu viku hafði heilmikil áhrif á trjágróður á Norðurlandi að sögn Laufeyjar Leifsdóttur, bónda á Stóru Gröf í Skagafirði og formanns Félags skógarbænda á Norðurlandi. „Það má sjá vindslit á lauftrjám, öspin er kalin en mikill munur eftir klónum. Barr á lerki hefur gulnað þar sem var frost og sums staðar eru áberandi skemmdir. Haustið og veturinn hafa líka farið illa með gróður og það er mikið kal í víði og birkikjarri. Allt kemur þetta ofan í svæðisbundin áföll frá síðasta sumri en þá kól aspir víða,“ segir Laufey.

Ætla má að trjágróður hafi farið hvað verst á Norðurlandi og nokkurt tjón orðið, en Hjörtur Bergmann Jónsson, skógarræktandi í Ölfusi og formaður stjórnar SkógBÍ, segir það í raun ekki komið í ljós enn þá. „Það liggur ekki enn fyrir hvaða áhrif veðrið hefur á þessum verstu svæðum fyrir norðan og austan. Á Suðurlandi er þetta í ágætis standi, þannig lagað,“ segir hann. Kalt hafi verið og vindasamt og allt miklu seinna til en venjulega, en ekkert tjón í sjálfu sér. „Heilt yfir á Suður- og Vesturlandinu hefur þetta sloppið ágætlega en spurning hvernig er með Héraðið og Þingeyjasýslur, Eyjafjörð, Skagafjörð og Norðurland vestra.

Ef trjágróður hefur verið kominn af stað og svo kemur frost og hríð þá er ekki von á góðu, sérstaklega fyrir lauftré. Ef nýja laufið sölnar, eða brumið, er ekki víst að það nái sér yfir sumarið. Það spáir hlýindum og þá gæti þetta allt komið betur í ljós,“ segir Hjörtur. */sá*

Sauðfjárbændur:

# Áhrifin að fullu ljós í haust

**Tjón hefur mjög víða orðið hjá sauðfjárbændum á Norðurlandi eftir óveðrið á dögunum.**

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbænda hjá BÍ, segir að afleiðingar þess munu ekki koma fyllilega í ljós fyrr en í haust varðandi áhrif á vænleika lamba, fjölda sláturlamba og endurnýjun bústofns ef ær hafa gengið of nærri sér í kuldatíðinni.

***Áhrif á frjósemi næsta vor***

„Eins getur hret sem þetta haft áhrif á frjósemi næsta vor því þetta hefur áhrif á hvernig ærnar undirbúa sig fyrir næsta tímabil. Óveðrið í síðustu viku samhliða því mikla kali sem er víða mun leiða af sér að heyfengur verður víða mun minni samhliða því að víða hefur gengið á heyforða síðustu viku,“ heldur Eyjólfur áfram.

„Það skiptir því miklu máli að fá skýr svör um það hvernig stuðningi við tjón verður háttað svo bændur geti tekið upplýstar ákvarðanir varðandi til dæmis endurræktun og heyöflun sumarsins.“

Björn Ólafsson, formaður Félags sauðfjárbænda í Skagafirði, segir að óveðrið hafi gengið yfir stórt svæði á Norður- og Norðausturlandi og telur að það hafi bitnað á um 1.500 bændum, en komið misjafnlega niður á þeim eftir sveitum. Hann veit til þess að bændur hafi misst bæði ær og lömb sem hafi orðið úti í óveðrinu, auk þess hafi folöld drepist. Það sé þó þannig að bændur eru rétt að sjá fram úr veðrinu og halda áfram með sitt. Ljóst sé að í einhverjum tilvikum hafi fé verið komið það langt frá bænum að ekki var hægt að sækja það í tæka tíð til að setja inn í hús. Þá telur Björn að æðarvarp hafi farið mjög illa í Skagafirði.

***Allt fór á kaf***

„Þetta var slæmt hér hjá okkur, mikil snjókoma og hvassviðri,“ segir Björn, sem býr á Krithóli rétt sunnan við Varmahlíð. „Hér fór eiginlega allt á kaf, mikill og blautur snjór og svo kaldara með skafrenningi á nóttinni.“

Björn er búinn að koma öllu sínu fé út, en hann er með um 350 ær, og segir að það eigi við um flesta sauðfjárbændur á svæðinu. Hann segir að nú með hröðum umskiptum í tíðarfari taki snjó hratt upp af túnum sem þó séu „enn syndandi á kafi í bleytu“. Björn segir að það sé auðvitað gott að geta komið skepnunum inn í hús þegar svona óveður skellur á en það geti haft slæm áhrif á þær til lengri tíma litið. „Í raun kemur það ekki að fullu fram fyrr en í haust þegar afurðirnar verða metnar. Ég hugsa að það megi gera ráð fyrir alveg kílói minna í fallþunga að meðaltali í haust, beinlínis sem afleiðing af þessu hreti.

Það er ljóst að þótt hægt sé að setja féð út núna þá hefur eðlilegri framvindu verið raskað með því að taka þær inn. Ærnar voru jú komnar á beit og þetta getur haft veruleg áhrif á mjólkurlagni þeirra sem bitnar þá á lömbunum á þessum viðkvæma tíma. Það hefur þurft að gefa mikið hey þessa daga og þau eru auðvitað misjöfn að gæðum núna. Auk þess er mikið álag á skepnunum og hætta á sjúkdómum, til að mynda júgurbólgu. En bændur þurfa nú að fylgjast vel með hvernig skepnurnar þrífast – hafa augun opin fyrir einhverri afbrigðilegri hegðun.

Svo bætist þetta hret ofan á kalskemmdir í túnum sem hafa víða orðið. Nú kemur þessi agalega bleyta og sumir voru búnir að bera á, þannig að það er mikil óvissa um hvað mikið af þeim áburði muni nýtast að ráði. Víða hafa menn ekki einu sinni komist í jarðvinnslu því í raun er frost bara nýfarið úr jörðu hér. Svo eru skurðir, ár og lækir hér kjaftfullir af vatni sem er aukahætta fyrir skepnurnar þegar þeim er hleypt út.“ Björn bætir við að talað sé um það meðal bænda að vorverkin séu í raun svona mánuði á eftir því sem gerist í hefðbundnu árferði. */smh*

Nautgripabændur:

# Mikið álag á bændum

**Staðan er þung þar sem tún koma mikið kalin undan vetri. Ótíðin undanfarið hefur gert kúabændum torveldara um vik í vorverkum.**

Slík staða getur skilað sér í lakari uppskeru að magni og gæðum, að sögn Herdísar Mögnu Gunnarsdóttur, nautgripabónda á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði og varaformanns BÍ. Hún segir að betur eigi eftir að koma í ljós hverjar afleiðingarnar verða en þetta muni hafa áhrif bæði á mjólkur- og nautakjötsframleiðsluna. „Staðan er verst á þeim svæðum þar sem tún komu mikið kalin undan vetri og ekki á bætandi fyrir þá bændur að komast ekki út í akrana fyrir bleytu og snjó til að geta hafið uppræktun,“ segir hún. Uppræktun sé bæði kostnaðarsöm og tímafrek svo mikið álag sé á bændum.

„Mjólkurkýrnar fara víða seinna út en vant er en það hefur lítil áhrif á þær þar sem þær una sér vel inni í nútímafjósum. Veðrið gerði holdabændum erfitt fyrir víða þar sem kýr voru farnar að bera úti en við eigum enn eftir að meta hversu mikið tjón hefur orðið,“ segir Herdís jafnframt. */sá*



**Mikil bleyta liggur víða á ræktarlöndum á Norðurlandi.** Mynd / Rina Sommi

Garðyrkjubændur:

# Hretið seinkar vorverkum

**Óveðrið sem gekk yfir Norður- og Norðausturland á dögunum hafði aðallega þau áhrif á garðyrkjubændur að seinkun verður á öllum venjulegum vorverkum, sem mun mögulega leiða til minni uppskeru í haust.**

Jón Helgi Helgason á Þórustöðum í Eyjafirði er kartöflubóndi sem situr í stjórn deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands. „Það voraði seint á þessum svæðum, leiðinda kuldi og snjókoma var í apríl og hefur klaki í jörð verið töluvert vandamál. Hann byrjaði seint að fara úr jörð og mögulega enn ekki farinn á sumum svæðum,“ segir Jón Helgi. „Það hefur því kannski verið lán í óláni að margir bændur voru seinna á ferðinni með niðursetningu og útplöntun eða sáningu á grænmeti og hafði hretið í síðustu viku minni áhrif en ella. Hins vegar hefur þetta hret þau áhrif að öllu seinkar og veldur það seinkun á uppskeru og jafnvel minni uppskeru en vanalega.

Jörðin er enn mjög blaut og erfitt að komast um akrana en við vonum að það þorni á næstu dögum og þá verður hægt að ljúka við vorverkin,“ útskýrir Jón Helgi. „Ég hef ekki heyrt af frostskemmdum á kornökrum en mögulega getur öll þessi bleyta sem stendur uppi í pollum hafa drekkt einhverjum hluta af því.“ */smh*






Söluráðgjafar okkar eru í samningsskapi og bjóða úrval bíla á sérstökum sumarkjörum

**Veldu þér rétta ferðabílinn fyrir sumarið!**

**TOYOTA** FÖRUM LENGRA

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| 570 5070 | 460 4300 | 420 6600 | 480 8000 |

7 3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Bryndís Sigurðardóttir, Björn Þorláksson og Hermann Aðalsteinsson.

## Nýir liðsmenn Bændablaðsins

Lesendur hafa kannski tekið eftir nýjum efnisþáttum í blaðinu í vor. Hugarleikfimi eru nú gerð skil í meira mæli og hægt að glöggva sig á eftirtektarverðum töktum í bridds og skák.

Björn Þorláksson er umsjónarmaður briddsþáttar en hann fylgist grannt með mótum sem fara fram víða um land á vegum Bridgesambands Íslands og tekur áhugaverða leikmenn gjarnan tali.
Netfang Björns er bjornthorlaksson@gmail.com

Hermann Aðalsteinsson, bóndi í Lyngbrekku, er umsjónarmaður skákþáttar. Hann er formaður skákfélagsins Goðans í Þingeyjarsýslu og er þar að auki þekkingarbrunnur. Hann rifjar upp athyglisverðar skákir, lesendum til yndisauka. Netfang Hermanns er lyngbrekku@simnet.is

Þá mun Bændablaðið njóta krafta Bryndísar Sigurðardóttur á næstunni. Hún er reynslumikill blaðamaður sem rak m.a. fjölmiðilinn Bæjarins besta á Ísafirði um árabil. Hún mun í sumar ferðast vítt og breitt um landið og taka hús á áhugaverðum viðmælendum. Netfang hennar er bryndis@yfirlit.is

Þau Bryndís, Björn og Hermann bætast í öflugan hóp einstaklinga sem leggja til hið fjölbreytta efni sem nálgast má í Bændablaðinu og við bjóðum þau hjartanlega velkomin til starfa. */ghp*



## Leiðrétting: Rangur myndatexti

Í fyrsta tölublaði Bændablaðsins árið 2023 birtist meðfylgjandi mynd undir liðnum „Gamla myndin“ með myndatextanum: „Frá Búnaðarþingi 1949 sem haldið var á Egilsstöðum.“

Guðsteinn Hallgrímsson frá Teigarbóli á Fljótsdalshéraði hefur bent ritstjórn Bændablaðsins á að þar hafi verið farið með rangt mál. Hið rétta sé að myndin var tekin á Þingvöllum af bændum frá Fljótsdalshéraði og nágrenni í ferð á vegum Búnaðarsambands Austurlands sem farin var um Suðurlandið árið 1954. Nokkrir þeirra sem eru á myndinni eru Guðsteini kunnugir, þar á meðal faðir hans. */ál*




**Bændablaðið kemur næst út 27. júní**



Með breytingum á búvörulögum hefur kjötafurðastöðvum á Íslandi verið veitt undanþága frá samkeppnislögum um að hafa með sér samstarf og til að sameinast. Mynd / smh

# ESA spyr um óvissuatriði breytinga á búvörulögum

## – Staðfest að Ísland hefur rétt á að setja undanþáguákvæði

**Í byrjun maí sendi ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, erindi til matvælaráðuneytisins þar sem óskað er eftir skýringum á nokkrum atriðum í tengslum við nýsamþykktar breytingar á búvörulögum, en með þeim er kjötafurðastöðvum veitt undanþáguheimild frá samkeppnislögum til samvinnu og sameiningar.**

Í erindinu er þess getið að ESA hafi verið gert viðvart um breytingarnar sem urðu á búvörulögunum. Einnig að matvælaráðuneytið hafi í kjölfarið sent bréf til atvinnuveganefndar, þar sem lýst var áhyggjum af því hvort breytingarnar samræmdust skuldbindingum Íslands gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

### *Almennt orðalag eykur á óvissu*

Fram kemur í erindinu að vinnsla á kjötafurðum falli utan við samkeppnisákvæði EES-samningsins en tekið er fram að öðru máli gildi um aðföng til landbúnaðar, eins og áburð, vélar og olíu. Vegna þess að í undanþáguákvæði búvörulaganna sé almennt orðalag notað, leiki ákveðinn vafi á hversu víðtækt ákvæðið sé.

Því er óskað eftir upplýsingum í nokkrum liðum. Til að mynda er beðið um útskýringu á hvort áhrif undanþáguákvæðisins hafi verið metin að fullu og hverjar niðurstöðurnar af því séu, hafi það verið gert. Óskað er eftir upplýsingum um hversu víðtækt ákvæðið sé, því ESA virðist sem svo, við fyrstu sýn, að undanþágan geti náð yfir ýmsa rekstrarþætti afurðastöðva sem geti fallið undir gildissvið EES-samningsins. Þá er ráðuneytið beðið um álit þess á því hvernig uppsetning og starfsemi framleiðendafélaganna, sem undanþágan gildir um, sé hugsuð, þar með talið eignarhald og starfssvið.

Í matvælaráðuneytinu er nú unnið að svörum, en óskað var eftir skilafresti hjá ESA til 21. júní.

### *Ótvíræð heimild*

Í byrjun júní var birt álit Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, sem Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) kölluðu eftir, um hvort undanþágan um kjötafurðirnar frá samkeppnislögum gengi gegn EES-samningnum.

Var það gert vegna álitamála sem spruttu fram í kjölfar lagabreytinganna. Niðurstaða Baudenbacher er að Ísland hafi ótvírætt rétt á að setja undanþáguheimild frá samkeppnislögum, um landbúnaðarafurðir, í sína löggjöf.



Margrét Gísladóttir. Mynd / ANNSY

### *Gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland*

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri SAFL, segir að af álitinu megi skilja að Ísland sé hvorki bundið af EES-samningnum að þessu leyti né af útfærslum annarra aðildarríkja samningsins. „Athuga ber þó að í þeim tilvikum þar sem bókanir eða viðaukar við samninginn innleiða EES-gerðir ber okkur að fara eftir þeim. Í þeim tilvikum er fyrst og fremst um að ræða matvæla- og heilbrigðisreglur.

Sú staðreynd að landbúnaður er undanþeginn EES-samningnum með þessum hætti er gríðarlega mikilvæg fyrir Ísland sem og önnur aðildarríki EES-samningsins. Aðstæður og starfsumhverfi er ólíkt eftir löndum, hvort sem er vegna legu landsins, veðurfars, launa- og vaxtastigs, stærðar markaðar eða annað. Það að geta hagað málum þannig að lög og reglur henti aðstæðum hérlendis er því lykilatriði í því að ná settum markmiðum, hvort sem er í búvörulögum, landbúnaðarstefnu eða öðrum tengdum stefnum stjórnvalda.“

### *Undanþáguheimildin nær eingöngu til kjötafurða*

Ljóst er að stærstu kjötafurðastöðvar Íslands eru reknar inni í samstæðum þar sem margs konar starfsemi er undir. Í sumum tilfellum landbúnaðartengdum, eins og slátrun, geymsla og flutningur kjötafurða og innflutningur og sala á aðföngum. En í öðrum tilvikum er starfsemin alveg ótengd landbúnaði.

Margrét segir ljóst að undanþáguheimildirnar sem koma inn með breytingum á búvörulögum nái einungis samkvæmt efni sínu til slátrunar og vinnslu kjötafurða og afleiddra afurða, ekki til annarrar vöru eða þjónustu. „Með þessu áliti dr. Baudenbacher er tekinn af allur vafi um að kjötafurðir eru undanskildar EES-samningnum, sem og geymsla og flutningur á þeim. Því hefur íslenska ríkið heimild til að setja undanþágur frá samkeppnislögum varðandi slátrun og vinnslu kjötafurða. Hvað aðrar vörur en kjötvörur varðar sé ég ekki ástæðu til að halda að ekki gildi áfram almennar samkeppnisreglur um þær, samanber þó fyrirliggjandi undanþágu vegna mjólkurafurða.

Í þessu samhengi má benda á að þessi nýja heimild, 71. gr. A, er orðuð með sama hætti og sú undanþága sem mjólkurafurðastöðvar á Íslandi hafa búið við í 20 ár og það hefur ávallt verið skýrt að sú undanþága nái ekki til annarra vara en mjólkurafurða.“

### *Engin krafa um sérstök rekstrarform*

Varðandi þá spurningu hvort stóru kjötafurðastöðvunum KS og SS sé heimilt að starfa saman innan núverandi rekstrarforms eða hvort stofna þurfi sérstök félög utan um starfsemina sem undanþágan nær til, segir Margrét að það sé afurðastöðvanna að taka ákvörðun um þetta. Engin krafa sé gerð í lögunum um stofnun sérstaks félags, en ekkert komi í veg fyrir það heldur. „Eðli málsins samkvæmt er mjög breytilegt hvað hentar út frá því með hvaða hætti undanþágan er nýtt. Fyrirtækin þurfa hins vegar að uppfylla ákveðin skilyrði til að teljast sem framleiðendafélag og taka skýrt fram í samþykktum félagsins að tilgangur þess sé að starfa sem framleiðendafélag til samræmis við ákvæði 71. gr. A.“

Þá þurfa fyrirtækin sem nýta sér heimildina að uppfylla ákveðin skilyrði hvað varðar söfnun, sölu, viðskiptafrelsi og þjónustuþætti.

Eitt af álitamálunum sem komu fram eftir lagabreytingarnar var hvort undanþágan veitti heimild til samráðs kjötafurðastöðva um tilboðsgerð í tollkvóta vegna innflutnings á kjötafurðum erlendis frá. Margrét telur að svo sé ekki. „Lögin veita framleiðendafélögum heimild til að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli afurðastöðva og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötafurða. Ég get því ekki séð að sú heimild nái til tilboðsgerðar í slíka tollkvóta,“ segir Margrét að lokum.

*/smh*


LANDSMÓT
REYKJAVÍK
SJÁUMST Í BREKKUNNI!
LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK
1.–7. JÚLÍ 2024
BETRA VERÐ TIL 15. JÚNÍ
VIKUPASSI 27.900 KR.
tix
landsmothestamanna
landsmot2024
www landsmot.is

Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Veðuröfl

Margt hefur verið að frétta í íslensku samfélagi að undanförnu. Forsetakosningar eru afstaðnar með afgerandi kjöri konu sem mun taka að sér embættið að minnsta kosti næstu fjögur ár. Eldgos sem hófst á Reykjanesskaga árið 2021 mun mögulega standa í mörg ár í viðbót með tilheyrandi raski og eftirsjá þeirra sem sjá að baki heimabyggð.

Svo koma þau alltaf, þessi svikavor, sem daðra við lífið og vekja von en slá svo alla út af laginu með óskunda. Hegðun veðuraflanna var frekar ruddaleg í síðustu viku og skilur eftir sig illa leikin tún, tóm hreiður, þjakaðan búpening og úrvinda bændur.

Í þessu tölublaði má lesa hvernig óveðrið lék menn, dýr og jarðnæði illa. En rösk afstaða stjórnvalda, í formi þverfaglegs viðbragðshóps sem kortleggur tjón og skipuleggur úrræði við bráðavanda í landbúnaði vegna kuldatíðarinnar, er fagnaðarefni.

Ásta F. Flosadóttir, sauðfjárbóndi á Höfða í Grýtubakkahreppi og stjórnarmaður í deild sauðfjárbænda hjá BÍ, brýnir fyrir bændum að draga það ekki að óska eftir aðstoð ef í harðbakkann slær.

„Það veldur miklu álagi að hafa takmarkaða stjórn á starfsaðstæðum sínum. Við getum ekki stjórnað veðrinu, við getum bara stjórnað eigin viðbrögðum við því. Og menn eru kannski ekki í sínu besta formi til að bregðast við, rétt staðnir upp úr þeirri miklu vinnutörn sem sauðburður er. Það var harður biti að kyngja að trúa veðurspánni. Óhjákvæmilega varð tjón. Sumir urðu fyrir meira tjóni en aðrir, en heildarumfangið hjá sauðfjárbændum kemur ekki í ljós fyrr en fé kemur af fjalli í haust. Tjón á ræktarlandi og æðarvarpi verður hægt að meta fyrr. En peningar eru ekki allt," ritar Ásta og minnir á *Bændageð* – verkefni til vitundarvakningar um andlega heilsu bænda.

> „Sumt vinnur gegn okkur og íslenskt vor er einfaldlega heilmikill skítakapítuli ...

„Í kjölfar áfalla í búrekstrinum en enn mikilvægara að huga að andlegri vellíðan. Þar eru grundvallarþættir að sofa vel, nærast vel og styrkja ástvinatengsl. Faðmlag, símtal, umhyggja. Þessir litlu hlutir eru nefnilega stórir og dýrmætir, skipta sköpum. Þetta er stuðningur sem allir eru færir um að veita. Er einhver í þínu nágrenni sem þarf á stuðningi að halda?" spyr Ásta.

Sumt vinnur gegn okkur og íslenskt vor er einfaldlega heilmikill skítakapítuli. Við stjórnum ekki náttúrunni, en höfum lært að lifa með henni og hún gefur líka til baka. Þó að þetta vor sé svolítið seint á ferðinni gefur veðrið nú til kynna að margt standi til bóta. Hjarta okkar slær með fólki sem á um sárt að binda. Fögnuður okkar er yfir því sem vel er gert, líka í harðindum.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir*
*ritstjóri.*




**Bændablaðið kemur næst út 27. júní**



**Matvælaráðuneytið úthlutaði tollkvótum fyrir innflutningi á tæplega 2.000 tonnum af kjöti á grundvelli samninga við ESB, WTO og EFTA á dögunum.** Mynd / Markus Spiske

## Tollkvótar:

# Rekstraraðilar svína- og alifuglabúa fengu mest

**Eignarhaldsfélögin Mata, LL42 og Innnes fengu úthlutað mest af tollkvótum á landbúnaðarvörum við síðustu úthlutun matvælaráðuneytisins.**

Ráðuneytið tilkynnti um úthlutun þann 31. maí sl. sem tekur gildi 1. júlí næstkomandi. Í heild var úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á tæplega 2.500 tonnum af matvörum á grundvelli samninga við ESB, WTO og EFTA.

### *Síld og fiskur, Matfugl og Stjörnugrís*

Mata ehf. fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á tæpum 350 tonnum af búvörum, þar af fyrir 145 tonnum af svínakjöti og 162 tonnum af alifuglakjöti. Áður hafði félaginu verið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 303 tonnum af kjöti og osti frá Evrópusambandinu (ESB) á fyrstu sex mánuðum ársins 2024, þar af 120 tonnum af svínakjöti og 190 tonnum af alifuglakjöti.

Starfsemi hlutafélagsins Mata felst í innflutningi og dreifingu á ávöxtum og grænmeti samkvæmt ársreikningi. Félagið er í 99 prósenta eigu eignarhaldsfélagsins Langisjór ehf. sem á fjölda félaga, t.a.m. Matfugl ehf. og Síld og fiskur ehf.

Það fyrrnefnda starfar við slátrun og vinnslu á alifuglakjöti og rekur kjúklingaeldi á sjö stöðum á landinu. Síld og fiskur ehf., öðru nafni Ali matvörur, framleiðir matvæli úr svínakjöti og er skráður rekstraraðili á að minnsta kosti þremur svínabúum landsins. Eggert Árni Gíslason er stjórnarformaður félaganna Síld og fiskur ehf., Matfugl ehf. og Mata ehf. en Guðný Edda Gísladóttir er skráður stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins Langisjór.

LL42 ehf. fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á rúmum 300 tonnum af kjöti og eggjum, þar af rúmum 130 tonnum af svínakjöti og 70 tonnum af nautakjöti. Áður hafði félaginu verið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 173,5 tonnum af búvörum frá ESB á fyrstu sex mánuðum ársins 2024, þar af 110 tonnum af svínakjöti.

Starfsemi eignarhaldsfélagsins LL42 eru fjárfestingar í hlutabréfum og verðbréfum samkvæmt ársreikningi. Félagið er í hundrað prósenta eigu Stjörnugríss hf. sem er rekstraraðili sjö svínabúa hér á landi. Geir Gunnar Geirsson er stjórnarformaður beggja félaga.

### *Yfir 600 tonn til Innnes*

Þá fékk Innnes ehf. úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á rúmum 290 tonnum af búvörum við niðurstöðu síðustu tilboðsmarkaða, þar af fyrir 85 tonnum af ostum og ystingum, 50 tonnum af nautgripakjöti og 61 tonni af alifuglakjöti.

Áður hafði félagið hlotið tollkvóta fyrir innflutningi á tæpum 319 tonnum af búvörum frá ESB á fyrstu sex mánuðum ársins 2024. Eignarhaldsfélagið Innnes rekur heildverslun með vörur til sölu í verslunum og til stóreldhúsa. Félagið er í 100 prósenta eigu Dalsnes ehf. og er Ólafur Björnsson einn eigandi þess.

### *Matvöruverslanir fengu tollkvóta*

Heildverslunin Aðföng fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 252 tonnum af búvörum nú en hafði áður verið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á rúmum 150 tonnum á fyrstu sex mánuðum ársins frá ESB.

Aðföng er í eigu Haga hf. sem rekur m.a. matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, Olís og ÓB stöðvarnar og fyrirtækin Eldum rétt og Bananar ehf. en það síðastnefnda fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 10 tonnum af sérostum.

Krónan ehf. fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 260,5 tonnum af landbúnaðarvörum frá 1. júlí 2024 og hafði áður fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 390,5 tonnum af búvörum á fyrstu sex mánuðum ársins.

Í gögnum matvælaráðuneytisins um úthlutun tollkvóta á landbúnaðarvörum sést að Ekran fékk úthlutað ESB og WTO kvótum fyrir innflutningi á 222 tonnum af búvörum en hafði áður fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 215 tonnum á fyrstu sex mánuðum ársins frá ESB.

### *Nýr innflutningsaðili*

Háihólmi ehf. er fyrirtæki sem fékk í fyrsta sinn úthlutað tollkvótum í fyrra. Félagið er skráð sem heildverslun sem sinnir smásölu á kjöti og kjötvöru í sérverslunum.

Frá stofnun þess í fyrra hefur félagið fengið úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á nær 370 tonnum af kjöti, þar af um 144 tonnum af nautakjöti. Birgir Karl Ólafsson er einn eigandi félagsins en hann átti það ásamt Ólafi Þór Jóhannessyni og Árna Pétri Jónssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, þar til í nóvember síðastliðnum.

Önnur fyrirtæki sem fengu úthlutað tollkvótum samkvæmt tilkynningu matvælaráðuneytisins voru félögin Danól, Garri, Heimkaup, Kjötmarkaðurinn, Lífland, Market ehf, Mini Market, Mój Market, Nathan & Olsen, OJK-Ísam, OMAX, Samkaup, Sláturfélag Suðurlands og Sólstjarnan.

*/ghp*



Í versluninni má fá ýmsar helstu nauðsynjar og handverk en kaffihúsið er líka mjög lokkandi og hanga þar uppi fróðleg söguskilti um svæðið.



Kaupfjelagið stendur í hjarta þorpsins og þjónustar heimamenn og ferðafólk um helstu gögn og nauðsynjar.

# Gamalt kaupfélagsgóss

Í gömlu verslunarhúsi á Breiðdalsvík, Kaupfjelaginu, er lítil matvöru- og gjafavöruverslun, ásamt notalegu kaffihúsi þar sem meðal annars fæst óskaplega góð gulrótarkaka. Þarna hafa verið nokkrar búðir gegnum tíðina og gengið á með skini og skúrum í verslunarrekstrinum. Við tiltekt fyrir um áratug fannst alls konar dót á háaloftinu, svo sem sláturhússföt, skór og gamlir verðlistar frá Sambandinu sem sýndu hvert vöruverð var áratugum. Í efstu hillum Kaupfjelagsins má líta gamlar vörur sem voru til sölu um miðja síðustu öld eða svo. Eflaust yljar það einhverjum um hjartarætur að sjá ýmislegt sem áður var til á hverjum bæ en hefur orðið nútímanum, þeirri skrítnu skepnu, að bráð. /sá



Þessi vaski Kaupfjelags-starfsmaður þvoði sjávarseltuna af rúðum kaffihússins svo fögur útsýnin nyti sín. Myndir / sá




Hjartaklúbbs-lyftiduft, gulur Bragi, kakó, malt og blár Royal lyftiduftsbaukur í bökunarvörunni ásamt gulum sumarbollum.



Pálar og rekur í gjarðatunnu, Sambands-lambalifur og fræ sáðmannsins.



Gömul járn-Husqvarna-2000, skótau, smekklegt hliðarveski, sundgleraugu, hárkrem og lindarpennar.



Fljótandi Mjallarbón, Winchester-skot, gúmmískór, spúnar, joðkvars-lampaperur og betrekks-sýnishorn.



Útvarp, Philips-kassettur, eldspýtur í úrvali, Agfa-segulband, kúrekastígvél, barnagull, rafhlöður, barnaföt og -skór.

## Vísnahornið

**Fyrir utan Stein Steinar og Guðmund Böðvarsson er það Hjálmar Freysteins sem ég hef mjög hrifist af.**

*Í kringum allt og ekki neitt*
*ókunnur máttur knýr oss*
*hraðar, hraðar.*
*Og enginn spyr, hvort ljúft*
*sé eða leitt.*
*Löng er vor ferð.*
*Vér nemum aldrei staðar.*

Sagði **Steinn Steinar** og orti að sögn líka þessa, sem fleyg varð:

*Hýsi ég einn mitt hugarvíl,*
*hrundir engar þekki.*
*Sumir hafa sexappeal,*
*en sumir hafa það ekki.*

Steinn mun hafa ort:

*Fellur ofan fjúk og snær.*
*Flest vill dofa ljá mér.*
*Myrk er stofa, mannlaus bær.*
*Má ég sofa hjá þér?*

Til Tómasar Guðmundssonar orti hann:

*Hér situr Tómas skáld með*
*bros á brá.*
*Bjartur og hreinn sem fyrsta*
*morgunsárið.*
*Ó, vinur minn hve sorglegt*
*er að sjá*
*að sálin skuli gråna fyrr*
*en hárið.*

**Guðmundur á Kirkjubóli** orti:

*Stundin sú er sumar bar*
*og sól í fangi.*
*Hún mun hljótt og lengi, lengi*
*leika á þína hugarstrengi.*

*Hjörtun dreymir, bylgjast blær*
*björtu heimur krýnist.*
*Stundin gleymist, gatan hlær,*
*grundin streyma sýnist.*

*Mútur bjóðast, böðlar tryllast,*
*blása í glóðina.*
*Ertu þjóð mín ekki að villast*
*út í móðuna.*

*Gott er að koma að garði þeim*
*sem góðir vinir byggja.*
*Þá er meira en hálfnað heim*
*hvert sem vegir liggja.*

**Hjálmar Freysteins** var snjall.

*Hátíðin, hún var að byrja,*
*þá hrópar Steingerður Yrja;*
*„Svein vil ég ei,*
*ég segi sko NEI."*
*Samt var nú enginn að spyrja!*

Hjálmar var manna fyndnastur:

*Veturinn búinn, breytir allt*
*um svip,*
*brátt grænkar jörðin.*
*Vorboðinn ljúfi,*
*skemmtiferðarskip,*
*skríður inn fjörðinn.*

Meira um ferðaþjónstuna:

*Á ferðamönnum gaman er*
*að græða,*
*frá gálausum aleigan fauk.*
*Þeir ríkustu hafa ráð á*
*að snæða,*
*rúnnstykki á Gamla Bauk.*

*Ferðaþjónusta er fangaráð,*
*frá því er rétt að skýra.*
*Síðar mun hennar saga skráð:*
*Sagan af brauðinu dýra.*

*Vorið góða grænt og hlýtt,*
*á gamansemi lumar.*
*Allt er núna orðið hvítt,*
*enda komið sumar.*

Þetta vor er ekkert einsdæmi.

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
mhalldorsson0610@gmail.com



Um helmingur þess nautakjöts sem hingað hefur verið flutt inn á árinu kemur frá Þýskalandi. Mynd / Emerson Vieira

# Minni innflutningur og meiri framleiðsla

**Um 300 tonn af nautakjöti voru flutt inn á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2024.**

Samkvæmt tölum Hagstofunnar er það rúmlega 50 tonnum minna en á sama tíma í fyrra.

Um helmingur kjötsins sem flutt hefur verið inn í ár kemur frá Þýskalandi en auk þess var kjöt flutt inn frá Danmörku, Hollandi, Írlandi, Póllandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Japan, Belgíu og Finnlandi.

Hagstofan heldur einnig utan um tölur um kjötframleiðslu en samkvæmt þeim var framleitt um 1.640 tonn af nautakjöti á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2024. Er það ívið meira en á sama tíma í fyrra þegar um 1.560 tonn af nautakjöti voru framleidd hér á landi.

Innflutningur á nautakjöti jókst um 48% milli áranna 2022 og 2023 skv. frétt Hagstofunnar og hefur aldrei verið meiri á einu ári. Þá voru flutt inn 1.344 tonn í heildina. */ghp*

# Heitt vatn óskast

**Bláskógaveita, sem er í eigu sveitarfélagsins Bláskógabyggð, hefur óskað eftir tilboðum í borun eftir heitu vatni.**

Borun fer fram í tveimur vinnsluholum í samræmi við prufuholur og rannsóknir ÍSOR. Annars vegar í vestur-jaðri þéttbýlis í Reykholti og hins vegar að Laugarvatni við hlað menntaskólans. „Við þurfum að efla heitavatnsbúskapinn hjá okkur bæði í Reykholti og að Laugarvatni. Það hefur átt sér stað mikil uppbygging í Reykholti á síðustu árum.

Íbúðarhúsum hefur fjölgað mjög og garðyrkjustöðvar hafa stækkað. Hótel reis fyrir nokkrum árum og er hugað að stækkun þess. Við sjáum fram á að framhald verði á uppbyggingunni á næstu misserum. Að Laugarvatni er einnig að eiga sér stað veruleg uppbygging," segir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs hjá Bláskógabyggð.



Kristófer Tómasson.

Tilboðum á að skila eigi síðar en fimmtudaginn 20. júní kl. 11. */mhh*




## Bændasamtökin:

# Óhrædd að takast á við áskoranir

**Tilkynnt var um ráðningu Margrétar Ágústu Sigurðardóttur í starf framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands á dögunum og tekur hún til starfa 1. ágúst nk. Margrét segist ekki veigra sér við að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem fram undan eru í starfi samtakanna.**

„Ég hef alltaf verið svakalega heilluð af bændum og hef alltaf borið mikla og djúpa virðingu fyrir atvinnugreininni, landbúnaðinum sem slíkum. Mér finnst starfið áhugavert og er ég sá það auglýst var ég sannfærð um að ég gæti gert bændum og samtökunum gagn. Fyrir utan það hef ég haft gríðarlegan áhuga á íslenskum landbúnaði alla tíð og fannst því tilvalið að sækja um starfið. Það eru miklar áskoranir fram undan sem ég er sannfærð um að samtökunum muni vegna vel úr hendi."

Margrét Ágústa, sem er alltaf kölluð Magga, er á 41. aldursári, fædd og uppalin í vesturbæ Reykjavíkur. Hún er dóttir hjónanna Sigurðar Árnasonar krabbameins- og lyflæknis og Helgu Erlendsdóttur, lífeindafræðings og klínísks prófessors. Margrét á tvö börn, Matthildi Helgu að verða 14 ára og Árna að verða 10 ára, og er í sambandi með Daða Hrafnkelssyni tannlækni. „Hann á fjögur börn á aldrinum 11–25 ára þannig að það er líf og fjör þegar fjölskyldan kemur öll saman," segir Margrét.

Hún á þrjú systkini, tvö á lífi. „Ég missti bróður minn úr heilaæxli þegar ég var 29 ára og hann 35 ára. Það hefur verið minn stærsti skóli í lífinu og í gegnum þann harmleik lærði ég að gefa óþarfa hlutum ekki of mikið rými. Hversdagslegir hlutir verða ekki að neinu í samanburði við það að upplifa svona sorg. Þess vegna er ég kannski enn jákvæðari að eðlisfari eftir missinn. Ef það koma upp vandamál þá leysir maður þau bara."

Margrét er lögfræðingur og hefur starfað sl. sex ár hjá endurskoðunarfyrirtækinu PwC. Áður starfaði hún hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu í tæp sjö ár.

„Hjá PwC hef ég verið að sinna ýmsum málum, ekki bara út frá skattalegum sjónarhornum heldur út frá ýmsum lögfræðilegum álitaefnum, í raun hverju nafni sem nefnist," segir Margrét. Hún telur að sérfræðiþekking hennar í Evrópurétti geti nýst samtökunum vel. „Ég er sérfræðimenntuð í evrópskum og alþjóðlegum skattarétti, sú þekking mun vonandi koma að gagni þegar kemur að því að nálgast tollamál og tollverndina og annað, það sem snýr að ESB-regluverkinu, sem kemur í gegnum EES-samninginn og hvernig slíkt er útfært í íslenskri löggjöf og regluverki. Þess utan vann ég lengi vel í ráðuneytinu og vann þá náið með þinginu. Stjórnsýslan er mér því vel kunn."

***Vildi verða bóndi***

Þrátt fyrir að vera borgarbarn er Margrét með sterkar taugar til sveitarinnar og sleit meðal annars barnsskónum á bænum Seglbúðum í Landbroti við Kirkjubæjarklaustur, þaðan sem hún er ættuð.

„Frændur mínir báðir voru ábúendur á jörðinni á mínum uppvaxtarárum og nú er annar þeirra ábúandi, ásamt konu sinni, á jörðinni. Áður fyrr vorum við með hrossin okkar þar í lengri tíð og



Margrét Ágústa skellti sér í hestaferð um helgina. Riðið var við Mýrdalsjökul og nágrenni. Gæðingurinn heitir Hrappur frá Árbæjarhjáleigu II. Mynd / Einkaeign

tókum þátt í ýmsum bústörfum og ekki síst réttunum á haustin. Mér fannst allra skemmtilegast að taka þátt í heyskap en man sérstaklega vel eftir því þegar Gunni, stóri frændi minn, kastaði mér í hlöðuna, fulla af nýslegnu heyi, og ég missti andann í fyrsta skipti. Ég var búin að gleyma þessu þar til nú en ég þarf klárlega að minna hann á þetta. Í dag erum við fjölskyldan með bústað sem afi og amma komu sér upp," segir Margrét, en amma hennar hét Margrét Helgadóttir og var hún systir Jóns Helgasonar, fyrrum landbúnaðarráðherra og Framsóknarmanns. Þrátt fyrir að vera komin af Framsóknarkyni segist Margrét óflokksbundin. „Það er sama hvaðan gott kemur, þvert á flokkspólitík."

Hún ætlaði snemma að verða bóndi. „Ég var í eilífðarstríði við Ófeig, frænda minn, um hver yrði betri bóndi. Ég var á þeim tíma mun sterkari en hann og gat stokkið yfir girðingar og náð hvaða hrossum og kindum sem var. Þess utan fór ég miklu fyrr að keyra bíl en hann og það hugnaðist honum illa. Hann fór stundum, eða reyndar mjög oft, í fýlu, enda krakki einu ári yngri, og kannski bara af því að ég vann hann í sjómann eða gat bakkað betur í stæði, þá níu ára. Ég var frekar kotroskinn krakki, vildi helst vera með fullorðna fólkinu og taka þátt í samfélagsumræðunni. Ég hef í raun og veru verið alveg ótrúlega óþolandi. Ég hafði alltaf skoðanir á öllu og hef enn. Krefjandi og kannski bara almennt frekar erfið, sérstaklega fyrir tólf ára aldurinn."

Margrét stundar hestamennsku af miklum móð og kláraði nýlega nám í Reiðmanninum hjá Endurmenntun LbhÍ. Hún segir að hápunktur dagsins og hennar hugleiðsla felist í að fara í hesthúsið eftir amstur dagsins og sumrin eru jafnan undirlögð hestaferðum.

„Ég og kærastinn eigum núna samtals fimm hross og mig grunar að stóðið fari stækkandi. Framan af var ég mikið á heimaræktuðu. Við pabbi ræktuðum undan Mósu frá Hemlu, sem er meri sem var keypt handa bróður mínum heitnum á sjö þúsund krónur á sínum tíma. Hún var svakalega krefjandi og viljug, mögulega eins og ég var kannski. Núna erum við með síðasta heimaræktaða hrossið á húsi, sem er í reynd fjórði og síðasti ættliðurinn í ræktuninni okkar pabba míns."

***Tilbúin í samtalið***

Margrét segist hlakka til samræðna við bændur. „Það sem heillar mig við starfið er að fá að tala við fólk. Þegar ég var barn voru mínar helstu gæðastundir með pabba þegar við rúntuðum um sveitirnar og heimsóttum bændur. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa hitt algjörar kempur eins og Villa á Hnausum, sem var einbúi í Meðallandi. Mér er einnig mjög minnisstætt að hafa heimsótt Þórð í Haga í Skorradal. Hann var með eitt auga og eitt sinn þegar við komum til hans var hann að gefa músum ostbita úr hendinni."

Hún lítur björtum augum á nýja starfið og ætlar að láta hendur standa fram úr ermum.

„Mér finnst mikilvægt að samtökin séu í miklu og beinu samtali við félagsmenn. Eftir að ég tek til starfa 1. ágúst næstkomandi langar mig fyrst og fremst að eiga beint samband við félagsmenn, og þá byrja á því að eiga fundi með hverri búgreinadeild fyrir sig og heyra beint frá hverri deild hvað hún telur gott og hvað megi bæta í starfi samtakanna. Í framhaldi langar mig að sækja bændur heim og ræða beint við þá. Ég hlakka mikið til þess, enda ráðin til þess að gæta hagsmuna stéttarinnar í hvívetna." */ghp*

can-am®

# MIKIÐ UPPFÆRT 2024 OUTLANDER 6X6




**2024 ÁRGERÐIN ER LENT.
SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.**

ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND BRP

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.


Lóungi. Pedro segir hreiður hafa spillst og ungar króknað. Myndir / Aðsendar

# Fuglum fækkar vegna óveðurs

**Samkvæmt fuglatalningu varð algjört hrun í fjölda fugla á Norðausturlandi þegar óveður skall á í síðustu viku.**


Pedro Rodrigues.

Pedro Rodrigues, framkvæmdastjóri Rannsóknastöðvarinnar Rifs á Melrakkasléttu, segir að umtalsverð fækkun fugla á svæðinu sé staðreynd.

„Það er allt mögulegt sem gerist í svona áfalli. Hreiður spillast, ungar krókna og fuglar flýja af staðnum og geta jafnvel komið sér fyrir á öðrum svæðum,“ segir Pedro en bætir við að fuglapör í góðu ástandi geti haldið utan um hópinn sinn og komið þeim upp, jafnvel í svona veðri. Þó áfallið sé mikið núna þurfi það ekki að hafa varanleg áhrif. Ef næsta vor verður skaplegt geti fuglalífið náð sér alveg á strik aftur. En ítrekuð hríðarveður ár eftir ár geti haft varanleg skaðleg áhrif.

„Þessir öfgar í veðurfari sem við erum að upplifa um allan heim eru líklegir til að halda áfram og þá auðvitað má búast við meiri hörmungum,“ segir hann.

Pedro, sem er frá Azoreyjum, hefur starfað hjá Rannsóknastöðinni Rifi í þrjú ár. Hann segist afar ánægður á Raufarhöfn, samfélagið sé gott og umhverfið fallegt. „Konan mín býr í Njarðvík en hún elskar líka Raufarhöfn og kemur eins oft og hún getur. Við erum búin að kaupa okkur hús hér á Raufarhöfn og njótum þess mjög að vera hér á þessum dásamlega stað.“

Rannsóknastöðin Rif átti tíu ára afmæli í maí á þessu ári. Hún var fyrst rekin sem sjálfstæð stofnun en er nú hluti af Náttúrustofu Norðurlands. Stöðinni er ætlað að efla rannsóknarstarf á Melrakkasléttu en þar er kjörlendi rannsókna á vistkerfi norðurslóða og áhrifa loftslags á vistkerfið. /bs







## Búvörusamningar:

# Samtalið hefst í júní

**Núverandi búvörusamningar gilda til og með 31. desember 2026. Því ætti nýtt stuðningskerfi í landbúnaði að taka við frá og með 1. janúar 2027. Í bókun við endurskoðun búvörusamninga í byrjun árs kemur fram að samningsaðilar séu sammála um að hefja þegar samtal um starfsumhverfi landbúnaðar í heild sinni til framtíðar.**


Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir samtökin tilbúin til að hefja vinnu við gerð nýrra búvörusamninga. Mynd / ghp

Síðan þá hafa orðið mannabreytingar meðal samningsaðila, bæði í stól matvælaráðherra og stjórn Bændasamtaka Íslands. Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir samtökin ætla að reyna að ná samtali við Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur matvælaráðherra nú í júní.

„Við höfum komið þeim skilaboðum bæði til fyrri ráðherra og núverandi ráðherra að Bændasamtökin eru tilbúin til að fara af stað í þessa vinnu. Hvernig við hefjum starfið er óunnið enn þá, þannig lagað. Við þurfum að hafa sameiginlega sýn á það, ráðuneytið og Bændasamtökin, hvernig við ætlum að gera þetta,“ segir Trausti.

### *Óvíst að afkomuvandinn sé kerfislægur*

Stjórnir viðkomandi búgreinadeilda leiða vinnu við að móta áherslur hverrar búgreinar í komandi samningaviðræðum að sögn Trausta.

„Ef ég horfi á þetta út frá Bændasamtökunum þá er mín draumsýn sú að búgreinadeildirnar haldi áfram með sína undirbúningsvinnu að samningum sem snúa að hverri búgrein. Við þurfum að horfa til þess að margt í búvörusamningunum í dag er gott og við ætlum ekki endilega að henda þeim öllum. Við ætlum að byggja ofan á það sem bændur eru ánægðir með. Í mínum huga þarf að hugsa nýja búvörusamninga út frá rekstrarafkomu landbúnaðarins og að þær breytingar sem lagðar verða til muni tryggja betri afkomu bænda. Það hefur enginn bent nákvæmlega á hvort afkomuvandi bænda sé kerfislegur vandi út af búvörusamningum eða hvort annað í umhverfi okkar valdi honum.“

Trausti segist vilja nálgast verkefnið á grundvelli samtala við ráðuneytið.

„Kröfugerð fyrir nýja búvörusamninga er ekki tilbúin, við eigum til kröfugerð Bændasamtakanna sem var lögð fyrir ráðuneytið haustið 2023 og eflaust munum við styðja okkur að einhverju leyti við hana. Þetta er samningaferli tveggja aðila. Ég sé þetta þannig fyrir mér að við förum bara mjög skipulega í gegnum búvörusamningana sem eru í gildi, hvað sé að virka vel og hvað við ætlum að nota áfram og hverju við viljum bæta inn sem gerir starfsumhverfi bænda betra. Langlíklegast til árangurs er að öðlast sameiginlega sýn á það hvernig ríkið og Bændasamtökin ætli að vinna þessa vinnu. Það verður að vera leiðarstef í þessari vinnu að samningarnir uppfylli markmið laganna um afkomu þeirra sem landbúnað stunda. Það er algjört lykilatriði.“

Vísar hann þar í fyrstu grein búvörulaga þar sem segir að tilgangur laganna sé meðal annars sá *„að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta“*.

### *Framlegðaraukning styrkleiki núverandi kerfis*

Núverandi stuðningskerfi landbúnaðarins byggir á þremur meginstoðum; framleiðslustuðningi, markaðsaðgerðum og tollvernd. Megnið af framleiðslustuðningnum og markaðsaðgerðum eru skilgreind í búvörusamningunum sem skipt er í fjóra hluta: Samning um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar, samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Trausti segir að núverandi samningar hafi ýmsa styrkleika. „Kerfið sem við erum með í dag hefur ýtt undir ákveðna hagkvæmni í landbúnaði. Það hefur ýtt undir aukna framleiðslu eftir hvern grip og af því leiðir loftslagsvænn ávinningur af því hver gripur er að framleiða meira. Án þess að fjölga kúm og kindum þá erum við að einbeita okkur að því að hver gripur sé betri framleiðslueining. Samningarnir hafa skilað þessu.“

### *Gera þarf betur við allar búgreinar*

Búgreinatenging stuðningskerfisins í dag er mikil og í skýrslu matvælaráðuneytisins og LbhÍ, sem kom út í mars, er lagt til að við endurskoðun landbúnaðarstuðningskerfisins verði hugað að því að meirihluti hans verði ekki bundinn við framleiðslu á einstökum landbúnaðarafurðum.

„Það þarf að auka stuðning við landbúnað á Íslandi, það hefur einfaldlega sýnt sig á undanförnum árum og ríkið viðurkennt það með því að veita auknu fjármagni til landbúnaðarins. Mín nálgun er fyrst og fremst sú að við þurfum að gera betur við allar greinar landbúnaðarins. Það þarf að leggja áherslu á rekstrargrunn bænda og tryggja þeim afkomu svo að þeir geti mætt aukinni eftirspurn innanlands og íslenskum kröfum um framleiðsluhætti og gæði. Verkefnið okkar er að vinna að því markmiði með stjórnvöldum. Ég sé engar hindranir í þeirri vinnu. Það sem þarf er að allir aðilar séu sammála um að gera betur fyrir íslenskan landbúnað heldur en hefur verið gert og þá eru okkur allir vegir færir,“ segir Trausti. /ghp

# Aðstoðarmenn Bjarkeyjar

**Bjarki Hjörleifsson og Pálína Axelsdóttir Njarðvík hafa verið ráðin sem aðstoðarmenn matvælaráðherra.**


Bjarki er frá Stykkishólmi og Pálína frá Eystra-Geldingaholti. Mynd / mar

Bjarki er fæddur árið 1989 og alinn upp á Stykkishólmi. Hann var sjálfstæður atvinnurekandi í matvælageiranum á árunum 2013 til 2018 þar sem hann rak meðal annars pitsustað og matarvagn. Bjarki útskrifaðist með BA-próf í stjórnmálafræði frá HÍ árið 2019. Hann var kosningastjóri hjá Vinstri grænum í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar árin 2017 og 2021. Enn fremur var hann skrifstofustjóri á flokksskrifstofu VG árin 2019 til 2020. Þá var hann starfsmaður þingflokks VG frá 2020 þangað til hann fylgdi Bjarkeyju í matvælaráðuneytið í vor.

Pálína er fædd árið 1991 og ólst upp á Eystra-Geldingaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hún útskrifaðist sem stúdent frá Kvennaskólanum árið 2011. Þá útskrifaðist hún með BSc.-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2016 og MSc.-gráðu í félagssálfræði árið 2019. Á árunum 2020 til 2022 starfaði hún sem sérkennslustýra og vann hún sem ráðgjafi hjá Attendus frá 2023 til 2024. Pálína hefur frá árinu 2015 haldið úti Instagramreikningnum @farmlifeiceland þar sem hún gefur innsýn í dagleg störf á sauðfjárbúi. Þar er hún með rúmlega tvö hundruð og sjötíu þúsund fylgjendur. /ál


VORTILBOÐ 2024
FÆST Í VEFVERSLUN
VANTAR ÞIG PLÁSS?
Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin...
Hugmyndir af útfærslum
Verkfærageymsla
Hobby herbergi
Sauna
Skrifstofa
NÝTT
EYRI - 15 fm
25% afsláttur
1.193.000 kr.
895.000 kr.
OPIÐ FYRIR PANTANIR
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
STAPI - 14,98 fm
25% afsláttur
1.100.000 kr.
825.000 kr.
NÝTT
NAUST - 14,44 fm
30% afsláttur
850.000 kr.
595.000 kr.
HLÍÐ - 10 fm
25% afsláttur
732.000 kr.
549.000 kr.
Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar kofaroghus.is
Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð
BREKKA 34 - 9 fm
25% afsláttur
692.000 kr.
519.000 kr.
www.kofaroghus.is - Sími 553 1545
KOFAR OG HÚS
Síðan 2012




Frá undirritun samnings um 3,2 milljarða króna fjármögnun: F.v. Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar, Thomas Östros, varaforseti Evrópska fjárfestingarbankans, Lucie Samcová-Hall Allen, sendiherra ESB á Íslandi og Hrund Pétursdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar. Mynd / Byggðastofnun

Byggðastofnun:

# Opnað fyrir milljarða króna fjármögnun

**Lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi fá aðgengi að 3,2 milljarða króna fjármögnun í gegnum InvestEU-áætlun Evrópusambandsins.**

Evrópski fjárfestingasjóðurinn (e. European Investment Fund/EIF), sem er í eigu Evrópusambandsins, hefur undirritað samning við Byggðastofnun um bakábyrgðir að upphæð allt að 3,2 milljörðum króna, vegna nýrra útlána til yfir 50 lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ábyrgðin er studd af InvestEU-áætlun Evrópusambandsins.

Nýjar lánveitingar Byggðastofnunar verða með sveigjanlegri skilmálum, til að styðja meðal annars við unga bændur, viðkvæm byggðarlög og konur í frumkvöðlastarfsemi.

*Fengu lán vegna kynslóðaskipta*

Verkefnið nú er annað ábyrgðasamkomulag Byggðastofnunar og EIF. Fyrra samkomulagið (COSME Loan Guarantee Facility) bætti aðgengi íslenskra fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á árunum 2021–2023.

Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun var þá 31 búi veitt lán, alls að andvirði um þriggja milljarða króna, vegna kynslóðaskipta í landbúnaði.

Kom COSME-ábyrgðarkerfið að lánveitingum til 70 aðila sem námu alls 4,3 milljörðum króna.

Hið nýja samkomulag við Byggðastofnun er hins vegar fyrsta ábyrgðasamkomulagið á Íslandi sem er stutt af InvestEU-áætlun Evrópusambandsins. Aðild Íslands að henni var staðfest í fyrra. Um er að ræða 26 milljarða evra ábyrgðarsjóð sem ætlað er að virkja fjárfestingar upp á um 370 milljarða evra, þar af um 30% til loftslagsverkefna.

*Leið til að jafna lífskjör*

Við undirritun samkomulagsins 6. júní sagði Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar, að Ísland væri eitt af dreifbýlustu löndum heims, með aðeins fjóra íbúa á hvern ferkílómetra.

„Því til viðbótar býr um 80% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu sem leiðir af sér víðfeðm svæði þar sem fáir eða engir búa. Innviðauppbygging í dreifðum byggðum er krefjandi og kostnaðarsöm. Ábyrgðakerfi InvestEU veitir Byggðastofnun nauðsynleg úrræði til að veita mikilvæga og hagkvæma lánamöguleika í landsbyggðunum til að jafna lífskjör allra landsmanna," sagði Arnar Már. */sá*

Eruð þið tilbúin í ÆVINTÝRI?
ODES



ODES 650, 850, 1000
STYRKUR OG KRAFTUR!

ODES 650 TVEGGJA MANNA FJÓRHJÓL 4X4 Verð: 1.690.000 kr m/vsk
ODES 850 TVEGGJA MANNA FJÓRHJÓL 4X4 Verð: 1.990.000 kr m/vsk
ODES 1000 TVEGGJA MANNA FJÓRHÓL 4X4 Verð: 2.390.000 kr m/vsk

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Garðyrkja:

# Halla færir út kvíarnar

**Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjuframleiðandi og eigandi garðyrkjustöðvanna á Hverabakka og Melum hjá Flúðum, sagði nýlega skilið við Sölufélag garðyrkjumanna.**

Vörum hennar er nú dreift og þær seldar undir merkjum nýs vörumerkis, Sólskins grænmetis.

Þrjú ár eru síðan Halla Sif tók við rekstri Gróðurs á Hverabakka, þar sem undirstaða reksturs er framleiðsla sólskinstómata og útiræktun grænmetis. Fyrir tæpu ári síðan festi Halla Sif, ásamt viðskiptafélaga sínum Torfa G. Yngvasyni, kaup á garðyrkjustöðinni Melum, þar steinsnar frá, en henni fylgdi m.a. Litla bændabúðin á Flúðum. Á stöðvunum tveimur er framleitt mikið magn af grænmeti; tómatar, gúrkur, paprikur, blómkál, spergilkál, sellerí og kúrbítur svo eitthvað sé nefnt en Halla giskar á að hlutfall smátómataframleiðslu fyrirtækisins sé rúmlega þrjátíu prósent af íslenska markaðnum.

*Sá ekki framtíð í Sölufélaginu*

Eins og margir garðyrkjubændur nýtti Halla sér þjónustu Sölufélags garðyrkjumanna sem tekur að sér pökkun, dreifingu og kynningarstarf á íslensku grænmeti. Eigendur garðyrkjustöðvanna tveggja, sem Halla keypti, eiga enn hver sinn tíu prósenta eignarhlut í Sölufélaginu sem fylgdu ekki kaupunum. Halla átti því aðeins lágmarkshlut en var tiltölulega stór innleggjandi.

Eftir að hafa legið yfir rekstrargreiningum varð hún sannfærð um að breytt dreifingarkerfi væri rétt leið til að byggja fyrirtæki sitt upp á réttan hátt á næstu árum.

„Þegar þú ert með mjög skuldsettan rekstur þarftu að rýna í hverja einustu krónu. Við vorum að greiða Sölufélaginu fyrir flutning, alla þjónustu auk söluþóknunar. Eftir yfirlegu sáum við að það yrði hagkvæmara fyrir okkur að gera þetta sjálf, að reyna frekar að mynda sem mest eigið fé inni í rekstrinum með þessum hætti. Ég sá því miður ekki fram á að ég myndi á næstu árum geta lagt út peninga til að kaupa hlut í sölufélaginu sem væri í réttu hlutfalli við það sem ég er að leggja inn."

Skrefið var tekið nú í vor þegar vörumerkið Sólskins fór að birtast í grænmetishillum matvöruverslana.

*Kostnaðarsamt í upphafi*

Þessari breytingu fylgdi þó mikill kostnaður. Fjárfesta þurfti í flutningabíl, tækjabúnaði og fjölnota kössum ásamt þeirri vinnu sem felst í þróun, hönnun og markaðssetningu á nýju vörumerki. En þrátt fyrir þungan róður til að byrja með er skrefið tekið með langtímamarkmið í huga.



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir á og rekur tvær garðyrkjustöðvar hjá Flúðum, Hverabakka og Mela. Þar er framleitt mikið magn af grænmeti; tómatar, gúrkur, paprikur, blómkál, spergilkál, sellerí og kúrbítur svo eitthvað sé nefnt. Mynd / Aðsend

„Við erum að hugsa þetta til næstu tíu ára og við sjáum fram á að reksturinn verði í mjög góðum málum og hagkvæmari að hluta út af þessari breytingu."

Halla segir einnig gott að geta borið ábyrgð á sinni eigin vöru frá upphafi til enda. „Sumir hafa engan áhuga á þessum hluta ferilsins en við höfum reynslu af markaðs- og sölumálum og því var þetta verkefni sem við veigruðum okkur ekki við að taka til okkar sjálf þó allt ferlið síðustu mánuði sé búið að taka rækilega á."

*Hagkvæmni og sjálfbærni*

Einnig fylgja breytingunni ákveðin samlegðaráhrif, bæði í framleiðslu beggja garðyrkjustöðva og í mannauði. Ráðnir voru bæði dreifingar- og rekstrarstjóri sem einnig sinna störfum sem áður var aðkeypt.

„Við bárum náttúrlega sjálf litla ábyrgð á því hvað gerðist þegar vörurnar fóru út úr pökkunarhúsinu. En nú hefur opnast nýr heimur með alls konar nýjum áskorunum," segir Halla. Vörumerki fyrirtækisins hefur fengið nafnið Sólskins grænmeti og vísar það í hina rótgrónu sólskinstómata sem Hverabakki er þekktur fyrir. „Upprunalega yrki þeirra smátómata er ´sunstream´og þaðan kemur íslenska nafnið til að byrja með. Okkur hefur alltaf þótt vænt um þetta nafn og það kom eiginlega ekkert annað til greina en að fylgja því eftir."

Því má finna í búðum Sólskins gúrkur og í sumar munu svo bætast við Sólskins sellerí, blómkál, spergilkál og ýmislegt fleira. „Við erum að prófa okkur áfram með tegundir í tómötum og smágúrkum ásamt eggaldinum og paprikum."

Halla segir það skipta sig máli að hafa sem fæsta milliliði milli frumframleiðslunnar og neytandans. „Framleiðslan er dýr og því er mikilvægt að reyna að gera þetta á eins hagkvæmasta hátt og mögulegt er. Það er einnig ákveðin sjálfbærni fólgin í því að fylgja vörunni eftir allt frá framleiðslu til neytanda."

Langtímamarkmið Höllu er að koma upp stærri vinnsluaðstöðu þar sem hægt væri að vinna uppskeruna og geyma lengur til að lengja sölutímabil afurðanna og bjóða upp á breiðara vöruúrval. */ghp*

# Gusi á Skógasafn

**Fjölskylda Guðmundar Jónassonar hefur afhent snjóbílinn Gusa til varðveislu á Skógasafni.**

Bíllinn var smíðaður í Bombardier-verksmiðjunum í Kanada og keypti Guðmundur hann árið 1952. Gusi var útbúinn með einangruðu farþegarými, öflugri miðstöð og góðu plássi fyrir tólf farþega. Til þess að fylgjast með staðsetningu ökutækisins í jöklaferðum bætti Guðmundur við búnaði eins og áttavita, hæðarmæli og vegmæli sem dreginn var aftan við bílinn. Jafnframt var sett talstöð í farartækið, en á þeim tíma var notkun þeirra afmörkuð við siglingar.

Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá GJ Travel. Bifreiðin er í mjög góðu standi og getur enn náð 60 kílómetra hraða eins og þegar hún var ný. Að jafnaði var ekið á 25–30 kílómetra hraða í jöklaferðum og var farartækið vinsælt í krefjandi hálendis- og jöklaverkefni. Gusi var til að mynda mikið notaður í leiðöngrum Jöklarannsóknarfélags Íslands. */ál*




Signý Guðmundsdóttir afhendir snjóbílinn Gusa fyrir hönd fjölskyldu sinnar og Andri Guðmundsson, forstöðumaður Skógasafns, veitir farartækinu viðtöku. Mynd / Aðsend

BYD

BUILD YOUR DREAMS

# 100% RAFMÖGNUÐ FRAMTÍÐ MEÐ BYD

BYD ER STÆRSTA RAFBÍLAMERKI Í HEIMI







## BYD DOLPHIN

VERÐ KR. 5.490.000
**VERÐ KR. 4.590.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**60 Kwh rafhlaða. 427-559 km drægni
204 hestöfl**

## BYD SEAL 4X4

VERÐ KR. 8.490.000
**VERÐ KR. 7.590.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**82,5 Khw rafhlaða. 520-600 km drægni
530 hestöfl. 0-100 km / klst 3,8 sek**

## BYD SEAL U

VERÐ KR. 7.490.000
**VERÐ KR. 6.590.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**78 Kwh rafhlaða. 500-674 km drægni
218 hestöfl**







## BYD HAN 4X4

VERÐ KR. 9.990.000
**VERÐ KR. 8.090.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**80 kwh rafhlaða. 521-662 km drægni
0-100 km / klst, 3,9 sek. 517 hestöfl**

## BYD ATTO3

VERÐ KR. 6.490.000
**VERÐ KR. 5.590.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**60 kwh rafhlaða. 420-565 km drægni
204 hestöfl**

## BYD TANG 4X4

VERÐ KR. 11.998.000
**VERÐ KR. 11.090.000**
Verð með styrk frá Orkusjóði
allt að kr. 900.000

**87 kwh rafhlaða. 400-528 km drægni
517 hestöfl. 0-100 km/klst, 4,5 sek.**

KOMDU
OG REYNSLUAKTU,
VIÐ TÖKUM VEL
Á MÓTI ÞÉR

Nánari upplýsingar á byd.is

Vatt ehf. Skeifunni 17 / byd.is / soludeild@vatt.is / Sími 568 5100

vatt ehf

## Samkeppniseftirlitið:

# Sala Búvís stöðvuð

**Samkeppniseftirlitið hefur komið í veg fyrir að Skeljungur kaupi Búvís ehf. Þar sem síðarnefnda fyrirtækið er mikilvægur samkeppnisaðili á áburðarmarkaði.**

Talið var ljóst að samruni þessara tveggja fyrirtækja hefði haft skaðleg áhrif á markaði með innflutning á tilbúnum áburði. Búvís er mikilvægur keppinautur og því taldi Samkeppniseftirlitið (SKE) óhjákvæmilegt annað en að ógilda samrunann. Frá þessu er greint í frétt á vef stofnunarinnar.

Búvís hafi verið stofnað sem andsvar við verulegum verðhækkunum á áburði á sínum tíma vegna skorts á samkeppni. Fyrirtækið hafi breytt samkeppnisaðstæðum til hins betra með því að halda verði niðri og bjóða bændum bætta þjónustu og viðskiptakjör. Með samruna Skeljungs og Búvís telur SKE hætt við að markaðsaðstæður leiti í sama horf og fyrir stofnun síðarnefnda fyrirtækisins.

***Samkeppni umfram markaðshlutdeild***

Búvís sé öflugur keppinautur sem veiti öðrum fyrirtækjum samkeppni umfram það sem markaðshlutdeild gefi til kynna. Með samrunanum hefði burðugum keppinautum fækkað úr fjórum í þrjá, sem hefði leitt af sér meiri samþjöppun á fákeppnismarkaði en ásættanlegt þykir. Með fækkun keppinauta hefðu aðstæður til verðsamráðs orðið hentugri.

Rannsóknir SKE hafi gefið til kynna að samningsstaða bænda gagnvart þeim sem þjónusti landbúnaðinn sé veik, ásamt því að fjárhagsstaða bænda sé iðulega erfið. Stofnunin segir samrunaaðila ekki hafa lagt fram fullnægjandi upplýsingar, gögn eða skýringar þess efnis að samruninn hefði haft í för með sér hagræði sem mótvægi við þau skaðlegu áhrif sem ætla megi að hlotnist af samrunanum.

***Ekki hluti af kjarnastarfsemi***

Í skriflegu svari við fyrirspurn segir Þórður Guðjónsson, forstjóri




**Bræðurnir Einar og Gunnar Guðmundssynir hafa rekið Búvís frá stofnun.** Mynd / Aðsend

Skeljungs, að með þessum úrskurði sé fyrirtækið knúið til að endurskoða innflutning á áburði, enda sé það ekki hluti af þeirra kjarnastarfsemi og enginn starfsmaður í föstu starfi sem sinni þeirri hlið.

Tilgangur og markmið kaupanna hafi verið að færa áburðarinnflutning Skeljungs inn í Búvís og efla þannig starfsemi og samkeppnishæfni síðarnefnda fyrirtækisins á þessu sviði. „Í ljósi þess hversu lítil viðskipti um ræðir og hversu borðleggjandi okkur fannst að þetta myndi auka samkeppnishæfni Búvís á áburðarmarkaðinum töldum við að SKE myndi fagna þessu frekar en að hafna," segir í svari Þórðar. Hann gefur lítið fyrir þá fullyrðingu SKE að samrunaaðilar hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn, óskað eftir sáttaviðræðum eða lagt fram tillögur um mögulegum skilyrðum. Þvert á móti hafi Skeljungur lagt fram ítarlegar upplýsingar eins og óskað var eftir. Þá hafi fyrirtækið ekki talið að kaupin myndu falla undir þá skilgreiningu að þau yrðu skilyrt eða nauðsynlegt væri að leita sátta til að fá þau samþykkt.

Einar Guðmundsson hjá Búvís tekur í sama streng. Þeir hafi fundað með SKE í lok maí og skýrt sína aðstöðu. Stofnunin hafi ekki kallað eftir tillögum að skilyrðum eða boðið þeim upp á sáttaviðræður. Hvorki stjórnendur Búvís né Skeljungs hafa tekið afstöðu til þess hvort málið verði tekið lengra. */ál*







**Rúmlega þúsund nemendur eru í Fjölbrautaskóla Suðurlands og starfsmenn eru um 150 talsins. Fjölmennasta brautskráning í sögu skólans var í lok maí en þá útskrifuðust um 170 nemendur frá skólanum.** Mynd / mhh

## Fjölbrautaskóli Suðurlands:

# Fyrrverandi nemandi verður skólameistari

**Soffía Sveinsdóttir tekur við embætti skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi þann 1. ágúst næstkomandi.**

„Ég varð auðvitað kampakát en jafnframt auðmjúk og þakklát fyrir traust ráðherra. Umsækjendur voru fáir og því átti ég ágætis möguleika á stöðunni líkt og hinir en reyndi að hugsa lítið um það," segir Soffía aðspurð um viðbrögð hennar þegar hún fékk símtalið um ráðninguna. Sex sóttu um starfið.

„Ég er fyrrverandi nemandi skólans og þykir mjög vænt um skólann. Ég stefndi alltaf að stjórnunarstarfi í Menntaskólanum í Hamrahlíð (MH) þegar ég vann þar en síðan flutti ég á Selfoss og söðlaði um með því að hefja störf hjá Matvælastofnun. Þegar ég sá stöðu skólameistara auglýsta þá ákvað ég að láta slag standa, enda tækifæri sem kemur kannski einu sinni á starfsævinni," bætir Soffía við en skipunin nær til fimm ára.

Soffía fæddist í Reykjavík en er alin upp á Selfossi. Faðir hennar er Sveinn Sigurmundsson og er framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands og móðir hennar heitin hét Anna Atladóttir og var bankastarfsmaður. Soffía á þrjá bræður, þá Knút, Bjarna og Sölva. Maðurinn hennar er Elmar Viðarsson grunnskólakennari og eiga þau tvær dætur, Ernu Huld og Vigdísi Önnu.

***Kveður Matvælastofnun***

Soffía tekur við embættinu af Olgu Lísu Garðarsdóttur, sem hefur gegnt starfinu síðustu ár. Soffía vann í tæplega 19 ár í MH og hefur því góða þekkingu á starfsemi framhaldsskóla. „En ég hef núna verið tæp tvö ár hjá Matvælastofnun á Selfossi og sú reynsla mun nýtast mér gríðarlega vel, enda flókin og umfangsmikil stofnun. Ég á eftir að sakna Matvælastofnunar og starfsfólksins þar og kveð með trega. En svona er lífið, getur tekið óvænta stefnu og ég er full tilhlökkunar að takast á við ný verkefni. Skólinn er vinnustaður, sem gott orð fer af og ég tek við góðu búi af fráfarandi skólameistara," segir Soffía.

***Veðurfréttakona á Stöð 2***

Nýr skólameistari útskrifaðist með mastersprófi í efnafræði 2003 og hóf strax störf sem efnafræðikennari við MH. „Ég lauk diplóma í kennsluréttindum samhliða kennslunni fyrsta árið og bætti við mig MA í mannauðsstjórnun nokkrum árum síðar. Ég var lengst af deildarstjóri alþjóðlegrar námsbrautar í MH, sem heitir IB braut.




**Soffía er á kafi í hestamennsku og tekur þátt í mótum og ríður mikið út með pabba sínum. Hér er hún á keppnishestinum sínum, Skuggaprinsi frá Hömrum, í B-úrslitum í tölti í keppni á síðasta ári.** Myndir / Aðsendar



**Soffía Sveinsdóttir.**

Ég flutti til baka á Selfoss árið 2017, lauk diplómu í opinberri stjórnsýslu árið 2022 og það haust hóf ég störf hjá Matvælastofnun, sem sviðsstjóri vettvangseftirlits. Síðan hef ég sinnt ýmsum aukastörfum gegnum tíðina, t.d. verið ritari og þulur á kynbótasýningum í mörg ár, var fararstjóri í hestaferðum í nokkur sumur og vann sem veðurfréttakona á Stöð 2 í níu ár svo eitthvað sé nefnt," segir Soffía.

***Náttúrubarn***

Soffía hefur verið á kafi í hestamennsku frá því að hún man eftir sér og þá elskar hún að vera á fjöllum, hvort sem það er gangandi eða í hestaferð enda segist hún vera fyrst og fremst náttúrubarn.

„Ég hef verið með tvo til þrjá hesta á húsi á félagssvæði Sleipnis og er dugleg að ríða út og þjálfa. Við pabbi erum mikið saman í hestunum, sem er dýrmætt. Ég hef verið talsvert í keppnisstússi svo hestamennskan snýst mikið um þjálfun fyrir keppni. Það gerir þjálfunina markvissari að hafa markmið. Svo hef ég verið í liði Hvolpasveitarinnar í áhugamannadeildinni síðustu fjögur ár, sem er frábær félagsskapur," segir Soffía.

***Ætlaði að verða kokkur***

Soffía á sér mörg áhugamál, hún er til dæmis í hlaupahópnum Frískum Flóamönnum og svo hefur hún mikla ánægju af eldamennsku og bakstri.

„Sem unglingur langaði mig að verða kokkur en vinur minn, sem þá var kokkur, ráðlagði mér að eiga eldamennskuna sem áhugamál frekar en að leggja það fyrir mig, það var gott ráð," segir hún hlæjandi.

***Danmörk í sumar***

Nýi skólameistarinn segir að sumarið leggist mjög vel í sig og fjölskylduna. „Við erum á leiðinni til Danmerkur um miðjan júní, það er mikil tilhlökkun hjá öllum fyrir þeirri ferð. Annað hefur ekki verið planað í sumar, við ætlum bara að njóta góða veðursins í júlí, fara í útilegur, ríða út og kannski keppi ég á einu hestamóti. Maður á alltaf að líta á björtu hliðarnar, eða eins og Monty Python sungu um árið: „Always look on the bright side of life"," segir Soffía full tilhlökkunar. */mhh*

# Ég vil bara vera sprækur

*Einar Bárðarson*



Einar Bárðarson var farinn að finna fyrir verkjum í hnjám við áreynslu, til dæmis þegar hann gekk upp tröppur. Hann segir að Active JOINTS hafi hjálpað sér frá fyrsta degi og hann hafi því mikla trú á virkni þess.

„Fyrir um einu og hálfu ári las ég grein þar sem Hartmann reiðhjólamaður mælti með Active JOINTS frá Eylíf sem bætiefni fyrir liðina. Ég ákvað að prófa og fann mjög fljótt mikinn mun þannig að ég gæti að því að taka það inn daglega. Ef ég var kærulaus og gleymdi að taka Active JOINTS í nokkra daga fann ég mun á mér til verri vegar og passa því að sleppa ekki degi úr,“ útskýrir Einar.

„Ég fann fyrir sting undir hnéskelinni í tröppum og þegar ég reyndi á mig. Þetta er ekkert alvarlegt en ef maður finnur til veigrar maður sér við að gera ýmislegt sem annars er auðvelt. Ég vil vera sprækur eins og ég á að mér að vera,“ segir hann en Einar er þekktur fyrir að koma ýmsu í verk og er athafnasamur.

**Skiptir máli að varan sé íslensk**

Einar segir að vissulega skipti það miklu máli að varan sé að öllu leyti íslensk. „Ég treysti íslenskum náttúruvörum vel og finnst óþarfi að flækja hlutina ef það er hægt að fá góða vöru sem er framleidd hér heima,“ segir hann.

Eftir þá góðu reynslu sem hann hafði af Active JOINTS ákvað hann að prófa líka Happier GUTS frá Eylíf sem er sérhönnuð íslensk vara gerð til að styrkja meltingarkerfið. „Það var sama með Happier GUTS, ég fann fljótt bætta líðan. Betri melting sem skilar sér í allar áttir í kroppnum. Þannig að ég hef tekið Happier GUTS nánast óslitið síðan ég kynntist vörunni. Ég get mælt með Active JOINTS og Happier GUTS frá Eylíf þar sem þær vörur hafa reynst mér vel,“ segir hann.

Einar er önnum kafinn maður með ýmislegt á prjónunum. Til dæmis heldur hann úti vinsælum hlaðvarpsþáttum, Einmitt, sem hafa verið í loftinu frá árinu 2022. „Ég nýt þess að eiga samtöl við fólk sem ég hef mætur á og vil jafnvel kynnast betur, ekki er verra að geta síðan deilt því áfram og framleitt þætti sem fólk hefur gaman af að hlusta á. Það er bara frábært,“ segir hann. „Viðtökurnar hafa farið fram úr öllum væntingum og mér hefur þótt rosalega vænt um það.“

**Hengill Ultra Trail hlaupakeppnin**

Fram undan er landsmót utanvegahlaupara sem nefnist Hengill Ultra Trail en Eylíf er einmitt styrktaraðili hlaupsins. „Ég kom inn í þetta verkefni árið 2017 en á stuttum tíma hefur það sprungið út þrátt fyrir Covid og alls kyns uppákomur. Keppendur í ár verða um það bil 1.500, bæði innlendir og erlendir, þar á meðal eru um 150 erlendir hlauparar frá þrjátíu löndum. Hveragerði mun því breytast í alþjóðlega hlaupaborg yfir helgina 7.–8. júní. Eylíf mun færa keppendum í öllum greinum sem komast á pall verðlaunagjafir,“ greinir hann frá.

**Einar segist vel geta mælt með Active JOINTS fyrir alla hlaupara**

„Ég hef heyrt ánægju með vöruna frá mörgum hlaupurum,“ segir hann. Þegar Einar er spurður hvort hann sé sjálfur duglegur að hreyfa sig, svarar hann: „Það fer nú eftir því hvern þú spyrð en líklegast er alltaf tækifæri til að gera betur.“

**Hlaupum bara af stað!**

Og þá gerir maður einmitt það, segir Einar kátur.




# Mun halda mig við Active JOINTS í framtíðinni

*Guðrún Sigríður Jakobsdóttir*



Active JOINTS frá Eylíf hefur reynst mér vel bæði fyrir liðina og sjónina

Guðrún Sigríður Jakobsdóttir kynntist Active JOINTS frá Eylíf fyrir fjórum árum og mælir sérstaklega með því fyrir þá sem finna fyrir óþægindum í liðum. Sjálf var hún með stöðuga verki í hnjám sem komu í veg fyrir daglega hreyfingu.

Eftir að Guðrún byrjaði að taka Active JOINTS fór líðan hennar að breytast til betri vegar og hún segist ekki finna lengur fyrir óþægindum í liðum. „Mér leið ekki bara betur í hnjánum heldur hafði Active JOINTS, svo ótrúlegt sem það hljómar, einnig áhrif á sjónina. Ég var að bíða eftir augasteinaskiptum þar sem að ský hafði myndast á augasteinana. Svo merkilegt sem það er þá hvarf skýið og sjónin batnaði til muna eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS. Ég á enga aðra skýringu en að það sé fæðubótarefninu að þakka,“ segir Guðrún og bætir því við að hún hafi ekki lengur þörf fyrir augasteinaskipti og fari því ekki í aðgerðina.

**Góð áhrif á margan hátt**

„Það má segja að ég finni fyrir alls konar líkamlegum áhrifum eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS og mun því halda því áfram. Til dæmis hefur það mjög góð áhrif á húðina, mér finnst ég ekki eins viðkvæm fyrir sólinni og fæ fallegan lit. Active JOINTS fylgir mér þess vegna í sólarferðir,“ segir hún og bætir við að hún hafi líka prófað Stronger BONES með góðum árangri.

Mér var upphaflega bent á að prófa Active JOINTS til að minnka þessi óþægindi sem ég var með í hnjánum. Það var full ástæða fyrir mig til að prófa og varð undrandi hversu fljótt ég fann mun á mér til hins betra. Ef ég hætti að taka Active JOINTS í smá tíma finn ég strax áhrif til verri vegar,“ útskýrir Guðrún.

Hún segist stundum hafa farið í fjallgöngur en eftir að hún fór að finna fyrir verkjum í hnjánum hætti hún þeim. „Ég myndi treysta mér til að fara núna. Hef farið í góða göngutúra um Elliðaárdalinn án þess að finna til.“

**Mælir með Active JOINTS frá Eylíf**

Guðrún segir að það sé góður kostur að Active JOINTS sé unnið úr hreinum íslenskum náttúruefnum. „Ég hef verið dugleg að benda vinum mínum og ættingjum á Active JOINTS og margir hafa prófað með góðum árangri. Bróðir minn sem er afar gagnrýninn er til dæmis mjög jákvæður í garð Active JOINTS.“

Guðrún er komin á eftirlaunaaldur en hún starfaði sem bókari hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Special Tours. Eiginmaðurinn er í golfi en Guðrún er í félagsskap sem nefnist Business Professional Women, hún var gjaldkeri Evrópusamtakanna og hafa ferðalög fylgt því starfi. Guðrún nýtur þess að vera þátttakandi í samtökunum og hefur meiri tíma en áður til að vera virkur félagi.

Guðrún segist mæla með Active JOINTS frá Eylíf af heilum hug fyrir alla þá sem finna fyrir einhvers konar liðóþægindum. „Ég get ekki annað en mælt með þessari vöru þar sem hún hefur gert mér gott,“ segir hún.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það aðeins rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

## Úr hreinum íslenskum hráefnum

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við. Framleiðslan er á Grenivík með GMP gæðastaðli. „Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi Eylíf.




**Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík**

EYLÍF

**www.eylif.is**

***Active JOINTS frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nettó. Allar nánari upplýsingar eru á eylif.is og bjóðum við upp á fría sendingu með Dropp ef keypt er fyrir 7.000 kr. eða meira.***

*Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.*

Áburðarvörur:

# Víðtækari reglugerð innleidd frá ESB

**Ný reglugerð frá Evrópusambandinu hefur verið innleidd á Íslandi um áburðarvörur. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að bæta nýtingu plöntunæringarefna með því að viðhalda hringrás þeirra.**

Að sögn Valgeirs Bjarnasonar, fagsviðsstjóra áburðarmála hjá Matvælastofnun, tekur reglugerðin til næringarefna fyrir plöntur, sveppi og þörunga, sömuleiðis efna sem eru umhverfis rætur og svepppræði, sem hjálpa til við upptöku og nýtingu næringarefna.


Valgeir Bjarnason.

***Nær einnig yfir næringarefni sveppa og þörunga***

Valgeir segir að reglugerðin skilgreini „áburðarvörur“ sem efni, blöndu, örvera eða annað efni sem er borið á eða ætlað til að bera á plöntur eða rótarhvolf þeirra eða á sveppi eða jarðveginn umhverfis sveppina (e. mycosphere). Eða er ætlað til að mynda rótarhvolfið eða jarðveginn umhverfis sveppina, annaðhvort ein og sér eða blönduð með öðru efni, í þeim tilgangi að veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra.

Með þessu er komin ný nálgun fyrir þennan vöruflokk. Það séu ekki bara plöntunæringarefni sem reglugerðin nær yfir, heldur einnig yfir næringarefni sveppa og þörunga. Hún nái einnig yfir öll þau efni sem auka næringarnýtni plantna eða bæta vaxtarskilyrði þeirra með margvíslegum hætti. Reglugerðin nær því yfir víðtækara svið en fyrri reglugerðir.

Áburður skilgreinist sem svo að hann er fyrst og fremst notaður sem næring fyrir plöntur.

***Hámarksgildi óæskilegra efna***

Með nýju reglugerðinni er gerð krafa um að áburðarvörur skuli vera CE-merktar þegar þær fara á Evrópumarkað. Það þýðir að þær þurfa að fara í samræmismat hjá viðurkenndum samræmismatsstofum, sem hafa fengið viðurkenningu frá viðkomandi yfirvöldum og verið settar á skrá hjá ESB og fengið skráningarnúmer.

Áburðarvörum skal fylgja samræmismatsyfirlýsing á markaði frá samræmismatsstofu og skal sú yfirlýsing fylgja vörunni, þannig að lokanotendur geti kynnt sér hana. Þó má markaðssetja áburðarvörur innanlands án þessara viðurkenninga og eru þær þá eingöngu notaðar á heimamarkaði Slíkar vörur þurfa að öðru leyti að standast sambærilegar kröfur og CE-merktar vörur.

Valgeir segir að vikmörk næringarefna séu víðari en í fyrri reglugerð og verða bæði jákvæð og neikvæð, en voru áður aðeins neikvæð. Þá séu reglur settar um hámarksgildi óæskilegra efna, en áður hafi það aðeins verið kadmíum sem var með hámarksgildi en nú bætast níu önnur við auk sjúkdómsvaldandi baktería eins og salmonella. */smh*


Nýútskrifaðir nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands en 72 nemendur brautskráðust við hátíðlega athöfn í Hjálmkletti í Borgarnesi þann 31. maí síðastliðinn. Mynd / LbhÍ

# Verðlaunuðu góðan árangur

**Tabea Elisabeth Schneider hlaut verðlaun fyrir besta árangur á B.S. prófi þegar 72 nemendur brautskráðust frá Landbúnaðarháskóla Íslands við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti í Borgarnesi þann 31. maí.**

Nemendur voru þar að klára starfsmenntanám, háskólabrautir og framhaldsnám. Tabea Elisabeth útskrifaðist úr landslagsarkitektúr með einkunnina 8,97 en hún hlaut einnig verðlaun fyrir besta árangur fyrir BS-lokaverkefni ásamt Magnúsi Guðbergi Jónssyni Núpan. Í lokaverkefni sínu vann Tabea hönnunarleiðbeiningar tengdar frjókornaofnæmi í borgarlandslagi. Viðfangsefni Magnúsar var býflugnarækt í borgarumhverfi.

Lára Guðnadóttir hlaut verðlaun Bændasamtaka Íslands fyrir besta árangur á búfræðiprófi. Hún hlaut einnig verðlaun Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir frábæran árangur í hagfræðigreinum. Sunna Lind Sigurjónsdóttir er handhafi verðlauna RML fyrir frábæran árangur í búfjárræktargreinum en hún var einnig verðlaunuð fyrir árangur í námsdvöl. Vésteinn Valgarðsson hlaut verðlaun, gefin af Líflandi, fyrir frábæran árangur í bútæknigreinum. Í heild voru 22 nýir búfræðingar útskrifaðir ásamt tveimur garðyrkjufræðingum, að því er fram kemur í tilkynningu frá LbhÍ. Skólinn brautskráði nemendur af fimm BS-brautum. Eydís Ósk Jóhannesdóttir og Marta Stefánsdóttir hlutu verðlaun Bændasamtaka Íslands fyrir góðan árangur á búvísindabraut. Steindóra Ólöf Haraldsdóttir fékk verðlaun fyrir árangur í hestafræðum og Anna Björg Sigfúsdóttir fyrir góðan árangur í náttúru- og umhverfisfræðum. Narfi Hjartason hlaut svo verðlaun fyrir góðan árangur á BS-prófi í skógfræði.

Sautján nemendur útskrifuðust með meistarapróf. Díana Berglind Valbergsdóttir og Valdís Vilmarsdóttir hlutu verðlaun fyrir góðan árangur á MS-prófi í skipulagsfræðum. Franklin Harris fékk verðlaun fyrir frábæran árangur í námi á umhverfisbreytingum á norðurslóðum og Kári Freyr Lefever fyrir frábæran árangur í rannsóknamiðuðu meistaranámi. Þá lauk Maria Wilke doktorsprófi í skipulagsfræði á árinu að því er fram kemur í tilkynningu LbhÍ. */ghp*

# Leyft að veiða allt að 128 langreyðar

– Matvælaráðherra segir að fara verði að lögum

**Stjórnvöld hafa gefið grænt ljós á hvalveiðar. Veiða má allt að 128 langreyðar. Leyfið gildir til eins árs.**

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra birti sl. þriðjudag þá ákvörðun sína að gefa út leyfi til hvalveiða.

Hvalveiðileyfið er gefið út til eins árs og má samkvæmt því veiða 128 langreyðar á þeim tíma. Verður leyfilegt veiðimagn 99 dýr á svæðinu Grænland/Vestur-Ísland og 29 dýr á svæðinu Austur-Ísland/Færeyjar.

Ákvörðun um veiðimagn er innan marka ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar frá 2017 og „tekur mið af varfærnum vistkerfisstuðlum Alþjóðahvalveiðiráðsins,“ segir á vef Stjórnarráðsins.


Matvælaráðherra hefur nú leyft hvalveiðar til eins árs og má veiða allt að 128 langreyðar. Mynd / PWF-UK

***Stefnumótun fram haldið***

Bjarkey hefur verið átalin fyrir að tefja málið en hafnar að slík hafi verið raunin. „Ég get ekki horfið frá því að fara eftir lögum,“ sagði Bjarkey þegar hún tilkynnti ákvörðun sína um að leyfa hvalveiðar. Stefnumótun um veiðar á hvölum verði haldið áfram. Ákvörðunin nú samræmist þó ekki hennar persónulegu skoðun.

Reglugerð um veiðarnar er óbreytt frá í fyrra eftir að hafa verið þrengd af þáverandi matvælaráðherra, Svandísi Svavarsdóttur.

Matvælastofnun hefur bent á að þrengja ætti skilyrði vegna hvalveiða enn frekar og mun það vera til skoðunar hjá matvælaráðuneytinu.

***NAMMCO má fylgjast með***

Svandís leyfði hvalveiðar á ný, undir hertum skilyrðum, í ágúst á síðasta ári eftir að hafa bannað þær í sumarbyrjun til 1. september sama ár. Ákvörðun hennar um tímabundna stöðvun veiðanna byggði m.a. á skýrslu fagráðs um velferð dýra. Að mati ráðsins voru hvalveiðar ekki í samræmi við lög um velferð dýra.

Skv. leyfisbréfi um veiðarnar er nú skilyrt að eftirlitsaðilum á vegum Norður-Atlantshafsspjávarspendýraráðsins, NAMMCO, verði heimilt að fara í veiðiferðir með hvalbátum Hvals hf. til að fylgjast með veiðum og veiðiaðferðum. Jafnframt skuli hver hvalveiðibátur hafa tilbúna neyðaráætlun um aflífun dýra og áhöfn þekkja hana.

***Hörð viðbrögð***

Kristján Loftsson framkvæmdastjóri Hvals hf. hefur sagt útséð um að hvalveiðar verði stundaðar í sumar vegna tafa á ákvörðun um veiðileyfi. Hvalur óskaði eftir endurnýjun leyfisins snemma á árinu og að það gilti til nokkurra ára.

Eftir að matvælaráðherra hafði heimilað veiðar sagði Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, einnig óttast að leyfið kæmi of seint og mögulega yrði enginn hvalur veiddur á þessu ári. Hann vonaði að fólk sem hefði beðið átekta væri búið að finna sér eitthvað annað að gera.

Í tilkynningu frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi er leyfi matvælaráðherra sagt veitt til málamynda og ráðherra sé með ákvörðuninni í reynd með ólögmætum hætti að leggja áframhaldandi stein í götu sjálfbærra veiða á langreyðum.

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands harmar í tilkynningu þá ákvörðun matvælaráðherra að leyfa veiðarnar. Ítrekuð sé sú krafa sambandsins að úrelt lög um hvalveiðar verði afnumin eða þeim breytt til nútímahorfs. */sá*

ÆVINTÝRI Á SPÁNI OKTÓBER 2024
UPPBYGGJANDI OG SKEMMTILEG KVENNAFERÐ

Kristín Linda sálfræðingur hjá Huglind og Inga Geirs fararstjóri hjá Skotgöngu verða með sína vinsælu sjálfsræktar, útivistar, göngu og skemmtiferð til Albír á Spáni 18. október í haust. Bókanir hafnar, beint flug, gott hótel og hálft fæði.


Kristín Linda og Inga Geirs

SJÁLFSRÆKT OG GANGA

Vikuferð fyrir konur 40 ára og eldri, uppskrift sem hefur algjörlega sannað sig enda þétt og gefandi dagskrá. Inga sér um fararstjórn, skoðunarferðir og gönguferðir og Kristín Linda heldur sín vinsælu uppbyggjandi lífsgæðanámskeið, bæði hagnýt og skemmtileg. Vikuferð sem hlotið hefur frábær meðmæli. Stakar konur sérstaklega velkomnar en líka kjörið fyrir vinkonur.

Meira en 300 konur hafa nú þegar nýtt sér þessa dagskrá og margar komið aftur og aftur, það segir sína sögu! Samkennd, gleði, upplifanir, uppbygging og ný kynni, vilt þú koma með?

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG BÓKANIR: www.skotganga.co.uk
inga@skotganga.co.uk - kristinlinda@huglind.is

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

## KUHN hey- og jarðvinnutæki til afgreiðslu strax



Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m




Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m

**Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum**



Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m



Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m

## Vertu klár – veldu KUHN



Múgavélar 3,20 – 14,70 m



FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Matvælasjóður:

# Nokkrir bændur meðal styrkhafa

**Matvælaráðherra úthlutaði tæpum 500 milljónum króna úr Matvælasjóði þann 5. júní til 46 verkefna.**

Þetta var fimmta árið sem Matvælasjóður úthlutar fjármagni sem styrkja á þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Alls bárust 198 umsóknir og var sótt um rúmlega þrjá milljarða króna. Matvælasjóður skiptist í fjóra styrkflokka.

Bára styður verkefni á hugmyndastigi með styrk að hámarki 3 milljónum króna og hlutu 22 verkefni slíkan styrk og heildarupphæð styrkflokksins var tæpar 63 milljónir kr. Meðal styrkhafa er Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, garðyrkjubóndi í Breiðargerði í Skagafirði og formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu, sem hlaut tvo styrki fyrir verkefni sem fjalla um vallhumal annars vegar og lífrænt vottaða matvælavinnslu hins vegar. Stefanía Hjördís Leifsdóttir fékk styrk fyrir verkefni um notkun geitamysu, Móðir Jörð ehf. fékk styrk fyrir verkefni sem fjallar um bygg, Surova ehf. mun skoða íslenskan saffran og Aðalsteinn Kornelíus Gunnarsson fékk styrk fyrir verkefni sem heitir „Djúptækni til verndunar kornakra á Íslandi“.


Elínborg Erla Ágeirsdóttir í Breiðargerði.


Pálmi Jónsson og María Eymundsdóttir á Huldulandi.

Styrkflokkurinn Kelda styður rannsóknaverkefni sem miða að því að skapa nýja þekkingu sem stuðla að nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Ellefu verkefni hlutu styrki og var heildarupphæð þeirra tæpar 214 milljónir króna. Meðal styrkþega eru Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Isea ehf., Landbúnaðarháskóli Íslands, Matís og Tilraunastöð HÍ í meinafræði. Afurð styrkir verkefni sem komin eru af hugmyndastigi og á að nota til að móta og þróa afurð með hráefnum sem tengjast matvælaframleiðslu.

Níu verkefni hlutu styrk og var heildarupphæð þeirra um 154 milljónir króna.

Meðal styrkþega eru bændurnir á Syðra-Holti í Svarfaðardal sem ætla að þróa lífræna sauðaosta, María Eymundsdóttir, bóndi á Huldulandi í Skagafirði, fyrir ræktun burnirótar í Aeroponic og hvítlauksbændurnir í Neðri-Brekku í Dölum fyrir vöruþróun á vörum úr hvítlauk.

Þau síðastnefndu fengu einnig styrk úr flokknum Fjársjóður, sem styður markaðsinnviði og markaðssókn afurða. Fjögur verkefni hlutu styrk úr flokknum og var heildarupphæð þeirra tæpar 60 milljónir króna.

Saltverk fékk styrk fyrir áframhaldandi uppbyggingu á sölu og markaðssetningu á vörum fyrirtækisins á Bandaríkjamarkaði og Responsible Foods ehf. ætlar einnig að herja á þann markað með íslenskt skyrnasl.

Haft er eftir Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur matvælaráðherra í tilkynningu sem fylgir styrkúthlutuninni að það væri gleðiefni að sjá að úthlutanir dreifðust jafnt á milli kynja og skipting á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar væri í góðu jafnvægi.

*/ghp*


Bændurnir á Syðra-Holti. Myndir / Aðsendar


Hvítlauksbændur í Dölunum ætla að nota stuðning úr Matvælasjóði til að auka við hvítlauksræktunina og fjölga vörutegundum í framleiðslu. Mynd / smh

# Stækka ræktarland og fjölga vörutegundum

**Hvítlauksbændurnir í Neðri-Brekku í Dölum fengu nýlega tvo styrki úr Matvælasjóði, sem gerir þeim kleift að fara í frekari framþróun með sína ræktun og verðmætasköpun úr hliðarafurðunum.**

„Við vorum í Suður-Frakklandi að kynna okkur hvítlauksyrki sem við gætum mögulega notað hjá okkur,“ segir Haraldur Guðjónsson, sem ásamt konu sinni, Þórunni Ólafsdóttur, hóf ræktun á hvítlauk síðasta haust til markaðssetningar á Íslandi. „Stækkun stendur nú yfir á landinu sem við ætlum að nota undir ræktunina í haust, en við förum úr 0,4 hektara í tvo hektara – þar sem ræktunarsvæðið verður um 1,2 hektarar. Viðtökurnar hafa verið þannig að okkur fannst það liggja beint við að stækka landið. Það liggja tvö tún að okkar landi sem við fáum afnot af undir ræktunina.“

***Blóðbergsblandað hvítlaukssalt***

Haraldur segir að annar styrkurinn sé úr Afurð, en þar séu verkefni sem séu komin af hugmyndastigi en afurðirnar þó ekki tilbúnar til markaðssetningar. „Það verður einmitt verkefnið í haust að þróa fjórar vörur til viðbótar hvítlaukssaltinu sem við settum á markað í byrjun þessa árs – sem er í raun hliðarafurð af sjálfri hvítlauksræktuninni. Til viðbótar við hvítlaukssaltið Skjöld, sem hefur fengið góðar viðtökur, ætlum við að koma með hvítlaukssalt sem verður blandað blóðbergi úr sveitinni, hvítlauksolíu, hvítlauksmauk og hvítlauks-confit – sem ekki er til hér á Íslandi en er hvítlaukur sem hitaður er í olíu við vægan hita og hægt er til dæmis að smyrja beint á brauð eða hvað sem er.“

Einnig fengu þau styrk úr Fjársjóði, til að afla sér frekari þekkingar um hvítlauksræktunina og möguleg hvítlauksyrki til notkunar í Dölunum.

***Fimm til tíu prósent hliðarafurðir***

Hliðarafurðirnar úr hvítlauksræktuninni eru nánar tiltekið afgangs hvítlauksgeirar, sem ná ekki stærðarviðmiðum til að verða útsæði. Það sem afgangs varð frá síðasta hausti, þegar þau settu niður í fyrsta skipti lauk til markaðssetningar, var notað til þróunar og framleiðslu á Skildi. Haraldur segir að reikna megi með að um fimm til tíu prósent uppskerunnar gangi þannig af og sé hægt að nýta til verðmætasköpunar með framleiðslu á nýjum afurðum.

Raunin sé sú að framleiðslan úr hliðarafurðunum stefni í að verða álíka verðmæt og sjálfur hvítlaukurinn, en flestir sem séu stórtækir í hvítlauksræktun hendi bara þessum afgangsgeirum.

„Við reiknum með að fara í þessa vöruþróun á nýjum afurðum í október,“ segir Haraldur að lokum.

*/smh*


Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, (t.v.) og Þrúðmar Þrúðmarsson, eigandi jarðarinnar Hoffell 2, sem hefur nú selt Bláa lóninu hana til uppbyggingar á sviði ferðaþjónustu. Mynd / Aðsend

# Hundrað ný störf í Hornafirði

**Bláa lónið hefur fest kaup á jörðinni Hoffell 2 í Hornafirði og hyggst byggja þar upp baðstað og hótel.**

„Ég gæti trúað að þetta yrðu um hundrað störf í upphafi og svo veit maður ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Þetta er allavega frábært verkefni, sem á eftir að verða mjög mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið og allt nærumhverfið,“ segir Sigurjón Andrésson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, aðspurður um fyrirhugaða uppbyggingu Bláa lónsins við Hoffell í Hornafirði.

Ætlunin er að byggja þar upp glæsilegan baðstað, veitingastað og fjölbreytta gistingu rétt við jökullónið. Hoffellsjökull er nyrstur þeirra jökla, sem ganga úr Breiðabungu á Vatnajökli, en hann er um tíu kílómetra langur.

Fulltrúar Bláa lónsins héldu nýlega fund með íbúum í Hornafirði til að kynna áform sín og var augljóst að heimamenn eru mjög spenntir fyrir verkefninu að sögn bæjarstjórans. „Þetta verður einstakt á heimsvísu, því get ég lofað miðað við það sem ég hef séð. Framtíðin er björt í Hornafirði,“ bætir Sigurjón kampakátur við.

Í Hoffelli er jarðhiti sem RARIK á áfram og nýtir til að kynda Hornafjörð.

*/mhh*


Haustblær
í Aþenu
21. – 26. október 2024
Fararstjórn: Þóra Björk Valsteinsdóttir
Verð 389.500 kr. á mann í tvíbýli
Upplifðu haustblæ í Aþenu! Gist verður á 5* hóteli í miðborg Aþenu, í göngufjarlægð frá sjarmerandi hverfinu Plaka sem liggur við rætur Akrópólis hæðar. Farið verður í dagsferðir til Delfí, að hofi Poseidons og á Pelópsskagann þar sem við heimsækjum m.a. fornu borgina Mýkenu.
bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík

limtrevirnet.is

# EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

**Lindab** þakrennur eru bæði endingargóðar og fallegar



- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

**Skoðaðu úrvalið**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2024 | Framúrskarandi fyrirtæki 2023





Teikning / Hlynur Gauti

## Útiræktun grænmetis:

# Vanefndir stjórnvalda um betri vaxtarskilyrði

## – Lítil gátt hefur þó verið opnuð fyrir smáframleiðendur inn í styrkjaumhverfið

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Nýlega bárust fréttir af nípuræktun í Þurranesi í Dölum og á síðasta ári var sagt frá hvítlauksræktun sveitunga þeirra á Neðri-Brekku. Það þykir tíðindum sæta þegar nýjar tegundir eru reyndar í útiræktun grænmetis á Íslandi til almennrar markaðssetningar.**

Hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu á markaði hér á landi, tegundir og uppskerumagn hefur heldur rýrnað á undanförnum árum. Kemur þar ýmislegt til; ódýrt innflutt grænmeti, letjandi stuðningskerfi og lítil nýliðun í greininni, meðal annars. Í skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi, sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands og skilað var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í febrúar 2021, kemur fram að hlutdeild íslensks grænmetis á markaði árið 2019 hafi verið 43 prósent en 56 prósent tíu árum fyrr.

### *Uppskerumagn svipað frá ári til árs*

Frá endurskoðun garðyrkjusamningsins árið 2020 hafa breytingar verið litlar í grundvallaratriðum á haustuppskerutölum, þrátt fyrir markmið í þeim um að við endurskoðun þeirra árið 2023 hefði orðið 25 prósenta vöxtur í framleiðslu á íslensku grænmeti miðað við meðalframleiðslu áranna 2017 til 2019. Hefur uppskerumagn í útiræktun frá þeim tíma fremur ráðist af veðurskilyrðum en umfangi ræktunarinnar hverju sinni – og kannski ekki síst af afkomunni í kartöfluræktuninni sem á um helmingshlutdeild í heildarframleiðslunni.

### *Styrkhæft land minnkar*

Við síðustu endurskoðun búvörusamninga, sem átti að vera á síðasta ári en lauk í janúar síðastliðnum, urðu afar litlar breytingar á starfsskilyrðum garðyrkjubænda þrátt fyrir ákaft ákall þeirra um aukna hvata til framleiðsluaukningar. Sú eina breyting varð gagnvart bændum í útiræktun grænmetis að það land sem greiddir eru jarðræktarstyrkir út á, minnkar úr hektara lands niður í fjórðung hektara. Tilgangurinn með þeirri breytingu var meðal annars sá að hvetja nýliða til að prófa sig áfram í útiræktun – og fá til þess stuðning – án þess að leggja of mikið undir.

Skiptar skoðanir eru um möguleg áhrif þessara breytinga. Sumir bændur sem hafa útiræktun grænmetis að aðalstarfi telja að breytingin geti haft neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem fyrir eru í útiræktun grænmetis og sé lítil hjálp fyrir þá fáu sem koma nýir inn.

### *Möguleg neikvæð áhrif og jákvæð*

Með því að minnka það land sem styrkhæft er má reikna með að fleiri ræktendur sem eru með fremur litla framleiðslu í heildarsamhenginu, eins og í lífrænni ræktun eða þeir sem eru í garðyrkju sem aukabúgrein, sæki um stuðning. Þar sem fjárhæð jarðræktarstyrkja er föst upphæð, er talið að þannig muni stuðningsgreiðslur til þeirra sem hafa útiræktun að aðalstarfi, og framleiða mest, þynnast enn frekar út, eins og öll framleiðsluaukning með stækkun á ræktarlandi leiðir af sér.

Aðrir gera lítið úr þeim áhyggjum og segja jákvætt að fleiri bætist við og benda á að þrátt fyrir að tíu ræktendur bætist við með hálfan hektara hver þá telji það lítið inn í heildarsamhengið. Einn af þeim er Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, sem sat í samninganefndinni við síðustu endurskoðun búvörusamninganna. „Við lögðum mikla áherslu á að aukið fjármagn yrði sett í útiræktunina, ekki síst í því ljósi að því hafði verið ítrekað lofað að það ætti að skapa hvata til frekari vaxtar í greininni,“ útskýrir hann.

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kartöflur | 9.000 | 6.020 | 8.200 | 7.379 | 6.355 | 7.180 | 7.290 |
| Gulrófur | 930 | 540 | 895 | 940 | 560 | 634 | 638 |
| Gulrætur | 750 | 520 | 900 | 738 | 882 | 981 | 1.030 |
| Blómkál | 55 | 47 | 77 | 94 | 118 | 89 | 120 |
| Hvítkál | 276 | 154 | 146 | 256 | 214 | 235 | 140 |
| Kínakál | 50 | 37 | 30 | 81 | 69 | 87 | 57 |
| Spergilkál | 68 | 45 | 100 | 90 | 93 | 84 | 104 |
| Rauðkál | 55 | 28 | 39 | 58 | 40 | 64 | 30 |
| **Samtals** | **11.184** | **7.391** | **10.387** | **9.636** | **8.331** | **9.354** | **9.409** |

**Uppskerutölur fyrir útiræktun grænmetis.**

### *Jarðræktarstyrkir til garðyrkjubænda koma inn 2016*

Stuðningsfyrirkomulagið er nefnilega þannig að bændur eru styrktir eftir stærð þess ræktarlands sem er undir hverju sinni, með jarðræktarstyrkjum. Árið 2016 koma slíkir styrkir til garðyrkjubænda fyrst inn í búvörusamningana. Þá fyrst og fremst í þeim tilgangi að ná utan um umfang útiræktunar á Íslandi. Einungis 16 milljónir kr. voru þá til úthlutunar, sem þó var nægilega mikil hvatning til að bændur sóttu um og fengu einhvern stuðning. Hugmyndin var að þetta stuðningsfyrirkomulag myndi, og landsgreiðslurnar, sem greiddar eru út á túnrækt, virka í rammasamningi búvörusamninganna.

Axel segir að reynslan af þessu fyrsta ári, þegar jarðræktarstyrkir voru fyrst í boði, hafi sýnt fram á að 540 hektarar voru þá í útirækt á Íslandi. „Þetta gaf Sambandi garðyrkjubænda vogarafl inn í endurskoðun árið 2020. Þá fengust 52 milljónir í viðbót inn í samninginn, það varð til þess að styrkurinn fer að skipta miklu máli fyrir bændur. Árið 2020 fór upphæðin samtals í 68 milljónir og hefur verið uppfærð samkvæmt verðlagi síðan,“ segir Axel.

### *Fjórfalt meira fyrir ofanjarðarræktun*

Styrkirnir haldast óbreyttir út samningstímann, sem tók gildi 14. maí 2020 og nær til ársloka 2026, og dreifast á milli þeirra garðyrkjubænda sem sækja um vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til manneldis.

Árið 2022 voru 76 milljónir kr. til úthlutunar fyrir 51 garðyrkjubýli út á um 550 hektara og á síðasta ári 86 milljónir kr. fyrir 50 garðyrkjubýli út á um 568 hektara lands. Greitt er mismikið eftir því hvort ræktað er ofanjarðar eða neðanjarðar. Rótarafurðir eru með stuðulinn 1 og grænmeti sem er ræktað ofanjarðar með stuðulinn 4, sem þýðir að fjórfalt meira er greitt fyrir þær afurðir. Ástæðan er sú að einfaldara er að vélvæða rótarafurðaræktun og mun færri hendur sem þurfa að koma þar að. Ofanjarðar grænmetið er viðkvæmara – það þarf að tína með höndum – og því mun meiri kostnaður á bak við ræktunina á því.

Árið 2022 bárust umsóknir fyrir 41,5 hektara lands vegna ræktunar á ofanjarðar grænmeti, en 508 hektara vegna ræktunar á rótarafurðum, þar sem kartöflurækt er langstærst. Á síðasta ári var sótt um styrki fyrir ræktun á 45,7 hekturum á afurðum ofanjarðar, en 522 hekturum vegna neðanjarðar afurða. Hver framleiðandi getur ekki fengið hærri greiðslur samtals en 10 prósent af því fjármagni sem er til ráðstöfunar árlega.

STANLEY Háþrýstidælur
í sumarverkin




STANLEY Háþrýstidæla 150 bör
Verð 21.700
STANLEY Háþrýstidæla 170 bör
Verð 26.970

VERKFÆRA LAUSNIR
verkfæralausnir.is
Skútuvogi 1E - Opið mánudaga-fimmtudaga 8:00-18:00 og laugardaga 11:00-15:00

### *Aukabúgrein sauðfjárbænda*

Garðyrkjubændur í útiræktun eru nú sem óðast að planta út í akra sína grænmetisplöntum sínum sem hafa verið í uppeldi innandyra á undanförnum mánuðum. Enda veitir ekki af því að koma þeim sem fyrst á vaxtarstaði sína, þar sem sumur eru stutt á Íslandi og sumar tegundir þurfa langan vaxtartíma. Það á við um nípubændur í Þurranesi sem ákváðu að styðja betur við búrekstur sauðfjárbúsins, fyrst með því að setja á fót ferðaþjónustu og svo nú við ræktun á nípum sem þurfa um fjögurra mánaða vaxtartíma.

Raunar má segja með svolítilli einföldun að helstu vaxtarsprotarnir í íslenskri útiræktun grænmetis séu meðal sauðfjárbænda í Dölunum. Sveitungar bændanna í Þurranesi eru nefnilega fjölskylda Eyjólfs Ingva Bjarnasonar, formanns deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, í Ásgarði en á undanförnum tveimur árum hafa þau verið að hasla sér völl í þessari aukabúgrein með myndarlegum hætti.

Þegar Eyjólfur er spurður um ástæður þess að sauðfjárbændurnir ákváðu að reyna fyrir sér í garðyrkju, segir hann að þau hafi langað til að sjá hvort slík ræktun væri yfirleitt möguleg á þessu landsvæði. „Í sjálfu sér vorum við ekkert að hugsa um sölumöguleikana og styrkjaumhverfið þegar við byrjuðum vorið 2022. Aðalmarkmiðið það ár var að athuga hvort útiræktun grænmetis gengi upp hér á svæðinu enda er hún ekki algeng í þessum landshluta. Við ákváðum því að byrja, fyrst bændum á Stóra-Fjarðarhorni tókst vel til við útiræktun í Kollafirði á Ströndum 2021.“

Eyjólfur segir að þau hafi ekki rætt við Sölufélag garðyrkjumanna (SFG) í upphafi um afsetningu afurðanna. „Við höfðum samband við þá þegar útlit var fyrir talsverða uppskeru og þeir tóku jákvætt á móti okkur enda frekar vöntun en hitt á þeim tegundum sem við prófuðum að rækta,“ segir hann en bæði árin hafa þau verið með blómkál, spergilkál og hvítkál í ræktun og bættu við sig gulrófum síðasta sumar.

### *Sjálfsafgreiðsluskúr í sumar*

„Lóa [Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, eiginkona Eyjólfs] er frá Erpsstöðum og við höfum haft grænmeti til sölu þar á sumrin og talsvert magn sem fer í gegnum búðina þar,“ heldur Eyjólfur áfram. „Við stefnum síðan á að opna sjálfsafgreiðsluskúr við afleggjarann hjá okkur í sumar þar sem vörur frá okkur verða til sölu. Við sendum einnig í SFG það sem er umfram enda erum við ekki með mikið geymslurými. Í fyrra sendum við einu sinni í viku beint suður – uppskorið að morgni, pakkað og komið í kæli síðdegis og til SFG að morgni daginn eftir.

Flutningskostnaður er þó talsverður – og nánast eins og villta vestrið ef maður skoðar ekki reikningana vel – en ég vil koma þökkum til Magnúsar Svavarssonar hjá Vörumiðlun sem flutti afurðirnar suður í fyrra á góðum kjörum og studdi þannig við nýsköpun á svæðinu. Byggðastofnun sér um endurgreiðslu á styrkhæfum flutningskostnaði og þó hafi verið gerðar breytingar á umhverfinu í fyrra í þágu smærri framleiðenda þá er endurgreiðsluhlutfallið 10-15 prósent af útlögðum kostnaði,“ segir Eyjólfur.

### *Stuðningur nam 495 þúsund krónum á hektarann*

Fjölskyldan í Ásgarði er með eins hektara spildu undir ræktunina, en nota ekki nema rúmlega helminginn undir beina ræktun, annað fer að sögn Eyjólfs í akstursleiðir og aðgengi að reitum. Eins sé talsverð bleyta í hluta spildunnar og varla fært um hana þar.

Hann segir að á síðasta ári hafi jarðræktarstyrkurinn numið 495 þúsund krónum á hektarann fyrir útiræktun á grænmeti sem er ræktað ofanjarðar.

### *Vantar fjárfestingastuðning við greinina*

Þegar Eyjólfur er spurður um hvort þau hafi leitt hugann að tilraunum með nýjar tegundir, segir hann að það séu vissulega tækifæri. „Það vantar hins vegar talsvert upp á stuðninginn við greinina til að taka næstu skref. Við erum alltaf að prófa okkur eitthvað áfram, en eins og kemur fram í viðtali við Höllu Sif Svansdóttur Hölludóttur [garðyrkjubónda hjá Sólskins grænmeti] í síðasta Bændablaði þá er talsverð fjárfesting fólgin í þessari ræktun og fjárfestingastuðningur við að koma sér upp aðstöðu, svo sem til frekari úrvinnslu eða geymslu á vörunni, er ekki til staðar. Slík aðstaða gæti vel aukið framboð af vörunni og aukið vöruúrval.

Til að stunda þetta þarf fólk að hafa áhuga á verkefninu en það skortir ekki síður talsvert stuðning og almenna fræðslu til að fá fleiri inn í greinina. Við höfum mest verið að fikta okkur áfram og vitum ekkert endilega hvort við séum alltaf að gera rétt eða fara nákvæmlega eftir fræðunum.

Eins verð ég að nefna óbeinan stuðning við greinina en í fyrra komst íslenska framleiðslan ekki á markað því verslunin var að klára stóran innfluttan lager. Það ætti að vera einföld aðgerð sé vilji til þess að hafa verndartoll á útiræktuðu grænmeti til að tryggja innlendu framleiðslunni aðgang að markaði þessa 2-3 mánuði sem er möguleiki að uppskera á Íslandi.

Varðandi okkar ræktun þá erum við að prófa og höfum hugmyndir en fæst orð bera minnsta ábyrgð um hvað verður í framtíðinni,“ segir Eyjólfur.



**Eyjólfur Ingvi Bjarnason kastar hér blómkálshaus til Côme De Tournadre, fransks verknema, sem aðstoðaði við ræktunina í Ásgarði síðasta sumar.** Mynd / Guðbjört Lóa

### *Jákvætt skref*

Eyjólfur telur það jákvætt skref að styrkhæft land hafi verið minnkað niður í fjórðung hektara við síðustu endurskoðun búvörusamninga, því fleiri smærri framleiðendur eigi nú kost á stuðningi.

„Það er nú bara allnokkur uppskera sem hægt er að fá af 0,25 hekturum. Hvort fleiri komi inn í ræktunina held ég að ráðist frekar af ytri stuðningi við greinina því það er hellings fjárfesting að byrja í þessari ræktun og okkur finnst aðfangakostnaður eins og til dæmis fræ, bakkar, dúkar og fleira hafa hækkað talsvert síðustu tvö ár. En breytingin er jákvæð og sjálfsagt lækkar styrkupphæðin eitthvað sem hver og einn fær, en hún ein og sér er ekki aðalmálið í stóra samhenginu.“

### *Aðrir styrkir í boði*

Að sögn Eyjólfs fengu þau veglega styrki úr Sóknaráætlun Vesturlands og Dala Auði, sem munað hafi um. „Það vantar hins vegar alveg stuðning og hvata til þróunar og tilraunamennsku.

Sjálfsagt er hægt að rækta og kynbæta yrki sem henta betur við okkar aðstæður en það vantar líka fjárfestingastuðning – það er enginn að fjárfesta í miklum tækjabúnaði eða aðstöðu í dag miðað við þau kjör sem lánastofnanir bjóða.

Við sóttum líka um í Lóu nýsköpunarsjóði og fengum þau svör að hugmyndin væri góð en félli ekki að markmiðum sjóðsins – þannig að það skortir verulega á stuðning við útiræktun grænmetis og vert að minnast á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru stór orð á blaði en minna um efndir frá því stjórnin tók við í árslok 2021,“ segir Eyjólfur og vísar til ákvæða í sáttmálanum þar sem segir: *„Aukinni framleiðslu á grænmeti verður náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga.“*

***Framhald á næstu opnu.***



**Eydís Helga, 6 ára í Ásgarði, hjálpar til við útplöntun.**




20% afsláttur af bað- og þvottahúsinnréttingum í júní

Við aðstoðum þig við hönnun á þinni drauma innréttingu

FRÍFORM
2000 — 2023

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is.
Virka daga 10-17



Indíana Þórsteinsdóttir í Vallakoti.




Vöruúrval frá Vallakoti.

Staðreyndin er hins vegar sú að stöðnun hefur ríkt í innlendri framleiðslu á útiræktuðu grænmeti, sem sést þegar skoðaðar eru framleiðslutölur áranna frá 2017 til 2023.

Í gildandi búvörusamningum sem voru undirritaðir árið 2016 var þó tiltekið að við endurskoðun hans árið 2023 hefði framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25 prósent, miðað við meðalframleiðslu áranna 2017 til 2019, í því miði að auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

### Byrjuðu í einum hektara til reynslu

Annar öflugur vaxtarsproti útiræktunar er í Vallakoti í Þingeyjarsveit, þar sem Indíana Þórsteinsdóttir og fjölskylda eru að hefja sitt þriðja ræktunarsumar með óvenju margar tegundir en þau komu alveg ný og óreynd inn í greinina sumarið 2022. Á síðasta sumri var fjölskyldan með spergilkál, blómkál, grænkál, hvítkál, rauðkál, gulrófur, rauðrófur, hnúðkál og sellerí í ræktun. Af þessum tegundum eru rauðrófur, hnúðkál og sellerí fágætar innlendar tegundir á markaði.

Að sögn Indíönu, sem fluttist með fjölskyldu sinni í heimahagana í Þingeyjarsveit frá Noregi og byrjaði að rækta grænmeti á bújörð foreldra sinna, er ætlunin nú að rækta svipað magn og sömu tegundir og þau voru með í fyrra.

„Fyrir fyrsta sumarið okkar förum við í raun út í ferlið án þess að hugsa mikið um hvernig varan yrði seld. Við byrjuðum í einum hektara til þess að prófa og vorum þokkalega róleg yfir sölumálum. Hugsuðum okkur að þetta myndi seljast enda engin í þessum bransa á svæðinu en gerðum okkur svo sem ekki grein fyrir magni af grænmeti sem kemur upp úr einum hektara. Við vissum af ræktunarstyrk og höfðum hugsað okkur að sækja styrki í þróunarverkefni seinna meir. Við sóttum um styrk hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi vorið 2022 til þess að breyta parti af ónotuðu fjósi í pökkunaraðstöðu og vinnslu og fengum þann styrk þó ekki. Rétt eftir að við vorum búin að forsá bauð SFG okkur á fund og vildu fá okkur í sölufélagið. Mér fannst það persónulega bara fyndið þar sem við erum svo lítil. En það hefur borgað sig að vera þar. Góð þjónusta sem verður vonandi enn betri núna á okkar þriðja ári. Við seljum okkar vörur á Akureyri í gegnum SFG, en annars staðar seljum við sjálf eins og í nærsveitum og í heimasölu. Í fyrra keyptu Bananar slatta af annars flokks grænmeti hjá okkur sem er vel og vonumst við til þess að selja enn meira af þeirri frábæru vöru í ár.“

### Nálgast ræktunina sem matarábugafólk

Á öðru ræktunarári sínu stækkuðu Vallakotsbændur ræktarlandið upp í þrjá hektara og fengu út á það um eina og hálfa milljón króna í jarðræktarstyrk.

Indíana útskýrir valið á ræktunartegundunum þannig að í raun nálgist þau ræktunina sem matarábugafólk, rauðrófu- og sellerírræktunin sé til dæmis birtingarmynd þess.

„Rauðrófuræktunin er mjög óalgeng hér en okkur þykir hún mjög skemmtileg. Við höfum líka verið að prófa sellerí án þess að vera með upphitaðan jarðveg. Það hefur tekist ágætlega. Það vex ekkert voðalega en hefur verið mjög bragðgott hjá okkur. Síðasta haust settum við svo niður slatta af hvítlauk í tilraunaskyni og við erum mjög spennt að sjá hvað kemur út úr því. Við erum mikið matarfólk, áhugasöm um ræktun og tilraunir sem og sjálfbærni. Okkur þykir fátt skemmtilegra en að gleðja fólk sem getur keypt fjölbreytta og ferska vöru í matinn hjá okkur.

Ef að það væri ekki svona mikið vesen myndum við gjarnan vilja hafa stærri part af akrinum undirlagðan í alls konar grænmetistegundum. En til þess þarf réttu græjurnar, eins og t.d. þvottaaðstöðu fyrir rófurnar sem við erum því miður ekki með. Helmingurinn af akrinum hjá okkur er spergilkál en það er tegund sem þolir kalda tíð, auðvelt í vinnslu, selst alltaf og geymist vel. Þessar tilraunir okkar gefa ekki mikið í aðra hönd en við höfum gaman að því að rækta rauðrófur á þremur hekturum.“

### Verðmætin í hliðarafurðunum

Indíönu er umhugað um hámarks nýtni og sjálfbærni ræktunarinnar. „Okkur finnst líka spennandi, en höfðum líka verið til í betri viðbrögð yfir því, að nýta akurinn betur eftir að uppskeru lýkur. Það liggja nefnilega þvílík gersemi eftir niðri á akri þegar við erum búin að uppskera. Öll þessi næringarríku blöð og stilkar sem fáir vilja og við höfum hvorki efni né tíma í að nýta sjálf nema aðeins ofan í kindurnar okkar. Það er hreint ótrúlegt að ekki sé gert meira við þessa parta af plöntunum. Það væri frábært ef einhver væri til í að nýta þessar aukaafurðir í eitthvert þróunarverkefni til dæmis.

Síðan auðvitað ætlum við að fara að vinna úr vörunni okkar. Það er þar sem áhugi okkar liggur og þar sem peningarnir eiga heima. Foreldrar mínir, Jóhanna Magnea og Þórsteinn Rúnar, hafa selt heimaunnar búvörur í mörg ár en aldrei úr sínu eigin grænmeti. Það þykir okkur ótrúlega spennandi og vonumst við til þess að geta fengið styrk út á það, eins og til dæmis til að bæta aðstöðu okkar og útbúa vinnslu,“ segir Indíana.

### Kostnaðurinn við að byrja að rækta

Indíana telur að breytingarnar sem urðu á búvörusamningunum leiði ekki beint til fjölgunar í greininni. „Því miður held ég að það verði ekki. Það fylgir því auðvitað kostnaður að byrja að rækta grænmeti. Þú þarft að hafa aðstöðu til þess að forsá í gróðurhúsi, þú þarft að vinna upp land, kaupa vélar ef þú átt þær ekki fyrir, mold, dúka og fleira. Eða ef þú ferð í grænmetisræktun sem ekki þarf að forsá fyrir þá þarftu réttu græjurnar í þvotta og annað.“

Varðandi möguleikana í íslenskri útiræktun bendir Indíana á að hér sé hægt að rækta miklu meira af því grænmeti sem selt sé innanlands. „Það ætti auðvitað að vera hvatning fyrir bændur að prófa nýja hluti sem og þróa sínar vörur og tala nú ekki um að kynbæta tegundir með tilliti til íslenskt veðurfars, þá myndum við nú öll vinna. Það hlýtur að vera miklu betra fyrir okkur öll að við gætum ræktað og alið mat ofan í okkur sjálf heldur





Liljar Þór Arnþórsson hjálpar til við skurðinn.



en að fá það sent að utan. Við vitum aldrei hvað gerist í þessum furðulega heimi okkar og hvort eða hvenær við þurfum að geta staðið á okkar eigin fótum óháð öðrum.“

*Tækifæri sem aukabúgrein*

Halla Sif, sem Eyjólfur nefnir hér að framan, er garðyrkjubóndi, eigandi Sólskins grænmetis, auk þess sem hún situr í stjórn deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands. Hún kom sjálf ný inn í greinina fyrir fáeinum árum og keypti þá Mela á Flúðum, sem var ein af stærri garðyrkjustöðvum Íslands, bæði í úti- og ylrækt grænmetis. „Við sáum þetta dálítið þannig við endurskoðunina að fyrst ekki var meira fjármagn í boði þá gæti þetta ákvæði, að minnka styrkhæft land í útiræktuninni, kannski verið gagnlegt til að opna dyrnar bæði fyrir nýliða og bændur í öðrum búgreinum að koma inn. Það var nefnilega dálítið stórt skref að taka áður, að fara beint í ræktun á einum hektara til að geta fengið einhvern stuðning. Þetta er hvatning fyrir þá sem stunda annan búskap að sjá meiri tækifæri í að taka hluta af hektara af landi undir til dæmis kálræktun sem ýtir þá undir betri skiptiræktun og bættari rekstrargrundvöll á þeirra búum. Salan getur þá mögulega farið fram beint frá bændunum til nærumhverfisins, fjarri borginni, frekar en að allt grænmeti fari í dreifingu í gegnum þessar hefðbundnu söluleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Ég ímynda mér að það sé ekkert auðvelt til dæmis fyrir nýjan blómkálsræktanda sem er með litla framleiðslu að koma sér fyrir á markaði. Þá var hugsunin kannski sú að gera nýliðum auðveldara fyrir með þessari minnkun á styrkhæfu ræktarlandi að reyna fyrir sér í nýjum tegundum sem þá er hægt líka að selja á betra verði sem sérvöru í raun,“ segir Halla Sif, sem segist þó ekki vita af neinum sem ætli að nýta sér þessar breytingar í sumar. „Þetta var þó skásta leiðin sem í boði var sem hvatning til nýliðunar í útiræktuninni. Til dæmis þeir sem eru tilbúnir til að leigja land og bara fara ferskir af stað,“ bætir hún við.

Halla segir að á móti þessu vegi sú staðreynd að heildarstyrkupphæðin þynnist út eftir því sem fleiri bætist við. Hins vegar sé mikilvægt þá að sýna stjórnvöldum að það sé áhugi á því að komast inn í greinina, í því skyni að hægt verði að sækja aukna fjármuni í framtíðinni.

*Vænleg rauðrófuræktun*

Eins og fram hefur komið hér að ofan hafa nokkrar nýjar tegundir verið reyndar á undanförnum árum; hvítlaukur, nípur og rauðrófur til dæmis. Rauðrófur nefnir Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sérstaklega sem vænlega tegund sem væri hægt að rækta í meira mæli hér auk þess sem markaðsaðstæður séu líka hagstæðar þar sem mikið er flutt inn af henni. Hann segir að hún sé þó ekkert auðveld í ræktun og þurfi langan vaxtartíma.

Varðandi breytingarnar á garðyrkjusamningnum segir Helgi að með þeim hafi verið að vissu leyti komið til móts við smærri framleiðendur, þannig að þær ættu rétt á einhverjum stuðningi.

Jarðræktarstuðningurinn virki þannig að hver framleiðandi sæki um þann hektarafjölda sem hann er með í ræktun og svo fá þær umsóknir sem samþykktar eru eftir úttektir útdeilt hlutfallslega úr þeim potti sem sé til ráðstöfunar. Það þurfi að vera uppskorið land.

*Skortur á þróunarfé til þekkingaröflunar*

Helgi segir að einungis örfáir nýir aðilar hafi gefið sig að honum undanfarið og óskað eftir ráðgjöf um fyrstu skrefin í útiræktun. Þeir séu þó ekki að hugsa um neinar nýjar tegundir fyrst um sinn, heldur þær sem þegar er komin góð reynsla af. Varðandi annað rótargrænmeti, matlauk og annað grænmeti sem flutt er til landsins í stórum stíl, segir Helgi að vandamálið sé að verðið sem þurfi að keppa við sé svo lágt. Garðyrkjubændur geta eiginlega ekki lagt út í slíka samkeppni nema hægt sé að skapa sér einhverja sérstöðu, til dæmis á forsendum gæða og uppruna – eins og ýmis dæmi séu um Íslandi. Til dæmis væri örugglega vel hægt að selja ferskan íslenskan matlauk, eins og nú er reynt til dæmis með hvítlauk.



Helgi Jóhannesson.

Hann segir margar tegundir sem fluttar eru hingað inn vera á mörkum þess að vera hægt að rækta á Íslandi, en undirstöðurannsóknir og tilraunir með yrki vanti þó tilfinnanlega fyrir greinina eins og sé í kornræktinni.

Þar vanti þróunarfé, sem væri þá hægt að nýta til þekkingaröflunar hjá bændum og í fræðasamfélögum.



Knowledge grows

# Niðurstöður gróffóðurkeppni Yara 2023

Það eru komin 7 ár síðan gróffóðurkeppni Yara var haldin í fyrsta sinn.  Með því að halda þessa keppni vill Yara undirstrika mikilvægi gróffóðuröflunar í búrekstri.  Gott skipulag jarðræktar sem byggir á nákvæmu skýrsluhaldi er  lykill að góðum árangri.

## Keppendur Gróffóðurkeppninnar:

- **Hjarðarfell**
  Gunnar Guðbjartsson og Sigurbjörg Ottesen
- **Hjartarstaðir**
  Halldór Sigurðsson og Ágústína S. Konráðsdóttir
- **Kúskerpi**
  Kúskerpi ehf.
- **Skeiðháholt**
  Jón Vilmundarson og Guðrún Helga Þórisdóttir
- **Sólbakki**
  Hartmann Bragi Stefánsson og Ólöf Rún Skúladóttir
- **Voðmúlastaðir**
  Lukas Haunstrup Jokumsen

**Sigurvegari Gróffóðurkeppni Yara 2023 eru bændurnir á Sólbakka í Vestur-Húnavatnssýslu.**

Lykill að þeirra árangri er gífurlega mikil uppskera sem fékkst í þremur sláttum.  En ekki síður frábær gróffóðurgæði.  Greinilegt að að góð nýting næst á búfjáráburði og tilbúnum áburði, þar sem uppskera er mikil miðað við áburðarnotkun.

Heildar uppskera var 9.365 kg þe/ha.  Meðaltal allra keppenda var 6.224 kg þe/ha. Þessi niðurstaða er gott dæmi um þann árangur sem hægt er að ná ef vandað er til verka.

**Hvað höfum við lært af gróffóðurkeppni Yara þetta árið?**

- Mikill breytileiki er í efnainnhaldi gróffóðurs og búfjáráburðar - Mikilvægt er að taka sýni á hverjum bæ og vinna með rauntölur, ekki treysta bara á leiðbeinandi gildi.
- Sýrustig í túnum er almennt of lágt – Hægt er að gera mikið betur í fóður-öflun með því að hækka sýrustig í jarðvegi.
- Fóðurgæði eru samspil þess að vanda vel til verka við alla ræktunina og þess að velja réttan sláttutíma með tilliti til fóðurmagns og gæða.  Veður er óvissu-þáttur sem hefur áhrif á heildar niðurstöðu, oft án þess að við það verði ráðið.

**Mynd 1: Uppskera, kg/ha.  Áburðarkostnaður, kr/kg þe.**
Grænt sýnir uppskerumagn úr 1. slætti, appelsínugult úr 2. slætti og blátt úr 3. slætti. Gulu hringirnir sýna áburðarkostnað, kr/kg þe.




**Mynd 2: Stig fyrir gæði og uppskeru gróffóðurs.  Sýrustig jarðvegs pH.**
Gefin eru að hámarki 22 stig fyrir gæði gróffóðurs í hverjum slætti. Fyrir uppskeru eru gefin 11 stig fyrir hvern slátt en til þess að fá stig þarf að ná >3.500 kg/þe ha í fyrri slætti en >2.500 kg þe/ha í seinni slætti. Gulu hringirnir sýna sýrustig jarðvegs, pH.



# Sigurvegarar Gróffóðurkeppninnar

## - Við völdum Yara vegna gæða



## Sólbakki

### Hartmann Bragi Stefánsson og Ólöf Rún Skúladóttir

Að venju sló enginn slöku við í gróffóðurkeppni Yara og var keppnin gríðarlega spennandi. Í ár voru það bændurnir á Sólbakka sem höfðu sigur úr býtum. Við þökkum öllum kærlega fyrir þátttökuna og óskum þeim til hamingju með glæsilegan árangur.



### Lykill að sigrinum

Við Dalsá í Víðidal, mitt á milli Hvammstanga og Blönduóss, má finna Sólbakka; kúabú sem rekið er af Hartmanni Braga Stefánssyni og Ólöfu Rún Skúladóttur ásamt tveimur börnum þeirra. Alls er um 100 nautgripir á Sólbakka, um 55-65 mjólkurkýr og nokkrar folaldsmerar.

„Við erum nýlega búin að losa okkur við síðustu kindurnar, eigum nokkur folöld en við stundum eingöngu kúabúskap. Nautkálfana reynum við að selja sem fyrst"

Hartmann og Ólöf taka á hverju ári hluta túnanna til endurræktunar og nota orðið smárablöndur mikið við endurræktun.

„Við notumst við smárablöndur með Snorra sem uppistöðu í Vallarfoxgrasinu. Erum aðeins að prófa okkur áfram með fjölbreyttar blöndur. Smárinn hefur verið að reynast vel í sumum stykkjum hjá okkur en öðrum ekki. Erum bara að prófa okkur áfram smátt og smátt til að sjá hvaða stofnar henta við okkar aðstæður".

Á Sólbakka er notast við Yara áburð með góðum árangri og er lögð mikil áhersla á að gera ítarlega áburðaráætlun. Lykill að árangri er að skrá allt samviskusamlega niður og stuðla að hámarks nýtingu búfjáráburðar.

„Við völdum Yara, fyrst og fremst, vegna gæða. En síðan er verðið líka samkeppnishæft við fjölkorna áburðinn. Við viljum að áburðurinn sé í lagi þegar pokinn er opnaður. Það er gott að vinna með Yara áburðinn, hann er nánast laus við ryk og köggla. Síðan er hann auðvitað einkorna. Ryk og kögglar eru merki um léleg gæði sem skilar sér í miklum breytileika í dreifingu með tilheyrandi uppskerutapi. Áburðurinn er stór og mikilvægur kostnaðarliður. Við viljum 100% gæði og teljum að það skili sér áfram í búskapnum."

Þau leggja mikinn metnað í gróffóðuröflunina og segja að það skipti höfuðmáli að vanda til verka þegar kemur að heyskapnum.

„Það eru svo margar leiðir til að gera mistök í gróffóðuröflun. Mikilvægt að velja réttan sláttutíma í takt við gæði og magn uppskeru sem sóst er eftir. Við stjórnum ekki veðrinu og þurfum því að vera glögg og lesa rétt í veðurspánna. Síðan þarf að tryggja að þau tæki sem unnið er með séu í góðu lagi og notuð rétt. Svo er smá sérviska alltaf mikilvæg".

### Mikilvægi kölkunar

Hartmann og Ólöf telja að jarðvegurinn hafi afgerandi áhrif á árangur í gróffóðuröflun. Huga þarf að frjósemi túna með sama hætti og að byggja þarf fjós yfir mjólkurkýrnar. Þau telja mikilvægt að huga vel að framræslu og ekki síður kölkun, sem skiptir gífurlega miklu máli varðandi nýtingu áburðarins og stuðli að langtíma frjósemi.

„Við erum að fylgjast með sýrustigi í jarðveginum og notum okkur þær niðurstöður til að gera kölkunaráætlun. Það stendur til að taka nokkrar spildur og kalka þær vel á komandi vori. Enda er hér mýrlendi og sýrustig gjarnan lágt. Við höfum verið að nota Dolomit kalk, sett það á gróið tún en líka beint í flög. Við erum í átaki til þess að hækka sýrustig. Við einfaldlega lítum á það sem skynsama fjárfestingu. Við tökum líka heysýni og erum að nota þau til að sjá almennilega hvað við erum með í höndunum. Enda skilar kölkunin sér í bættum gróffóðurgæðum, það er okkar reynsla."

Bændurnir á Sólbakka hafa mikla trú á árangri þess að kynbæta íslenskar nytjaplöntur og telja að það þurfi að rækta þolna og uppskerumikla stofna af túngrösum sem henta íslenskum aðstæðum. Þá sjá þau líka spennandi tækifæri í kynbótum á byggi og telja mikla möguleika fyrir íslenska matvælarækt felast í fjölbreyttari jarðrækt.

> „Svo er smá sérviska alltaf mikilvæg"

Við óskum þeim innilega til hamingju með sigurinn og það verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Hægt er að skoða Kornið í heild sinni á vefnum yara.is Eða með því að skanna QR-kóðan.

## Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

**Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línurnar fyrir sumarið og með það til hliðsjónar mun í næstu blöðum birtast yfirlit yfir helstu skemmtanir og húllumhæ hérlendis.**

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfinni í júnímánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppákomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Hins vegar fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða uppákomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

**Fjölskylduhátíðin Skógardagurinn mikli 2024 verður haldinn í hinum rómaða Hallormsstaðaskógi, laugardaginn 22. júní.** Þar mun fara fram Íslandsmót í skógarhöggi, grillveisla, ketilkaffi og heilmikil skemmtidagskrá að venju.

Í ár fagnar hátíðin 20 ára afmæli og í tilefni þess var nýverið haldin samkeppni um frumsamið lag og texta sem gaman verður að hlýða á.

Kunnugir vita að ekki er langt í hið vel þekkta Lagarfljót, híbýli Lagarfljótsormsins, en fljótið teygir sig um endilangt Fljótsdalshérað. Segir sagan að fyrir mörgum árum hafi stúlka ein sett gull sitt undir lyngorm, með það fyrir augum að auður hennar yxi. Ekki fór betur en svo að bæði ormur og gull uxu svo mikið að stúlkan hræddist og skutlaði hvoru tveggja út í Lagarfljót þar sem enn þann dag í dag telja sumir sig verða vara við dýrið.

**Aðfaranótt Jónsmessunætur** þykir mögnuð töfranótt þar sem draumar rætast, dýr tala og allir yfirskilvitlegir hæfileikar og mættir koma í ljós.

Óskasteinar, lausnarsteinar, draumagras, lásagras og huliðssteinar eru fólki til láns á Jónsmessunni, auk þess sem sumir telja lukku sína fólgna í því að vera sem frjálslegast til klæða svo auðvelt sé að velta sér nakinn í dögginni er líða tekur á nóttu.

Jónsmessuhátíðir eru haldnar allvíða og um að gera að njóta þeirra töfrandi stunda sem nóttin veitir.

**Hinseginhátíð Vesturlands verður haldin í fjórða skipti í ár og mun renna saman við hina sívinsælu Brákarhátíð, helgina 27.–30. júní nk.**

Brákarhátíðin er rótgróin skemmtun sem haldin hefur verið í Borgarnesi síðan 2009 og fest sig í sessi sem fjölskyldu- og skemmtihátíð. Bátasiglingar björgunarsveitarinnar, dögurður kvenfélagsins, dansleikur, götugrill og skreytingar víða um bæinn gleðja viðstadda en ákveðið hefur verið að sameina þetta allt í stærstu bæjarhátíðar- og partíhelgi Vesturlands, nóg af regnbogum, gleði, hamingju og glimmeri ... enda verður hápunktur helgarinnar gleðiganga Hinseginhátíðar Vesturlands á laugardeginum ásamt fjölbreyttri skemmtidagskrá að henni lokinni.

Það verður, eins og nærri má geta, mikið líf og fjör í boði alla helgina. Skipuleggjendur og samfélagið í heild sinni eru tilbúin að taka vel á móti gestum og gangandi og því um að gera að líta við í Borgarnesi þessa helgi. */sp*



**Þessi litli drengur taldi varhugavert að hætta sér nálægt bökkum Lagarfljóts nema vera með trjágrein sér til halds og trausts. Gróðursæld Hallormsstaðar umvefur þó gesti sína og veitir að öllu jöfnu öruggt skjól.** Mynd / sp



**Jónsmessubrenna á Eyrarbakka gleður hjörtu viðstaddra.** Mynd / Eyrarbakki



**Hér má sjá sögulega mynd þegar hinseginhátíðin var haldin í fyrsta skipti í Borgarnesi.** Mynd / Hinsegin Vesturland




# Júnímánuður

## Þriðja helgin, 13.–16. júní

**Bíladagar á Akureyri fara fram með pomp og prakt í tæpa viku, 13.–17. júní nk.** en um ræðir einn stærsta íþróttaviðburð sinnar tegundar sem haldinn er hérlendis.

**Dagana 13.–18. júní fer Víkingahátíðin í Hafnarfirði** fram á Víðistaðatúni þar sem gestir geta m.a. upplifað eldsmíði, jurtalitun og bogfimi auk tónlistar hljómsveitanna Krauku og Hrafnboða.

**Bráðskemmtileg bæjarhátíð, Hofsós heim, verður haldin dagana 14.–16. júní, dansiböll, gleði og glaumur.**

**Berjadagar á Ólafsfirði dagana 14.–17. júní** er fjölskylduvæn tónlistarhátíð klassískrar tónlistar, djass, brasilískrar tónlistar, þjóðlaga, íslenskra sönglaga og óperu.

**Þjóðhátíðardagur Íslands, 17. júní,** er haldinn hátíðlegur ár hvert um allt land svo nærri má geta að heilmikil stemning verði hvarvetna.

**Salthúsmarkaðurinn á Stöðvarfirði opnar dyr sínar þann 18. júní en opið verður alla daga í sumar frá kl. 10–17.** Er markaðurinn rekinn af félagi eldri borgara á Stöðvarfirði, en versla má m.a. íslenskt handverk, bakstur og annað. Fyrir heimsóknir utan venjulegs opnunartíma má hringja í 8960349/8938861.

**15. júní munu Sæskrímslin, kynjaverur Listahátíðar, mæta í Neskaupstað!**

**Þann 19. júní verður kvennaganga á Hólmanes á Austurlandi,** í fararstjórn Hrannar Grímsdóttur og Kömmu Daggar Gísladóttur. Mæting kl. 17 á bílastæði við útsýnisstaðinn á Hólmahálsi, en þaðan verður gengið út á Hólmanesið þar sem leitt verður jóga. Upplýsingar í síma 847-1690.

**Farin verður Sólstöðuganga í Hrísey þann 19. júní með Ferðafélagi Akureyrar.** Lagt verður af stað á einkabílum frá Strandgötu 23, Akureyri kl. 18:30 og ekið út á Árskógssand, þaðan sem ferjan leggur af stað klukkan 19:30, í fararstjórn Jóhannesar Áslaugssonar og Marínu Sigurgeirsdóttur. Áætlað er að ganga suður og austur í gegnum þorpið í Hrísey og svo haldið norður gönguleið austan á eynni. Farið verður norður að Borgabrík og þaðan til baka inn í þorpið. Stoppað verður á góðum stað til þess að njóta nestisbita og ferjan tekin til baka klukkan 23:00.

## Fjórða helgin, 21.–23. júní

**18.–22. júní verður tónlistarhátíðin Við Djúpið haldin, en um ræðir sex daga tónlistarhátíð á Ísafirði þar sem alla daga er boðið upp á fjölbreytta tónleikadagskrá.** Tónlistarmenn frá Evrópu, Bandaríkjunum, Reykjavík og Ísafirði troða upp, ýmist á styttri hádegistónleikum eða lengri tónleikum að kvöldi. Tónlistarnemendur geta sótt námskeið hjá reyndum kennurum og börnum býðst að sækja tónlistarleikjanámskeið.

**HIP Fest! Dagana 21.–23. júní v**erður haldin brúðulistahátíðin Hvammstangi International Puppet Festival á Hvammstanga, Norðurlandi vestra, þar sem brúðuleiksýningar og -kvikmyndir verða í hávegum hafðar.

**Sumarsólstöðuganga að Svarthamarsvatni!** Þann 22. júní stendur Ferðafélag Djúpavogs fyrir sumarsólstöðugöngu þegar gengið verður upp að Svarthamarsvatni í Álftafirði í fararstjórn Eiðs Ragnarssonar. Farið verður frá Bakka 1, 765 Djúpavogshreppi, klukkan 22.

**Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri verður haldin dagana 21.–23. júní,** en þar bjóða Kópaskersbúar og nærsveitamenn gestum heim og skemmta sér og öðrum. Til dæmis býður íþróttafélagið Þingeyingur upp á afþreyingu fyrir börn, haldið verður hið sívinsæla kjötsúpukvöld, Sólstöðutónleikar Flygilvina verða haldnir auk þess sem gleðisveitin Í góðu lagi stendur fyrir balli og lofar þéttum dansleik.

**Hátíðin Sumarsólstöður í Grímsey verður haldin dagana 21.–23. júní.** Verður dagskráin nokkuð háð veðri, en ef vel stendur á verður farið í siglingu á föstudagskvöldinu umhverfis Grímsey, gönguferð norður fyrir flugvöllinn og miðnætursólarinnar notið ... ef hún lætur sjá sig!
Á laugardeginum verður svo blásið til ratleiks og síðan sjávarréttakvölds í félagsheimilinu Múla og heljarinnar dansiball á eftir.

**Fjölskylduhátíðin Skógardagurinn mikli 2024 verður haldin í hinum rómaða Hallormsstaðaskógi laugardaginn 22. júní.**

## Fimmta helgin, 28.–30. júní

**Alla laugardaga frá lok júní fram til loka ágúst verður Sumarmarkaður á Selfossi í Tryggvagarði, laugardaga á milli kl. 10–16.**

**Bæjarhátíðin á Höfn í Hornafirði – Humarhátíð 2024 verður haldin með pomp og prakt 27.–30. júní 2024.** Boðið verður upp á humarsúpu í bland við fjölbreytta og skemmtilega dagskrá.

**Íbúar Bakkafjarðar tilkynna skemmtilegustu sveitahátíðina, Bakkafest 2024, helgina 28.–29 júní. 2024 á tjaldsvæði Bakkafjarðar.** Meðal annars koma fram þeir JóiPé og Króli, Færibandið, Stebbi Jak og Drottningar ... en fjölbreyttari dagskrá má finna á Facebook er nær dregur.

**Hinseginhátíð Vesturlands verður haldin í fjórða skipti í ár og mun renna saman við hina sívinsælu Brákarhátíð, helgina 27.–30. júní nk.**

# RISA SUMARTILBOÐ

## Á TRIIN D GARÐHÚSI - 34mm, 9.7 fm

VH/24-03



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 9,7 m²

Fullt verð kr. 599.900 m/vsk
*án fylgihluta.*

Tilboðsverð kr. 499.900 m/vsk
*án fylgihluta - afsláttur kr. 100.000.*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







www.volundarhus.is

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

# KYNNINGAR-TILBOÐ

## á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-02



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m²

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GRÓÐURHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GRÓÐURHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m²



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m²



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m²



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m²

www.volundarhus.is

## Breiðdalur:

# „Dýralækningar eru mínar ær og kýr“

## – Hákon Hansson hefur svarað kalli bænda í hálfa öld



**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Hákon Hansson hefur verið dýralæknir í 49 ár, þar af 47 á suðurfjörðum Austurlands. Senn lýkur hann einkar farsælu starfi með bændum og búaliði og ekki án eftirsjár.**

Hákon fæddist árið 1950 á Höfn í Hornafirði. Hann er kominn af lærdóms- og dugnaðarfólki. Faðir hans var þýskur en móðir hans, Björk, var dóttir Hákonar Finnssonar í Borgum í Hornafirði.

Hákon bjó í Kópavogi ásamt móður sinni og tveimur systrum en var mikið í Borgum í bernsku. Faðir Hákonar var menntaður járnsmiður og vann mikið en fjölskyldan var mjög samhent þar til Hans féll frá þegar Hákon var þrettán ára.

Hákon kynntist þýskum afa sínum nokkuð og heimsótti hann nokkrum sinnum í Þýskalandi á námsárunum. Faðir hans lést árið 1964.

Vert er að geta þess að Hákon Finnsson í Borgum var merkur maður á sinni tíð, fræðimaður og safnari, skrifaði mjög mikið og hélt m.a. dagbók í 40 ár sem fjölskyldan sá síðar um að koma í Þjóðskjalasafn. Hákon Hansson er, ásamt Karli Skírnissyni líffræðingi, höfundur bókar um nafna sinn og afa, sem út kom árið 2016.



Hákon Hansson, dýralæknir á suðurfjörðum Austurlands, hættir senn eftir 47 ára ötult starf með bændum að velferð skepna. Hann hefur séð sveitirnar hníga og rísa og segir talsverða nýliðun meðal bænda. Myndir / sá

### *Reyndur til leiks*

Hákon gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð, var þar í fyrsta árganginum og útskrifaðist 1970. Ekki síst eru honum minnisstæðir öndvegiskennararnir Vigdís Finnbogadóttir, Örnólfur Thorlacius og Jón Böðvarsson frá þeim árum. Hann segist allt frá tólf ára aldri hafa verið ákveðinn í að verða dýralæknir.

Haustið 1970 fékk Hákon inngöngu í dýralæknaskólann í Hannover í Þýskalandi. „Það var ansi erfitt að fara þetta,“ segir hann. Enda hafði hann aldrei áður farið til útlanda, hvað þá einn. „En einhvern veginn þá vildi maður ekki gefast upp. Það er dálítil svona ættarþrjóska í okkar fólki,“ segir Hákon sposkur. Vistin þótti honum erfið fyrstu tvö árin, m.a. að læra þýskuna almennilega og þá voru enn eftir rúm þrjú ár af náminu.

„Ég tók lokaprófið á afmælisdeginum mínum þegar ég varð 25 ára,“ segir Hákon og bætir við að þá hafi verið úr vöndu að ráða með framhaldið. Hann hafi illa treyst sér til að koma heim og ráðast reynslulaus einn út í sveit.

„Ég tók einhverja bestu ákvörðun sem hugsast gat og ákvað að ráða mig sem dýralækni í Þýskalandi til að byrja með. Ég var hjá tveimur mjög góðum dýralæknum sem ráku saman stofu sunnan við Saxelfi, skammt frá Cuxhaven, þar sem ég starfaði í eitt og hálft ár og fékk ómetanlega reynslu. Þeir sem fóru beint heim eftir nám lentu sumir í vandræðum því að þeir voru þá einir og ekkert hægt að leita eftir aðstoð,“ segir hann.

Hákon fór svo upp til Íslands eftir starfstímann og þá hafði hann m.a. í reynslubankanum eina 46 keisaraskurði á kúm.

### *Alltaf sáttur á Austurlandi*

Síminn hringir, enda sauðburður, og eftir að svara erindinu segist Hákon leggja sig fram um að bændur nái í hann vandræðalaust. Hann reyni alltaf að svara kalli. „Maður hefur innprentað bændum að draga ekki of lengi að hafa samband ef eitthvað er að. Þá eru alltaf meiri líkur á að hægt sé að hjálpa skepnunum,“ útskýrir hann.

Hákon var búinn að vera í hálfan mánuð á Íslandi eftir námið þegar hann tók við nýstofnuðu embætti héraðsdýralæknis á suðurfjörðum Austfjarða og settist að á Breiðdalsvík. Þetta var árið 1977. Hann hafi um tíma horft til embættis dýralæknis á Flúðum, sem komið var á fót 1986, enda verið aðstoðardýralæknir með náminu í Laugarási í Biskupstungum og hrifist af hinum öfluga og góða landbúnaði þar í sveitunum. En það átti ekki fyrir honum að liggja.

Hann segist alltaf hafa verið sáttur við að vera fyrir austan og aldrei séð eftir að ráða sig þangað. „Mér hefur liðið ósköp vel hérna. Allir hér, bændur og aðrir, hafa gegnum árin reynst mér alveg ótrúlega vel,“ segir hann.

### *Einn á vaktinni*

Dýralæknisumdæmið spannar svæðið frá Lónsheiði og að mörkum gamla Fáskrúðsfjarðarhrepps með austustu bæjum. Skepnur eru nú á um 40 bæjum í umdæminu.

Starfstími Hákonar sem dýralæknis á Austurlandi spannar nú 47 ár og hann er enn að störfum, 73 ára gamall. „Það fæst ekki maður hingað og á ekki að ráða dýralækni hingað aftur,“ útskýrir Hákon sem hefur frá árinu 2011, þegar héraðsdýralæknisumdæmin voru lögð niður, verið sjálfstætt starfandi en með samning við Matvælastofnun. „En þá bera menn líka ábyrgð á öllu,“ hnýtir hann við. „Ef ég fór í frí þurfti ég að finna mér afleysingu og var launalaus á meðan, þannig er samningurinn, maður verður að sjá um þetta allt sjálfur. Það er ansi mikið álag.

Síðan árið 2011 hef ég aldrei farið í lengra frí en hálfan mánuð. Tja, nema þegar ég slasaði mig 2020, þá var ég skikkaður í tveggja mánaða frí,“ segir hann með nokkurri kaldhæðni.

> Maður hefur innprentað bændum að draga ekki of lengi að hafa samband ef eitthvað er að ...

### *Talsverð nýliðun í sveitunum*

Vinnuloturnar segir Hákon ganga í hviðum. Það geti verið rólegt fyrstu vikur ársins og í sumarlok en vorin og haustin annasöm. Þá komi til ýmis verkefni eins og bólusetningar. Gera þurfi ýmsar aðgerðir, m.a. keisaraskurði á ám. Enginn dagur sé eins.

„Sauðburðurinn er aðalmálið hér. Þegar ég byrjaði voru hér 37 kúabú en núna eru þau þrjú. Nú er svo vel hugsað um kýrnar og ekki lengur mikið að gera varðandi þær,“ segir hann. Innflutningur á erlendum kúakynjum hugnast honum ekki. „Ég held að þetta sé orðið svo gott núna að þess þurfi ekki. Kýrnar okkar í dag eru orðnar svo afurðamiklar. En sjálfsagt kemur þetta, ég þykist vita það. Það er ákveðinn þrýstingur á innflutning,“ segir hann.

Dálítil nautarækt er í sveitunum umhverfis en Hákon segir það ekki mikið. Mest séu þetta sauðfjárbændur og einhverjir með hesta líka. Hann sinni þessu öllu eftir þörfum. Sem betur fer sé fólk enn þá í sauðfjárbúskap en horfurnar séu því miður lakar; fólk þurfi að vinna fulla vinnu með slíku til að hafa nægjanlega afkomu.

Býlum fækkar en jarðnæði er víða ágætt. „Á þessu svæði voru margir bændur farnir að eldast fyrir svona þremur áratugum og menn sáu ekki beint hvernig þetta myndi þróast,“ segir Hákon. Heilmikil nýliðun hafi þó orðið og lítið sé orðið um mjög gamla bændur. „Sömuleiðis er nokkuð annar bragur á búskapnum og sveitunum. Að öðru ólöstuðu var gamla sveitamenningin dásamleg og fólkið svo gott, hlýtt og fínt. Það bar mann nánast á höndum sér. Þó að þetta fólk hefði flest ekki farið í skóla, eða bara stutt í nám, var það bæði vel lesið og bráðvelgefið upp til hópa,“ bætir hann við.

Hákon segir langflesta bændur natna og sinna sínum búskap vel.

*Framhald á næstu opnu.*






Breiðdalshreppur sameinaðist Fjarðabyggð árið 2018. Á Breiðdalsvík er nokkur uppgangur í atvinnulífi og ferðaþjónustu og menn una við sitt.


vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU
VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM
TIL 18. JÚNÍ 2024
KAUPAUKAR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Hettupeysa • Bolur • 100 lm vasaljós • Hitabrúsi • Buff
HAPPDRÆTTI
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!
Foosball borð • Götureiðhjól • Fótboltar
vfs.is
Sjáðu dagskrána og öll tilboðin!
VERKFÆRA SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Breiðdalsvík er lítið sjávarþorp þar sem búa um 200 manns. Upp af víkinni er Breiðdalur, landmestur dala á Austfjörðum og búsældarlegur. Riðan lék þó sauðfjárbúin í Breiðdal grátt og um helmingur bænda hætti.



Fyrrum voru tvö togskip gerð út frá Breiðdalsvík. Nú eru bátarnir minni.



Hér stendur Hákon við að gefa kú í æð, eitt það algengasta sem dýralæknar gera við meðhöndlun á kúm. Þá er oftast um að ræða doða, Mg-skort, súrdoða eða aðra efnaskiptasjúkdóma. Mynd / Aðsend

### *Varar við glannaskap í riðuvörnum*

Þegar Hákon kom á Breiðdalsvík voru 32 sauðfjárbú bara í Breiðdalnum. Svo kom upp riða og olli mjög miklu tjóni. Aðalniðurskurðurinn var árið 1987 en þá var riðan komin á nánast alla bæi í Breiðdal nema þrjá. Hákon segir það hafa verið hryllilegt.

„Þegar farið var í niðurskurðinn, sem var óhjákvæmilegt því ella hefði allur búskapur lagst af, var þetta óskaplega sárt og ótrúlegt hvað bændur lögðu á sig í þeim efnum og hvað þeir sættu sig við. Bæturnar voru ekki upp á marga fiska. Allt þurfti að sótthreinsa og urða og gríðarlega mikil verkefni sem fylgdu þessu. Bændurnir voru yfirleitt fjárlausir í tvö til þrjú ár og þetta var náttúrlega gífurlegt áfall fyrir þá. Um eða yfir helmingur þeirra byrjaði aftur, hinir hættu bara,“ lýsir hann.

Nú eru verndandi, eða mögulega verndandi, arfgerðir komnar til sögunnar. Hákon var skipaður í sérfræðingahóp sem fjallaði um þau mál fyrir ráðuneytið. „Vonandi að þær skili sér,“ segir hann. „Það er þarna ein tegund sem vísindalega er sannað að vörn er í og verið að reyna að rækta mikið út af því. Fyrstu kindurnar með þessa arfgerð komu frá Þernunesi í Reyðarfirði. Einnig hefur fundist fé með þetta á tveimur bæjum í Dölunum. Þetta er mjög jákvætt. Svo er nú verið í dálítilli tilraunastarfsemi sem ég er ragur við. Það er búið að fórna svo miklu og menn búnir að leggja svo mikið á sig að það má ekki fara út í einhverja ævintýramennsku,“ segir hann með þunga og heldur áfram: „Það er allt í lagi að vera með hugsanlega verndandi arfgerðir þar sem riða hefur aldrei fundist en þetta verður að rannsaka betur áður en farið er að setja hugsanlega verndandi arfgerðir inn á riðusvæði þegar verið er að taka nýtt fé. Það virðist þó vera lítil samstaða um það. Mér finnst þetta svolítill glannaskapur.“

### *Fræðsla til bænda*

Hákon hefur ritað og birt fjölmargar fræðslugreinar um dýrasjúkdóma, t.d. varðandi forvarnir og meðhöndlun við orma- og hníslasmiti, bógkreppu í sauðfé og burðarhjálp, svo fátt eitt sé talið. Hann segist snemma hafa lagt sig eftir að sinna sauðfénu því ekki nenni allir dýralæknar að sinna því. Enda kannski lítið orðið annað en símaráðgjöf nema helst á sauðburði. Hann hafi einnig haft ánægju af því að fræða bændur.

Sauðfjárskólinn var verkefni sem nokkur búnaðarsambönd á Norður- og Austurlandi komu á fót og RML hélt síðar áfram með. Leitað var til Hákonar með að fjalla um sauðfjársjúkdóma, sem hann og gerði og fjallaði um flesta þekkta sjúkdóma í fé. Hann nestaði svo námskeiðsgesti með fræðsluefninu og segir bændur hafa verið mjög áhugasama. Það sem hafi verið að birtast annað slagið um dýrasjúkdóma, m.a. í Bændablaðinu, sé sprottið frá þessari fræðslu. Hann hefur einnig frætt um sjúkdóma í hreindýrum og var formaður hreindýraráðs í 26 ár.



Hákon hlaut Landstólpann árið 2021 fyrir framlag sitt til samfélagsins.

### *Mikill menningarmaður*

Hákon er maður ekki einhamur og hefur gjarnan lagt lið menningu, í besta skilningi þess orðs. Hann kom til dæmis að stofnun Breiðdalsseturs árið 2010 og hefur stutt það með ráði og dáð síðan. Setrið, sem er orðið rannsóknasetur Háskóla Íslands, hverfist að miklu leyti um jarðfræði og málvísindi. Hann beitti sér m.a. fyrir því að borkjarnasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands yrði flutt til Breiðdalsvíkur árið 2017 í tengslum við setrið.

Hákon kom einnig að Einarsvöku í Heydölum, til minningar um sr. Einar Sigurðsson, prest í Heydölum 1590–1626 og eitt afkastamesta sálmaskáld Íslendinga á þeim tíma. Frumkvöðull þess verkefnis var sr. Gunnlaugur Stefánsson, fv. sóknarprestur í Heydölum.

Búið var að safna fjármunum, um 20 milljónum króna, til byggingar sérstakrar Einarsstofu við kirkjuna, en fjármununum er af ýmsum ástæðum enn óráðstafað.

Hann er mikill bókamaður og þá ekki síður tónlistarunnandi og hefur m.a. sótt óperur og aðra tónleika í Þýskalandi og Austurríki. „Þessi áhugi á klassískri tónlist byrjaði þegar ég var í menntaskóla, en ekki síður á rokkinu. Ég var til dæmis að kaupa mér miða á tónleika með Gildrunni. Annars er Rolling Stones mín hljómsveit,“ upplýsir hann.

Hákon er svokallaður Flygilvinur og átti sinn þátt í að tókst að kaupa og borga að fullu glæsilegan Estonia-flygil til tónleikahalds á Breiðdalsvík, þar sem m.a. hafa stigið á svið erlendir einleikarar.

### *Vakað yfir hagsmunum byggðarlagsins*

Ef undan er skilið starf dýralæknisins er starf Hákonar um áratugaskeið í þágu atvinnulífs og sveitarstjórnarmála á svæðinu þó líklega viðamest. Hann var formaður stjórnar kaupfélagsins á árunum 1978 til 1985 og stjórnarformaður Hraðfrystihúss Breiðdælinga á árunum 1983–1987.

Hann hlaut Landstólpann, samfélagsviðurkenningu Byggðastofnunar, árið 2021. Í umsögn með viðurkenningunni sagði m.a: „Hákon hefur alla tíð látið sig atvinnu- og samfélagsmál í Breiðdal varða. ... Hákon fékk flest atkvæði til sveitarstjórnar í kosningunum 2014 og tók við embætti oddvita Breiðdalshrepps til 2018. Það segir talsvert um stöðu hans í samfélaginu, en þetta voru að mörgu leyti mjög erfið ár í sögu Breiðdalshrepps. Breiðdalshreppur var eitt fyrsta byggðarlagið til að taka þátt í verkefnum Byggðastofnunar, Brothættar byggðir. ... Hann hefur jafnan verið vakinn og sofinn yfir hagsmunum síns byggðarlags og ekki hikað við að beita sér þegar þess hefur þurft fyrir velferð þess og hagsmunum íbúa.“

Breiðdalshreppur sameinaðist Fjarðabyggð árið 2018.

### *Þyngsli fyrir brjóstinu*

Um áramótin 2020–2021 fór Hákon á eftirlaun en hefur eigi að síður haldið áfram að sinna dýralæknisþjónustunni. „Mér finnst ég hafa vissar skyldur við þetta fólk sem hefur reynst mér vel í gegnum árin, meðan ég get það,“ segir hann og heldur áfram:

„Ég er ráðinn núna í hálft starf sem dýralæknir, eitt ár í senn. Ég hef nú samt verið alveg í fullu starfi þótt það sé látið heita hálft. Og eftir breytinguna 2020 hef ég ekki fengið bakvaktir greiddar, þannig að ég tek bakvaktir hér án þess að fá greitt fyrir það. Ég er þó ekkert að kvarta yfir því, enda kominn á eftirlaun,“ segir hann sposkur.

Þegar hann hætti verði dýralæknisþjónustu sinnt frá Egilsstöðum og er þá orðið um verulegan veg að fara í útköll á suðurfirði. Hákon lýkur því senn störfum, í sumar eða í síðasta lagi eftir sauðburð á næsta ári.

„Þegar ég hef verið að tala um að hætta, alveg frá því fyrir 2020, fæ ég dálítil þyngsli fyrir brjóstið. Þetta hefur verið mitt líf, mínar ær og kýr alla tíð.“

Það hefur heyrst í umdæmi Hákonar að menn megi ekki til þess hugsa að missa hann úr starfi dýralæknis. Hann segir það nú einkum sprottið af því að ekki komi annar í staðinn þegar hann hætti, frekar en að það snúist um hans persónu. „Þetta er líka erfitt fyrir mig, því eftir öll þessi ár eru þetta orðnir vinir mínir,“ segir hann. Honum þykir vænt um einveruna, leitar á náðir bókmennta og tónlistar, og segist vera orðinn dálítill einfari í eðli sínu.

„Þeir sem urðu bestu vinir mínir hér fljótlega eftir að ég kom voru flestir dálítið eða miklu eldri en ég og eru eiginlega allir fallnir frá. Svo ég er mikið einn en finnst engu að síður mjög gaman að hitta fólk. Ég svara alltaf kalli,“ segir Hákon að lokum.




Husqvarna
HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Þjónustuverkstæði og varahlutir
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm
Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max
Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata
Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg
Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

## Loðdýrarækt:

# Horfurnar í minkaræktinni góðar

## – Búgrein sem getur skapað góðar gjaldeyristekjur að mati Björns Harðarsonar

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Björn Harðarson tók við embætti formanns deildar loðdýrabænda hjá Bændasamtökum Íslands í vetur. Hann rekur minkabú í Holti í Flóa ásamt dóttur sinni og tengdasyni.**

Samhliða loðdýraræktinni stundar Björn kúabúskap, sem hann viðurkennir að hafi verið nauðsynlegur til að halda minkabúinu gangandi. Ferill hans sem minkabóndi hófst árið 2012 þegar hann gerði aðstöðu fyrir þrjú hundruð læður í gömlum fjárhúsum í samstarfi við dóttur sína, Hönnu Siv Bjarnardóttur, og tengdason, Ólaf Má Ólafsson.

Árið 2014 var byggður stór skáli fyrir minkaræktina rétt norður af bæjartorfunni þar sem rými er fyrir 1.500 læður og segir Björn þetta nýjasta minkahús landsins. Frá því að nýja húsið var tekið í notkun hefur ekki fengist hátt verð fyrir minkaskinn. Þeir sem hafi verið í loðdýrarækt lengur hafi notið góðs af mikilli uppsveiflu sem var á árunum áður en fjölskyldan í Holti stökk á vagninn.



Björn Harðarson í Holti tók við embætti formanns loðdýrabænda í vetur eftir að forveri hans, Einar Einarsson frá Syðra-Skörðugili, hætti búskap um áramótin. Myndir / ál

### *Skemmtilegur búskapur*

Þrátt fyrir að vera fjárhagslega krefjandi segir Björn að minkarækt sé skemmtilegur búskapur. Nú séu hins vegar einungis sex minkabú eftir í landinu og á fjórum þeirra eru bændurnir með vinnu utan bús eða annan búskap sem styður við loðdýraeldið.

Samfélagið í kringum minkaeldið er að mati Björns afar gott. Allir séu tilbúnir til að aðstoða, gefa ráð og selja dýr. Þá hittast bændurnir reglulega og bera saman bækur sínar. Ólafur skýtur inn í að nú sé orðið erfiðara að halda stór partí þegar svona fáir eru eftir, en að öðru leyti séu bændurnir í búgreininni bjartsýnir.

Björn telur að í landinu séu um 9.000 minkalæður, en hver þeirra getur eignast að meðaltali fjóra til fimm hvolpa á ári. Til þess að koma í veg fyrir skyldleikaræktun eru bændur duglegir að skiptast á dýrum. Yfirleitt séu keyptir kynbótahögnar af öðrum búum, en þegar minkabú hafa verið lögð niður hafi aðrir keypt flest öll dýrin og flutt yfir á sín bú.

### *Kínverjar farnir að kaupa*

Horfurnar í minkaræktinni ættu að vera góðar að mati Björns. Nú séu Kínverjar aftur farnir að kaupa skinn á uppboðum eftir að hafa horfið alfarið frá þeim í Covid-19 faraldrinum. Jafnframt séu allar birgðir sem höfðu safnast upp að klárast og framleiðslan á heimsvísu orðin lítil. „Ef eitthvað er eftir af markaðnum þá ætti þetta að geta lagast," segir Björn.

Á síðustu uppboðum hafi öll skinn selst og verðið hækkað um tuttugu til tuttugu og fimm prósent.



Verðið á minkaskinnum hefur verið lágt undanfarin ár. Björn viðurkennir að kúabúið hafi hjálpað til við að halda búskapnum á floti.

Meðalverðið hafi verið nálægt 4.500 krónum en þurfi að vera á bilinu átta til níu þúsund krónur til þess að standa undir kostnaði.

Í löndunum í kringum okkur hefur búum ýmist fækkað verulega eða greinin lagst af, eins og í Svíþjóð, Noregi og Hollandi. Eftir stendur Finnland þar sem greinin lifir enn og segir Björn Dani vera farna að endurvekja nokkur bú hjá sér eftir að öllum minkum var slátrað í Covid-19 faraldrinum. Hann nefnir að jafnframt séu minkabú í Póllandi og Eistlandi.

Eftir hrun minkaræktarinnar í Danmörku standi Ísland eftir með bestu gæðin á skinnum á heimsvísu. Lykillinn að góðu minkaskinni séu stór, fínhærð dýr með þétt undirhár og þétt yfirhár sem eru ekki of löng. Munurinn á gæðunum á Íslandi núna og þeim sem voru í Danmörku sé ekki mikill, en þar hafi breiddin verið meiri með fleiri litaafbrigðum.

### *Nýtir lífrænan úrgang*

Björn telur greinina eiga rétt á sér þar sem hún byggist á að nýta lífrænan úrgang sem annars færi til spillis. Afurðirnar séu jafnframt umhverfisvænar, en minkapels geti átt langan líftíma og eftir að honum er hent brotnar hann niður. Greinin kalli á sáralítinn innflutning en geti hins vegar skapað gjaldeyristekjur. Þegar minkaræktin náði hámarki á Íslandi voru útflutningstekjur af greininni tveir milljarðar króna en hafi farið niður í 200 milljónir kr. þegar minnst var.

Þá sé ekkert verra að rækta þessi dýr en önnur ef farið er vel með þau. Sumir hafi notað þau rök að þar sem minkar eru ekki nýttir til manneldis eigi búgreinin ekki rétt á sér. „Við erum að rækta alls konar dýr til alls konar nota, bæði okkur til ánægju og brúkunar. Það sem skiptir öllu máli er að dýrunum líði vel á meðan þau lifa," segir Björn.

### *Got í byrjun maí*

Við got í byrjun maí eru hvolparnir sköllóttir og á stærð við fingur. Læðurnar eiga allt frá einum upp í fjórtán hvolpa, en meðaltalið er í kringum fjóra til fimm. Ef læðurnar eiga of marga hvolpa er auðvelt að venja þá undir aðrar. Ólafur segir drjúga vinnu vera á vorin og þótt hann telji að hægt sé að líkja tímabilinu við sauðburð þurfi í langflestum tilfellum ekki að veita aðstoð við got.

Þegar hvolparnir eru orðnir átta vikna gamlir eru þeir teknir frá móðurinni. Hinir eru tveir til þrír saman, eftir því hversu stór búrin eru, en dýrunum líður best með félagsskap. Minkarnir hafa alltaf aðgang að hálmi og sagi sem þeir nýta til að þrífa sig og útbúa sér hreiður í búrunum. Þegar kemur fram í nóvember er farið í gegnum öll dýrin og lagt mat á hvaða minka skuli láta lifa og hverjir skuli fara í pelsun. Hún fer fram á minkabúunum og er eitt fyrsta skrefið að setja dýrin í svokallaðan drápskassa sem er fylltur með útblæstri bensínmótors.

Björn telur ferlið ekki valda minkunum streitu, en þeir séu innan um önnur dýr og í myrkri þar sem þeim líður vel. Dýrin eru látin hlaupa í gegnum rör sem leiðir þau ofan í kassann. Þar missa þau meðvitund eftir tuttugu sekúndur og eru dauð eftir eina til tvær mínútur.

Eftir slátrun eru dýrin sett í tromlu með sagi til þess að hreinsa pelsinn og að því loknu eru þau flegin. Hræin sem

## 5 hlutir sem Björn getur ekki verið án



**1. Gúmmístígvél:** „Þau voru talin mesta framþróun í landbúnaði hér áður fyrr."



**2. Liðléttingur:** Hann auðveldar alla vinnu við gjafir.



**3. Hanskar:** Þeir skipta máli við meðhöndlun minka.



**4. Fóðurvélin:** „Maður myndi ekki vilja vera án hennar í marga daga."



**5. Mjaltaþjónn:** Hann minnkar líkamlega vinnu við mjaltir.


Allt fyrir sumarsmíðina!

Mikið úrval af vönduðum stigum, tröppum og pöllum,
hannað fyrir mikla notkun í erfiðum aðstæðum.

Leyfðu okkur að leiðbeina þér í öruggum sérhæfðum lausnum fyrir þínar framkvæmdir.



Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á vpallar.is

VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is


Í Holti í Flóa er rekið blandað bú með mjólkurframleiðslu og minkarækt. Þá eru einnig nokkrar kindur á bænum.


Hanna Siv Bjarnardóttir og Ólafur Már Ólafsson standa hér með Elínu dóttur sinni.


Nýjasta minkahús landsins er í Holti. Það stendur rétt norðan við bæjartorfuna og rúmar 1.500 læður.


Þegar minkunum er slátrað fara þeir í svokallaðan drápskassa sem hefur verið fylltur af útblæstri bensínvélar. Björn segir ferlið ekki valda minkunum streitu.

falla til við pelsun eru send í brennslu en Björn er bjartsýnn á að þau muni nýtast til kjötmjölsframleiðslu þegar búið verður að byggja upp aðstöðu til þess.

Ein hliðarafurð minkaræktar er minkaolía. Einar Einarsson, sem var með minkabú á Skörðugili, sá um að skrapa og þurrka skinn fyrir nokkra minkabændur og framleiddi handáburð og aðrar snyrtivörur úr fitunni sem féll til. Björn segir óljóst hvert framhaldið verði af því, en Einar hætti í minkarækt um áramótin.

Þegar skinnin hafa verið þurrkuð eru þau send á uppboðshús erlendis. Áður en saumaðar eru úr þeim flíkur þurfi kaupendurnir að senda skinnin í sútun.

### *Vann í verksmiðju Volvo*

Björn er uppalinn í Holti þar sem pabbi hans og tveir föðurbræður ráku kúabú sem var býsna stórt á þess tíma mælikvarða. „Mér leiddist alltaf að mjólka kýr. Allt hitt var gaman, vélarnar og það dót, svo ég fór í Vélskóla Íslands í fjögur ár og aðeins á sjó,“ segir Björn. Hann fluttist svo til Svíþjóðar ásamt fyrrum eiginkonu sinni og börnum þar sem Björn vann í verksmiðju Volvo í Skövde í Vestur-Gautlandi.

„Við ætluðum að vera þar í tvö ár, en þau urðu fjórtán.“ Árið 1995 sneri fjölskyldan heim og tók við búskap í Holti. Árið 2001 var ráðist í að breyta fjósinu í lausagöngu og var settur upp róbót síðasta haust þar sem áður var mjaltagryfja. Aðspurður um hver upplifunin sé af því að vera með mjaltaþjón segir Björn að vinnan sé ekki eins líkamleg og ekki bundin eins þröngum tímaramma. Áður hafi hann mjólkað hátt í hundrað kýr sem hafi tekið samtals fimm tíma á dag. Nú séu kýrnar í kringum sjötíu, sem er nálægt því mesta sem einn mjaltaþjónn ræður við, og felist vinnan helst í þrifum, eftirliti og gjöfum. Nú stendur til að Hanna og Ólafur kaupi sig inn í kúabúið í Holti. Þau eru í kringum fertugt og segist Hanna ekki alltaf hafa stefnt að búskap, á meðan Ólafur var með kindur þegar þau kynntust. Hún er menntuð ljósmyndari og hefur sinnt ýmsum verkefnum því tengt undanfarin ár, á meðan Ólafur hefur starfað við smíðar og verið launamaður á kúabúinu í Holti.

Björn vonast til að ná einu góðu tímabili í minkaræktinni á ferlinum, en hann verður 65 ára í haust og segist ekki yngjast upp úr þessu. Aðspurður hvar hann sjái sig eftir fimm til tíu ár kveðst Björn ætla að vera áfram viðloðandi staðinn á meðan hans er þörf og heilsan leyfir. „Ég verð svona próventukarl eins og það var kallað í gamla daga. Það var þannig að menn keyptu kotið og gamli bóndinn fékk að búa þar á meðan hann lifði.“

### *Mælir með starfi bóndans*

Helstu verkefni Björns um þessar mundir sem nýr formaður loðdýrabænda eru að skipuleggja verkun á skinnunum í haust og leggja á ráðin um flutning afurðanna á uppboðshúsið í Finnlandi í vetur.

Hann þurfi jafnframt að eiga í samskiptum við WelFur, sem sé alþjóðlegt vottunarkerfi um velferð loðdýra.


Björn tók við kúabúinu í Holti árið 1995. Áður hafði hann menntað sig í Vélskóla Íslands og starfað í verksmiðju Volvo í Svíþjóð.

Björn segir landbúnað og byggð í sveitum vera mikilvæga fyrir landið. Bæði til að viðhalda mannlífi í dreifðari byggðum og til að framleiða innlend matvæli.

Hann segist geta mælt með starfi bóndans, þrátt fyrir að það sé tímafrekt og gefi fá færi á fríum. „Þetta er mjög góður lífsstíll ef menn eru ekki að drepast úr áhyggjum af peningum,“ bætir hann við glettinn. Best sé þó að fólk prófi eitthvað annað fyrst.

„Þá veit maður af hverju maður er ekki að missa þó maður sé fastur í búskap.“


Minkarnir fá aðgang að hálmi til að gera þétt hreiður í búrin.


REYKJADALUR

# STÓÐHESTAR Í SÆÐINGUM SUMARIÐ 2024




**IS2018182573 Húni frá Ragnheiðarstöðum**
Faðir: Álfaklettur frá Syðri-Gegnishólum
Móðir: Hending frá Úlfsstöðum
Aðaleinkunn **8,52** | Sköpulag **8,76** | Hæfileikar **8,38**




**IS2006187114 Spuni frá Vesturkoti**
Faðir: Álfasteinn frá Selfossi
Móðir: Stelpa frá Meðalfelli
Aðaleinkunn **8,92** | **Heiðursv. fyrir afkvæmi** | Sköpulag **8,43** | Hæfileikar **9,25**




**IS2009167169 Hringur frá Gunnarsstöðum I**
Faðir: Hróður frá Refsstöðum
Móðir: Alma Rún frá Skarði
Aðaleinkunn **8,30** | **1. verðlaun fyrir afkvæmi** | Sköpulag **8,20** | Hæfileikar **8,36**




**IS2015158431 Skarpur frá Kýrholti**
Faðir: Skýr frá Skálakoti
Móðir: Skrugga frá Kýrholti
Aðaleinkunn **8,63** | Sköpulag **8,61** | Hæfileikar **8,64**




**IS2012181608 Þráinn frá Flagbjarnarholti**
Faðir: Álfur frá Selfossi
Móðir: Þyrla frá Ragnheiðarstöðum
Aðaleinkunn **8,95** | **1. verðlaun fyrir afkvæmi** | Sköpulag **8,70** | Hæfileikar **9,11**




**IS2018135715 Hrafn frá Oddsstöðum I**
Faðir: Viti frá Kagaðarhóli
Móðir: Elding frá Oddsstöðum I
Aðaleinkunn **8,70** | Sköpulag **8,98** | Hæfileikar **8,55**

Verð miðast við fengna hryssu með sæðingu og vsk.

Kostnaður vegna sæðingar og hagagöngu er annars 100.000 með vsk.

Innifalið í þessum verðum er sæðing, sónarskoðanir, legskolun og hormónameðhöndlun ef þarf sem og hagaganga og umönnun.

Frekari lyfjameðhandlanir og sýnataka ef grunur er um legbólgu er ekki innifalið.

DÝRALÆKNIRINN FLÚÐUM

Frekari upplýsingar og pantanir:

**Jón 847 8130**
**Guðríður 892 6442**
**dyr.fludum@gmail.com**

Sameinuðu þjóðirnar:

# Þjóðir heims taka í taumana

**Þjóðir heims vinna að sameiginlegum sáttmála um að koma í veg fyrir plastmengun á jörðinni. Reiknað er með að hann taki gildi á næsta ári.**

Í nóvember 2024 munu fulltrúar ríkisstjórna þjóða heims koma saman í Suður-Kóreu, í fimmtu og síðustu lotu samningaviðræðna um alþjóðlegan, bindandi sáttmála um að koma í veg fyrir plastmengun á jörðinni. Slíkur sáttmáli er talinn vera dauðafæri til að skapa alþjóðlega lausn á þeirri vá sem stafar af plastmengun um heim allan. Ísland tekur þátt í sáttmálanum. Útlit er þó fyrir að ekki verði sett þak á plastframleiðslu.

Markmið sáttmálans er að minnka framleiðslu helstu plastefna um 40% milli áranna 2025 og 2040 og útrýma öllum óþarfa plastvörum sem hafa mengunarhættu í för með sér, þ.m.t. einnota hlutum og óþarfa umbúðum. Jafnframt á að koma á bindandi og sértækum hönnunarkröfum um plastvörur og samtengdum ráðstöfunum og aðferðum til að gera þessi umskipti skilvirk og réttlát, þ.m.t. í formi tæknilegrar og fjárhagslegrar aðstoðar. Þannig á að berjast heildstætt gegn allri plastmengun með aðgerðum sem beinast að öllum lífsferli plasts og stuðla jafnframt að ábyrgri neyslu og framleiðslu.



Því er spáð að miðað við núverandi þróun verði heimsframleiðsla plasts komin í 1.100 milljónir tonna árið 2050. Það er rúmlega tvöföldun frá því sem nú er. Mynd / Naja Bertolt Jensen

### *Ísland hvatti til alþjóðasáttmála*

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að hringrásarnálgun við framleiðslu og meðferð plasts gæti minnkað innstreymi plastúrgangs í höfin um yfir 80% til ársins 2040 og minnkað frumframleiðslu plasts um 55%, með tilheyrandi sparnaði í fjármunum og losun gróðurhúsalofttegunda.

Vorið 2019 samþykktu Norðurlöndin sameiginlega yfirlýsingu þar sem þau mæltu fyrir nýjum alþjóðlegum samningi gegn plasti í hafinu. Norræna ráðherranefndin hefur fjallað um hvernig slíkur sáttmáli gæti litið út og hvatt til alþjóðlegs samkomulags. Ísland hefur verið í hópi ríkja sem hafa barist fyrir því að samningur um plastmengun sé gerður.

Samtal um sáttmálann hófst árið 2017, þegar umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna stofnaði sérfræðingahóp sem falið var að kanna hugsanlegar aðgerðir á heimsvísu til að styðja við langtímaútrýmingu sjávarsorps og plastmengunar. Alþjóðasjóður villtra dýra (e. World Wildlife Fund/WWF), ásamt öðrum umhverfissamtökum, setti þá í fyrsta sinn fram hugmyndina um alþjóðlegt og bindandi samkomulag gegn plastmengun.

Í mars 2022 ræddi fimmta umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna, í Kenýa, hina alþjóðlegu plastkreppu. Samþykktu 175 þjóðir þá að undirbúa alþjóðlegan sáttmála um plastmengun, sem tæki gildi nú 2024, og komust jafnframt að samkomulagi um að hraða aðgerðum svo hægt yrði að innleiða sáttmálann strax árið 2025.

Fjórði fundur milliríkjasamninganefndar um málið fór fram í lok apríl sl. í Ottawa, Kanada. Lagt hafði verið til ákvæði um hámark á árlegri plastframleiðslu en það komst ekki inn í samningsdrögin. Hefur það verið harðlega gagnrýnt af m.a. náttúruverndarsamtökum og þykir veikja tilvonandi samning.

Fundur umhverfisráðherra G7-ríkjanna, haldinn á Ítalíu 13.-15. júní, fjallar m.a. um hvaða möguleikar eru á að draga úr plastframleiðslu á heimsvísu.

### *Plastframleiðsla meira en tvöfaldist*

Því er spáð að miðað við núverandi þróun verði heimsframleiðsla plasts komin í 1.100 milljónir tonna árið 2050. Nú eru árlega framleiddar um og yfir 462 milljónir tonna af plasti. Um 85% af öllu plasti endar á urðunarstöðvum eða sem óreglulegur úrgangur. Af þeim sjö milljörðum tonna af plastúrgangi sem myndast hefur á heimsvísu hingað til hafa innan við 10% verið endurunnin.

Mengandi plast er m.a. einnota plast, eins og hnífapör og umbúðir, og örplast, t.d. úr vefnaðarvöru. Örplastagnir eru ekki lokaafurð plastúrgangs þar sem þær halda áfram að brotna niður í nanóplast.

Nú er áætlað að á bilinu níu til fjórtán milljón tonna af plastúrgangi lendi árlega í sjónum. Plastúrgangur hefur fundist á öllum svæðum heimsins, allt frá dýpstu hafsvæðum til afskekktustu fjalla, sem og nanóplast í andrúmsloftinu og lífverum, þ.m.t. manneskjum. Rannsóknir benda til að nanóplast geti farið yfir verndandi lífhimnur í líkamanum og þannig komist í blóðrásina, fylgju, safnast fyrir í heila og hugsanlega haft skaðleg áhrif á fólk. /sá






Vísindamaður frá Ontario-háskóla í Kanada tekur vatnssýni úr dýpstu námu í heimi. Það reyndist vera 1,6 milljarða ára gamalt. Mynd / Ontario-háskóli

# Elsta vatn í heimi er salt og biturt

**Elsta vatn sem fundist hefur á jörðinni er 1,6 milljarða ára gamalt og fannst í gamalli námu í Kanada.**

Djúpt í iðrum kanadískrar námu fannst árið 2013 vatn sem er það elsta sem fundist hefur á jörðinni fram til þessa, 1,6 milljarða ára gamalt.



Hinn ævaforni vökvi fannst milli steina í Kidd Creek-námunni í Ontario, Kanada. Hún er rúmlega 3 km djúp og talin einhver dýpsta málmnáma heims, þar sem menn hafa grafið sig æ lengra niður í jarðskorpuna í leit að kopar, sinki og silfri. Frá þessu greinir á vefnum zmescience. Hópur vísindamanna frá Toronto-háskóla, undir forystu jarðefnafræðingsins Barböru Sherwood Lollar, fór í rannsóknaleiðangur í námuna árið 2013 og komst þá á 2,4 kílómetra dýpi, að helli þar sem vatn seytlaði úr jarðlögum í berginu og vísindamennirnir runnu á það vegna stækrar súlfat-myglulyktar. Tekin voru sýni og send í efnagreiningu.

### *Héldu að mælarnir væru bilaðir*

Að sögn zmescience tók langan tíma að fá niðurstöður á sýninu. Rannsóknastofan sem sá um verkefnið tilkynnti fyrst bilun í mælum sínum því niðurstöðurnar þóttu fráleitar. Síðar kom þó á daginn að þær væru réttar og þarna um að ræða rúmlega 500 milljónum ára eldra vatn en það elsta sem þá var þekkt. Vatnið reyndist vera tíu sinnum saltara en sjór, seigfljótandi, gulleitt og ríkt af súlfati. Greining leiddi í ljós lofttegundir fastar í vatninu, svo sem helíum, neon, argon og xenon, en samsætur þeirra ganga úr sér á þekktum og mælanlegum hraða. Jafnframt fundust örverur sem lifa á vetni og súlfati.

„Flest líf lifir á sólarljósi, en þessar örverur virðast lifa á hinni takmörkuðu orku sem þær fá í vatninu innilokuðu í þessum ævafornu jarðlögum,“ sagði Long Li, lektor við jarð- og loftvísindadeild háskólans í Alberta. Þarna hafi mátt sjá nokkurs konar fingraför lífsins.

### *Innsýn í fornan hafsbotn jarðar*

Kidd Creek-náman er ofan á Forkambríum-Kanada-skildinum (Forkambríumtímabilið er frá myndun jarðar til sýnilegs lífs), sem var einu sinni á hafsbotni.

Vegna þess að úthafsskorpan er í stöðugri endurmótun vegna flekaskila er elsti núverandi hafsbotn aðeins nokkur hundruð milljóna ára gamall. Kanadíski hellirinn er ekki aðeins tímahylki fyrir milljarða ára gamalt vatn, heldur gefur hann jafnframt innsýn í fornan hafsbotn jarðar. „Við hugsum ekki lengur um líf á jörðinni sem þennan líffræðiflekk á yfirborðinu. Lífið gæti verið eitthvað sem gegnsýrir plánetuna okkar djúpt niður,“ sagði Sherwood Lollar.

Hún bragðaði á elsta vatni jarðarinnar og sagði það vera mjög salt og afar biturt. /sá

# Endurkoma villtra hesta

**Nýlega var sjö hestum af Przewalski-kyni sleppt á hásléttum Kasakstans. Þeir komu úr dýragörðum í Berlín og Prag.**

Przewalski-hesturinn, sem var á barmi útrýmingar á sjöunda áratugnum, er talinn síðasta villta tegund hesta sem eftir er. Tegundin hvarf frá Kasakstan fyrir 200 árum, en um 1.500 Przewalski-hestar eru í Mongólíu. Til samanburðar eiga villtu Mustang-hestarnir í Norður-Ameríku rætur sínar að rekja til taminna hrossa. Frá þessu er greint í The Guardian.

Áður var þessi tegund algeng á hásléttum Mið-Asíu. Talið er að maðurinn hafi fyrst tamið hest á þessum slóðum fyrir um 5.500 árum. Vitað er til þess að menn hafi byrjað að nytja hesta í Norður-Kasakstan tvö þúsund árum áður en elstu heimildir vitna um slíkt í Evrópu.

Eins og áður segir var nánast búið að þurrka út stofn Przewalski-hestsins um miðja síðustu öld. Það var meðal annars vegna þess að hann var veiddur til matar og hjarðirnar tvístruðust við uppbyggingu vegakerfis.



**Przewalski-hestur.** Mynd / Ludovic Hirlimann, Wikimedia Commons

Dýragarðurinn í Prag hefur áður tekið þátt í sambærilegu verkefni, en árið 2011 voru Przewalski-hestar fluttir til Mongólíu. Eftir nokkur flug með hesta þangað á fimm árum er talið að stofninn hafi náð ákveðnum stöðugleika. Þá munu þýskir og tékkneskir dýragarðar fljúga með fjórutíu hross til Kasakstan á næstum fimm árum. /ál

# SÓLBAKKI 2, NESKAUPSTAÐUR







## Nýbygging á Neskaupstað

NESTAK EHF. byggir 11 íbúða tvílyft fjölbýlishús

6 ÍBÚÐIR LAUSAR

78-80 m²

Verð frá 49.500.000.-



ELÍN KÁRA
Löggiltur fasteignasali

BYR FASTEIGNASALA

NESTAK ehf

byr@byrfasteignasala.is www.byrfasteignasala.is 483-5800

BYR FASTEIGNASALA

483-5800
byr@byrfasteignasala.is
www.byrfasteignasala.is

ELÍN KÁRA
Löggiltur fasteignasali





## GEIRMUNDARSTAÐIR, 371 BÚÐARDAL

Jörð | 65.535 m² | 90.000.000

BYR fasteignasala kynnir jörðina **GEIRMUNDARSTAÐI** til sölu ásamt íbúðarhúsi, útihúsum og ræktuðu landi. Eingöngu er verið að selja jörð og húsakost, möguleiki er á að kaupa vélar, bústofn og greiðslumark sérstaklega.
Jörðin býður upp á tækifæri í bússkap og ferðamennsku.
Gott aðgengi er að höfninni við Skarðstöð ásamt veiðitekjum í Krossá.
Nánari lýsingu og upplýsingar má finna á heimasíðu okkar **www.byrfasteignasala.is**





HÁ VERSLUN

**Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur**
**Opið mán.-fös. Kl. 9-17.**
**S. 588-0028**
**haverslun@haverslun.is**
**haverslun.is**

Kress®

# Slátturóbotar

- **Víralaus og hælalaus**
- Róbotar með sláttugetu frá 600 – 36000 m²
- Einföld uppsetning í appi
- Öllu stjórnað í gegnum "skýið"
- Gæðamerki með uppruna frá Þýskalandi

Enn meira úrval inn á haverslun.is
Einnig alltaf heitt á könnunni í Víkurhvarfi 4



**Kress KR160E.A Mission RTK**
– 600 m², halli 22°



**Kress KR171E Mission RTK**
– 1500 m², halli 22°



**Kress KR172E.A Mission RTK**
– 3000 m², halli 22°



**Kress KR173 Mission RTK**
– 5000 m², halli 22°



**Kress KR236E Mission Mega RTK**
– max 36000 m², halli 22° aðeins 22kg



**Ný kynslóð 60v rafmagnsverkfæra**

# „Íslensk hrossarækt er á heimsmælikvarða“

## – Endurkoma Þorvaldar Kristjánssonar í hlutverk ræktunarleiðtoga

**Hulda Finnsdóttir**
hulda@bondi.is





**Þorvaldur telur brýnt að móta stefnu um vernd erfðafjölbreytileika í íslenska hestinum.** Mynd /Jonatan Pie



**Þorvaldur Kristjánsson.**

**Þorvaldur Kristjánsson er að snúa til baka eftir þriggja ára fjarveru sem hrossaræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og ræktunarleiðtogi íslenska hestsins.**

Þorvaldur er öllum hnútum kunnugur innan hrossaræktarinnar en hann hóf störf sem ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML í ársbyrjun 2015 og sinnti starfi ræktunarleiðtoga þangað til 2020 þegar hann sagði starfi sínu lausu.

„Ég stökk í að hjálpa móður minni í hennar rekstri og ætlaði að gera það áfram. Síðan var staðan auglýst eftir jólin og það var möguleiki fyrir mig að taka þetta að mér aftur á þessum tímapunkti þannig ég ákvað að slá til. Ég hef alltaf haft mestan áhuga á hrossaræktinni. Ég er búinn að vera virkur í ýmsum þáttum síðan ég hætti og úr því staðan losnaði var spennandi að kýla á það aftur,“ segir Þorvaldur en verkefni á hrossaræktarsviði eru mörg og ýmislegt sem bíður hans Þorvaldar og samstarfsmönnum á næstu misserum.

### *Þróun WorldFengs eitt af stærstu verkefnum*

Á ársþingi FEIF í byrjun ársins var samþykkt að skapa sterkari tekjugrundvöll fyrir upprunaættbókina WorldFeng með það að markmiði að koma gagnagrunninum í nútímalegra horf. Þorvaldur telur það eitt af forgangsverkefnum ársins.

„WorldFengur er í sama forritunar umhverfi frá því hann var stofnaður og það þarf að byrja á því að koma honum yfir í nýtt umhverfi sem býður upp á fleiri möguleika. Grunnverkefni sem þarf að leysa og gera gagnagrunninn að betra úrvalstæki fyrir ræktendur íslenska hestsins.“ Í því felist t.a.m. að bæta leitarmöguleika ræktenda og auka myndræna framsetningu.

### *Stöndum vörð um erfðafjölbreytileikann*

Erfðafjölbreytileiki stofnsins er Þorvaldi hugleikinn. Hann telur brýnt að móta stefnu um vernd erfðafjölbreytileikans til framtíðar, íslenskri hrossarækt til framdráttar.

„Við megum ekki gleyma því að við erum að rækta íslenska hestinn í lokuðum erfðahópi hér á Íslandi. Við þurfum að fara að taka afstöðu til þess fljótlega með hvaða hætti við ætlum að vernda erfðafjölbreytileikann hér á landi. Við erum að sigla inn í tímabil þar sem sæðingar eru að verða notaðar í meira mæli. Það er verðmætt að dreifa notkun á stóðhestum meira en við erum að gera. Tiltölulega fáir hestar fá mikla notkun og svo margir góðir fyrstu verðlauna hestar sem fá of litla notkun. Nú er líka kannski sú staða að koma upp að við erum að fara að flytja út erfðaefni í ríkara mæli ef við förum að flytja út fryst sæði. Þá þarf líka að taka afstöðu til þess hvort við ætlum að leyfa innflutning á erfðaefni. Þannig eru mörg mál varðandi erfðafjölbreytileika sem við þurfum að fara að ræða og marka stefnu til framtíðar. Kannski það sé stærsta áskorun okkar til framtíðar að standa vörð um erfðafjölbreytileikann þannig að stofninn verði ekki of einsleitur hjá okkur.“

### *Aukin samskipti við ræktendur*

Efst á baugi hjá þeim sem stunda hrossarækt eru gjarnan kynbótasýningar og allt sem þeim tengist. Hrossarækt og kynbótasýningar eru í eðli sínu samstarfsverkefni á milli ræktenda, sýnenda og starfsfólks kynbótasýninga að sögn Þorvaldar.

„Engar nýjar áherslur eru kynntar fyrir sumarið, hvorki í dómum né kynbótamati. Það verður hefðbundið sumar. En svo í haust er ýmislegt í kringum kynbótamatið sem þarf að velta fyrir sér og þróun þess. Stærsta verkefnið verður að ákveða með hvaða hætti keppnisgögnin verða nýtt inn í kynbótamatið. Þar liggja spennandi niðurstöður fyrir sem þarf að taka afstöðu til og sjá með hvaða hætti best sé að matreiða þær,“ segir Þorvaldur en þar er stór gagnauppspretta sem er ónýtt.

Áframhaldandi vinna verður í kringum kynbótastarfið enda að ýmsu að hyggja varðandi þróun dómskerfisins.

„Það voru gerðar nokkrar breytingar á dómkerfinu árið 2020, eins og fólk veit, og nú er verkefnið að halda áfram þessari þróun og fara yfir hvernig til hefur tekist. Við þurfum að einfalda vissa hluti í matinu og passa að kynbótadómurinn verði sem aðgengilegastur.

Við viljum vera sífellt að betrumbæta kerfið okkar og það í samstarfi við ræktendur. Ég hef reynt að vera í góðum samskiptum við ræktendur og tók þann pól í hæðina þegar ég byrjaði núna í vor að halda námskeið. Það var mikil eftirspurn eftir fræðslu og hef ég verið að fara um og halda námskeið og hitta mikið af fólki. Í heildina er ánægja með dómkerfið sem slíkt en kynbótakerfið hefur verið að slípast til í áratugi. Kerfið heldur vel utan um hrossaræktina en það er alltaf mikilvægt að hlusta á gagnrýnisraddir og halda áfram þessari góðu vinnu sem hefur átt sér stað.“

### *Auka mætingu til dóms*

Mæting hrossa til kynbótadóms er oft á milli tannanna á fólki og eru margir á þeirri skoðun að forvalið sé alltaf að verða meira og meira. Þannig var fjöldinn á síðasta ári undir væntingum en færri en þúsund hross hlutu fullnaðardóm.

„Þetta hefur farið niður á við undanfarin ár. Þetta er eitt af þessum verkefnum sem við þurfum að fara í og það er hreinlega að markaðssetja kynbótadóma betur og sýna fólki fram á mikilvægi þeirra. Mín draumsýn er að ríkið styðji við kynbótadóma hrossa eins og þeir gera í öðrum búgreinum. Ég sé fyrir mér í framtíðinni að fyrsti dómur kosti ekki neitt, dómar á ungum hrossum kosti lítið og dómar á þeim eldri séu á kostnaðarverði,“ segir Þorvaldur og bætir við að þeir sem sýna hross búi til verðmætustu upplýsingar í kerfinu.

„Við þurfum að nýta okkur kerfið til að búa til hvata í því að fleiri hross séu sýnd.“

### *Of fáar sýndar hryssur í ræktun*

Samkvæmt Þorvaldi eru um 11 prósent af hryssum á tamningaaldri sýnd og 5 prósent af stóðhestunum. Íslenskir hrossaræktendur standa ágætlega samanborið við önnur FEIF lönd. Þá eru um 75 prósent stóðhesta að koma til dóms fjögurra eða fimm vetra og er hlutfallið svipað með hryssurnar, eða um 70 prósent.

„Það er mikilvægt að hlutfallið sé hæst á hrossum á þessum aldri en við viljum fá hrossin sem fyrst til dóms. Ég myndi vilja sjá í framtíðinni hærra hlutfall af sýndum hryssum í ræktun. Ef við tökum burt kjöt- og blóðhryssurnar og skoðum bara hryssur sem ætlaðar eru í reiðhestaræktun þá er enn þá um fimmtíu prósent af þeim hryssum ósýndar. Þetta hlutfall er síðan enn lægra í hinum FEIF-löndunum. Þetta er hópur sem ég myndi vilja einblína á og fá fleiri sýndar hryssur í ræktun.“

### *Lítill hópur af vel þjálfuðu fólki*

Þó er ekki bara mæting til kynbótadóms sem liggur hrossaræktendum á hjarta heldur er það líka hið umtalaða samræmi.

„Eðlilegt er að það sé eitt af aðalumræðuefnunum enda er það stærsta vinnan við öll dómkerfi að það sé gott samræmi. Við vinnum í

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 við Mjólká**

Stækkun virkjunar, afhending grænnar orku og ný bryggja.

ÍSAFJARÐARBÆR

**Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 13. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 við Mjólká, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**
Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að heimila aukna nýtingu vatnsorku á vatnasviði Mjólkár og þar með auka raforkuframleiðslu Mjólkárvirkjunar, bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, að skapa aðstöðu fyrir afgreiðslu og framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárvirkjun, að bæta hafnaraðstöðu í sunnanverðum Borgarfirði og að lágmarka rask vegna skipulagsbreytinganna.

**Stækkun Mjólkárvirkjunar** mun leiða til aukinnar raforkuframleiðslu og bæta afhendingaröryggi raforku á þjónustusvæði virkjunarinnar. Uppsetning afgreiðslustöðvar fyrir endurnýjanlegt eldsneyti og bætt hafnaraðstaða eru viðbrögð við aukinni umferð um Borgarfjörð, orkuskiptum í samgöngum og vexti í atvinnulífinu, einkum ferðaþjónustu og fiskeldi.

**Breytingartillagan, uppdráttur og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu, er aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 833/2023 og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is, frá 24. maí 2024 til og með 10. júlí 2024.**
Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna til og með miðvikudagsins 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skilað í Skipulagsgáttina https://skipulagsgatt.is/issues/2023/833 eða senda skriflega til Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, b.t. skipulagsfulltrúa eða á skipulag@isafjordur.is .

**Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar.**

> Mín draumsýn er að ríkið styðji við kynbótadóma hrossa ...

dómnefndum þar sem fólki er róterað á milli nefnda til að skapa umræðu innan hópsins en það er einn af þeim þáttum sem leiðir til betra samræmis. Við höfum líka fækkað þeim sem eru formenn á heimsvísu og haft það eins lítinn hóp af fólki og hægt er. Við viljum að dómararnir okkar séu lítill hópur af vel þjálfuðu fólki og það er staðan. Við erum með fólk sem er að pæla í hrossum alla daga og er það afar verðmætt,“ segir Þorvaldur.

Dómarar fara á þriggja daga samræmingar- og endurmenntunarnámskeið annað hvert ár. Íslenski hópurinn hittist árlega og var þetta þriðji veturinn í ár þar sem dómarar dæmdu hross eftir myndböndum og sendu síðan inn dóma sína. Farið var svo yfir sýningarnar á sameiginlegum netfundi.

„Þannig hefur sannarlega verið bætt í hvað samræmingu varðar á síðastliðnum árum. Við erum alltaf að reyna að sækja fram og bæta samræmið. Samræmið hafði riðlast aðeins 2020 eftir að nýi skalinn var tekinn upp eins og eðlilegt er. Þetta er hins vegar stanslaust verkefni sem við erum mjög meðvituð um, tökum alvarlega og erum að reyna bæta.“

### *Afkvæmasýningar stóðhesta hápunktur Landsmóts*

Landsmót hestamanna í Reykjavík er fram undan en rúmar tvær vikur eru til stefnu. Vorsýningar fara vel af stað og nú þegar er þremur kynbótasýningum lokið hérlendis.

„Sumarið blasir mjög vel við mér. Mikill áhugi er á kynbótasýningum og búið er að skrá 1.200 hross sem er á pari við okkar bestu Landsmótsár sýnist mér. Landsmót er alltaf mikið tilhlökkunarefni. Afkvæmasýningar eru mitt uppáhald enda kjarni hrossaræktarinnar. Þessar sýningar veita okkur miklar upplýsingar um hvaða eiginleika hestarnir eru að gefa og hvað einkennir helst þeirra afkvæmi.Því hefur verið velt fram að auka kröfurnar til að ná fyrstu verðlaunum fyrir afkvæmi en ég tel að svo eigi ekki að gera því við viljum ekki fresta því að sjá afkvæmahópana. Það er áhugavert að sjá hestana sem fyrst og sjá hvernig týpur þeir eru að gefa. Það eru góðir afkvæmahópar stóðhesta sem við eigum von á á Landsmóti í júlí.“

### *Metnaðarfull ræktun*

Næg verkefni eru fram undan hjá hrossaræktarráðunaut og greinilegt að hann horfir björtum augum til framtíðar.

„Staðan er mjög góð hjá okkur hrossaræktendum. Það er fullt af fólki sem er að stunda hrossarækt, með mikinn metnað, er að standa sig vel og hugsa fram á veginn. Við sjáum það að við erum að rækta betri og betri hross. Eigum mikið af stóðhestum og ólíkum týpum sem fólk getur valið um.

Með svona öflugt fólk, frábæra sýnendur og hrossaræktendur með mikinn metnað er framtíðin björt hjá okkur. Ef við skoðum þær erfðaframfarir sem hafa átt sér stað á undanförnum árum og berum saman við erfðaframfarir í erlendum kynjum, þá er ljóst að íslensk hrossarækt er á heimsmælikvarða.

Þetta hefði ekki náðst nema allt hafi hjálpast að; metnaður og framsýni magnaðra ræktenda og gott kynbótakerfi. Þetta þurfum við að halda vel utan um til framtíðar enda er íslenski hesturinn ein helsta menningarafurð sem Ísland hefur heiminum að bjóða.“



Flísabúðin
Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

KOFASIL® LP
Hvatar fyrir vothey eða lítið þurrkaðar rúllur/bagga ásamt flatsíló þar sem þurrefni er aðeins, 20-35%.

- KOFASIL® LP hefur hátt innihald af natríumnítrít og hexametýlentetramín sem eru mjög áhrifarík gegn loftháðum örverum og sporum í fóðrinu (ss Clostridia og Listeria).
- Auk þess inniheldur KOFASIL® LP natríumbensóat sem takmarkar vöxt á geri og myglu.
- KOFASIL® LP er ekki ætandi.
- KOFASIL® hvatarnir eru einu hvatarnir sem hafa bein áhrif gegn sporum loftháðra örvera, á meðan sýrurnar virka óbeint í gegnum lágt pH.
- Á meðan sýrurnar hamla þannig veksti á bakteríum, þá mun natríumnítrít og hexametýlentetramín í KOFASIL® brjóta niður bæði smjörsýrubakteríur og spora þeirra auk þess sem sömu efni vinna einnig gegn listeriu bakteríum.

Hreinlætislausnir Áfangar
Nánari upplýsingar veitir:
Halldór Karlsson
Gæða- og Sölustjóri
S. 858 7849
hreinlaetislausnir.is
halldor@hreinlaetislausnir.is



# Tæknifæða

Lífrænt Ísland

## – Vandamál en ekki lausn

**Við höfum þróast um árþúsundir með matvælaframboði okkar og byggt á sameiginlegri þekkingu bænda til að rækta fæðu sem viðheldur lífi okkar.**


Sandra B. Jónsdóttir.

Hins vegar eru matvæli í vaxandi mæli framleidd af viðskiptajöfrum, sem líta á þau sem vöru sem þurfi að binda einkaleyfum og græða á.

Tæknifæða þeirra er fundin upp á tilraunastofum, framleidd í verksmiðjum og auglýst að hún geti brauðfætt heiminn, en bjargað honum í leiðinni frá loftslagsbreytingum. Það byrjaði fyrir tveimur áratugum þegar stór bandarískur efnaframleiðandi (Monsanto) kom fram með erfðabreyttar plöntur og seldi þær bændum með einu meginloforði. Erfðabreyttar plöntur mætti úða með efninu glífosat sem Monsanto framleiðir, drepa með því illgresi en ekki erfðabreyttu plönturnar og spara bændum tíma og peninga með minni efnanotkun. Hið gagnstæða gerðist. Úðun með glífosati leiddi til meiri – ekki minni – efnaleifa í matvælum og dýrafóðri og olli krabbameini (non-Hodgkins lymphoma) í bandarísku bændafólki.

Þegar sýnt var fram á að gróðurhúsalofttegundir frá búfjárrækt ættu þátt í loftslagsbreytingum hélt fyrirtæki í Silíkondalnum, Impossible Foods, því fram að það gæti upprætt kolefnisfótspor búfjárræktar með því að framleiða kjöt á tilraunastofum. Fyrirtækið þróaði það sem kallað var „ómögulegi borgarinn“ (Impossible Burger) sem var gervikjöt gert úr blöndu af mjög unnum innihaldsefnum og erfðabreyttum sojapróteinum. Fjörutíu og sex þeirra efna voru ótilgreind, óprófuð og höfðu aldrei verið leyfð í matvælaframleiðslu. Gervimjólk var næst á dagskrá. Sn. lífhönnun (synthetic biology, einnig nefnt nákvæm gerjun) erfðabreytir geri, sveppum, þörungum eða bakteríu til að framleiða dýraprótein sem síðan eru gerjuð í tönkum. Mjólkin sem til verður er sögð innihalda prótein eins og þau sem kúamjólk inniheldur. En þegar dr. John Fagan við bandarískt heilsurannsóknarsetur rannsakaði venjulega kúamjólk og bar saman við lífhannaða mjólk kom í ljós að lykilnæringarefni kúamjólkur var ekki að finna í gervimjólkinni, t.d. E-vítamín. Amínósýrusamsetning tveggja mysupróteina gervimjólkur var 57% og 46% frábrugðin kúamjólk. Gervimjólkin innihélt 92 smáar sameindir sem aldrei hafa verið hluti af næringu mannsins og eru algerlega óþekktar í vísindum.



Tilraunastofukjöt (eða frumukjöt) er ekki gervikjöt, heldur tilraun til að rækta raunverulegt kjöt á tilraunastofu. Stofnfrumur eru teknar úr lifandi búfé og komið fyrir í tilbúinni blöndu af erfðabreyttum vaxtarhormón og öðrum tilbúnum „næringarefnum“, sem eru framleidd í stáltönkum. Frumuræktun til kjötframleiðslu hefur hins vegar reynst vera erfið og kann á endanum að vera ómöguleg vísindalega séð. Hún útheimtir gríðarlega og dýra innviði sem byggja á miklu, stöðugu og kostnaðarsömu innflæði orku (sjá mynd). Uppbygging framleiðslu sem svarar eftirspurn markaða reynist næstum ómöguleg vegna tíðrar og alvarlegrar mengunar gerjunartækja. Kostir frumukjöts hafa verið stórlega ýktir en til þessa dags hefur ekkert raunhæft mat verið gert á næringargildi þess.

Þótt ræktun á kjöti og mjólk á tilraunastofum sé vandkvæðum bundið þá áformar tæknifæðugeirinn að finna upp jafnvel enn óraunhæfari vörur. Fjárfestar hafa lagt 3,5 milljónir dala í Biomilq, fyrirtæki sem fullyrðir að það geti framleitt brjóstamjólk á tilraunastofu. Fjármagn var lagt í verkefni sem áformar að framleiða loðfílakjötbollur byggðar á DNA úr fílum. Þá var fé lagt í verkefni sem hyggst framleiða á tilraunastofu gæludýrafóður (grein sem ekki nýtur öflugra reglugerða og neytendur éta hvað sem er).

Tæknifæða sýnir að allt sem mönnum dettur í hug er ekki endilega raunhæft. Kannske væri rétt að draga fæðuframleiðslu aftur niður á jörðina. Bandaríska Rodale-rannsóknarstöðin hefur sýnt að ef ræktunarlandi og haglendi heimsins væri stýrt með sjálfbærum (regenerative) aðferðum mætti binda 100% koldíoxíðlosunar í jarðvegi. Það kann að virðast óraunhæft að brauðfæða heiminn með lífrænni framleiðslu, en það er líkast til mun raunhæfara en með tæknifæðu. Lífræn matvælaframleiðsla mundi ekki aðeins minnka hlýnun jarðar, heldur einnig stórbæta heilsufar og starfsgrundvöll heilbrigðiskerfa heimsins. Um leið myndi hún draga úr miðstýringu og valdi stórfyrirtækja yfir fæðuframleiðslunni

Eftirsóknarvert er að bæta magn og gæði fæðuframboðs okkar, en tæknifæða virðist ná hvorugu þeirra markmiða.

*Höfundur er sjálfstæður ráðgjafi.*


# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is


# Ný reglugerð um áburðarvörur

## – Helstu ákvæði

**Ný reglugerð um áburðarvörur hefur verið innleidd hér á landi. Reglugerðin er númer 2019/1009/EB og er innleidd með reglugerð 543/2024 og hefur því tekið gildi á Íslandi.**


Valgeir Bjarnason.

Meginmarkmið reglugerðarinnar er að ná fram betri nýtingu á plöntunæringarefnum t.d. með endurnýtingu þeirra eða bæta upptöku þeirra með jarðvegsbætum.

Reglugerðin skilgreinir áburðarvörur með eftirfarandi hætti:

**„áburðarvara“**: efni, blanda, örvera eða annað efni sem er borið á eða ætlað til að bera á plöntur eða rótarhvolf þeirra eða á sveppi eða jarðveginn umhverfis sveppina (e. mycosphere) eða ætlað til að mynda rótarhvolfið eða jarðveginn umhverfis sveppina, annaðhvort ein og sér eða blönduð með öðru efni, í þeim tilgangi að veita plöntum eða sveppum næringu eða bæta næringarnýtni þeirra,

Hér eru komnar nýjar nálganir varðandi þennan vöruflokk. Það eru ekki bara plöntunæringarefni sem reglugerðin nær yfir, heldur einnig yfir næringarefni sveppa og þörunga. Einnig nær hún yfir öll þau efni sem auka næringarnýtni plantna eða bæta vaxtarskilyrði þeirra með margvíslegum hætti.

Skilgreining á áburði er aftur á móti eftirfarandi:

**„áburður“**: efni sem er fyrst og fremst notað sem næring fyrir plöntur. Þannig að þessi reglugerð nær yfir víðtækara svið en fyrri reglugerðir.

### *CE-merking*

Meginbreytingin sem verður með gildistöku þessar reglugerðar er að nú skulu allar vörur sem falla undir hana vera CE-merktar ESB áburðarvörur.

Þessar vörur skulu hafa undirgengist samræmismat af vottuðum samræmismatsstofum, sem hafa fengið viðurkenningu af viðkomandi yfirvöldum og verið settar á skrá hjá Framkvæmdastjórn ESB og fengið skráningarnúmer. CE-merkið skal fest á merkingu áburðarins og því skal fylgja skráningarnúmer samræmismatsstofunnar sem vottaði áburðarvöruna.

Merkið skal vera óafmáanlegt á umbúðum eða á fylgiskjali með áburði í lausu og fest á áður en varan fer á markað.

Samræmismatsstofan skal útbúa ESB-samræmismatsyfirlýsingu sem á að fylgja vörunni á markaði og á m.a að vera aðgengileg kaupendum.

Áburðarfyrirtæki og helstu skyldur þeirra.

### *Áburðarfyrirtækjum má skipta í þrjá flokka:*

- Framleiðendur: Þau fyrirtæki sem framleiða áburðarvörur.
- Innflytjendur: Þau fyrirtæki sem flytja áburðarvörur inn á EES-svæðið t.d. frá Bretlandi.
- Dreifingaraðilar: Þau fyrirtæki sem sjá um dreifingu áburðarvara til lokanotenda eða annarra dreifingaraðila.

### *Framleiðendur*

Framleiðendur framleiða áburðarvörur og skulu sjá til þess að þær standist kröfur reglugerðarinnar og láta útbúa tæknigögn og samræmismat hjá samræmismatsstofu. Á grundvelli þessa er CE-merkið fest á merkingu áburðarins. Þeir eru ábyrgir fyrir öryggi vörunnar og skulu innkalla hana eða taka af markaði sé varan ekki örugg.

Framleiðendur skulu tryggja að allar merkingarupplýsingar fylgi með á áföstum merkimiða eða á fylgiskjölum sé áburðurinn í lausu. Merkingarnar eiga að vera á tungumáli sem er auðskilið lokanotanda. Þær skulu vera skýrar, skiljanlegar og auðlæsilegar.

Framleiðendur skulu afhenda lögbæru landsyfirvaldi (Matvælastofnun) allar upplýsingar og skjöl á rafrænu- eða pappírsformi og vinna með yfirvöldum til að útiloka áhættu sem getur stafað af áburði sem þeir hafa markaðssett.

### *Innflytjendur*

Innflytjendur hafa hliðstæðar skyldur og framleiðendur.

Hafa ber í huga að þeir eru að flytja vöru inn á EES-svæðið og þeim ber því að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til framleiðenda.

### *Dreifingaraðilar*

Dreifingaraðilar skulu gæta þess að kröfum þessarar reglugerðar séu uppfylltar. Þeir skulu tryggja að vörunni fylgi tilskilin skjöl og merkingar, sem eru á tungumáli sem er auðskilið fyrir lokanotandann. Standist varan ekki kröfur reglugerðarinnar má ekki bjóða hana á markaði og verður dreifingaraðilinn í þeim tilfellum að upplýsa um hættuna og innkalla hana eða taka af markaði.

Áburðarvörur skulu geymdar við öruggar aðstæður.

Dreifingaraðilar skulu afhenda lögbæru landsyfirvaldi allar upplýsingar um áburðarvöruna til að sýna fram á að hún sé í samræmi við reglugerðina.

Þeir skulu vinna með lögbærum yfirvöldum komi í ljós að áburðarvaran stenst ekki kröfur.

### *Vöruvirkniflokkar áburðarvara eru sjö:*

**1. Áburður** (gefur frá sér næringarefni fyrir plöntur), skiptist í 3 flokka:

***1. A. Lífrænn áburður:***
- *Skal innihalda: lífrænt kolefni (C) og næringarefni eingöngu af lífrænum uppruna*
- *Á föstu formi*
- *Fljótandi formi (lífrænn áburðarvökvi)*

***1.B. Blanda af lífrænum áburði og ólífrænum áburði***
- *Skal innihalda:*
- *Eina eða fleiri ólífrænar áburðartegundir (jarðefnaáburð) og*
- *Einn eða fleiri efniviði sem innihalda lífrænt kolefni og næringarefni af lífrænum uppruna*
- *Á föstu formi*
- *Fljótandi formi (áburðarvökvi)*




***1.C. Ólífrænn áburður***
- *Ólífrænn áburður með meginnæringarefnum skal miða að því að veita plöntum eða sveppum eitt eða fleiri eftirfarandi næringarefna:*
- *Aðalræningarefnin: N, P og K*
- *Aukanæringarefnin: Ca, Mg, Na og S*
- *Fastur með meginnæringarefnum*
- *Eingildur, með eitt næringarefni*
- *Fjölgildur, með tvö eða fleiri næringarefni*
- *Fljótandi með meginnæringarefnum*
- *Eingildur, með eitt næringarefni*
- *Fjölgildur, með fleiri en eitt næringarefni.*
- *Snefilefnaáburður (B, Co, Cu, Fe, Mn, Mo, Zn)*
- *Eingildur, með einu snefilefni*
- *Fjölgildur, með fleiri en einu snefilefni.*

**2. Kölkunarefni**
- *Lagfæra sýrustig jarðvegs (oftast til hækkunar)*
- *Innihalda oxíð, hýdroxíð, karbónöt eða silíköt af Ca eða Mg*

**3. Jarðvegsbætar**
- ***3. A. Lífrænir jarðvegsbætar:***
- *Eingöngu af lífrænum uppruna*
- *Geta verið mór, leónardít (lífrænt set með moldarsýru og brúnkol)*
- *– ekki steingerð efni*

- ***3. B. Ólífrænir jarðvegsbætar:***
- *Skulu vera aðrir en lífrænir jarðvegsbætar (ekki nánar skilgreindir enn)*

**4. Ræktunarefni**
- *Skal vera ESB-áburðarvara, önnur en jarðvegur á notkunarstað, sem hefur það hlutverk að plöntur (þ.m.t. þörungar) og sveppir vaxa í því.*

**5. Latar**
- *Letja niðurbrot N-sambanda þannig að nýting þeirra verður betri.*

**6. Plöntulíförvi (Biostimulant)**
- *Örva næringarnýtni plantna*
- *Auka þol gegn álagi*
- *Auka gæði*
- *Auka aðgengi að næringarefnum*
- *6.A. Överur sem plöntulíförvi.*
- *6.B. Annar plöntulífförvi án örvera.*

**7. Áburðarvörublanda**
- *Blanda vöruvirkniflokka sem taldir eru upp hér að ofan.*
- *Hver efnisþáttur þarf að hafa farið í gegnum samræmismat.*
- *Samræmismatsyfirlýsing þarf að fylgja vörunni fyrir hvern efnisþátt.*

***Vikmörk næringarefna í áburði***

Leyfð vikmörk eru til að gefa svigrúm fyrir frávik í framleiðslu, í dreifingarkeðju, sýnatöku og greiningu.

Vikmörkin eru jákvæð og neikvæð gildi, en voru áður einungis neikvæð gildi. Þessi breyting gefur ekki tilefni til jafnmikillar sýnatöku og verið hefur hingað til.

**Vikmörk fyrir einstök efni í ólífrænum áburði:**
- Köfnunarefni (N): 20%, en að hámarki 1,5 prósentustig
- Fosfórpentoxíð (P2O5): 20% að hámarki 1,5 prósentustig
- Kalíoxíð (K2O): 20% að hámarki 1,5 prósentustig.

**Óæskileg efni með hámarksgildi:**

Reglugerðin setur mörk á óæskileg efni í áburði, en fyrir utan kadmíum voru engin slík mörk í fyrri reglugerðum. Þessi efni eru eftirfarandi:

Kadmíum (Cd) en um það gilda ákveðnar íslenskar reglur. Sexgilt króm (Cr VI), kvikasilfur (Hg), nikkel (Ni), blý (Pb), arsen (As), bíúret, perklórat.

Einnig kopar (Cu) og sink (Zn) séu þau ekki viðbætt sem snefilefni.

Salmonella og iðragerlar verða að vera mældar í lífrænum áburðarvörum.

Salmonella má ekki greinast og iðragerlar ekki fara yfir ákveðin mörk.

*Höfundur er fagsviðsstjóri áburðarmála hjá Matvælastofnun.*




POTTIPUTKI geispur
og burðaráhöld
ásamt fleiri vörum
fyrir skógarfólk

VORVERK.IS
Þverholt 2 – (Kjarni) Mosfellsbær
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is

Ný kynslóð útihitara

Gæða útihitarar á verönd, svalir og öll útisvæði. Þola regn og mega vera úti allan ársins hring. Stillanleg veggfesting fylgir og fjarstýring með 3 hitastillingum.





Skjólveggir fyrir bústaðinn

Sérlega fallegir skjólveggir úr gleri sem veita gott skjól án þess að trufla útsýnið. Veggirnir koma í ýmsum stærðum og útfærslum.

Verið velkomin í Flísabúðina og fáið ráðgjöf sérfræðinga okkar.

Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra auglýsir opið hús vegna aðal- og deiliskipulags- breytinga við Steina og Hvassafell.

RANGÁRÞING EYSTRA

Skipulagsbreytingarnar verða til kynna í félagsheimilinu Heimalandi, 861 Hvolsvelli, miðvikudaginn 19. júní frá kl. 16:00 til 18:00. Einnig verður hægt að skoða tillögurnar á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hvolsvollur.is og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar, www.skipulagsgatt.is, mál nr. 141/2023 og 732/2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skrifalega í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 19. júlí 2024.

Aðalskipulagsbreytingingin gerir ráð fyrir að 107,6 ha. landi verði breytt úr landbúnaði í verslun- og þjónustu.
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir hóteli, baðlóni og gestahúsum.
Á opna húsinu verður hægt að skoða tillöguna og spyrja ráðgjafa og hönnuði um efni hennar.

Dímonarflöt leiðrétting – athugasemdarfrestur er til 10. júlí 2024
Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.
Dímonarflöt – breyting á aðalskipulagi
Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að 51,6 ha. landbúnaðarlandi (L2) verði breytt í frístundarbyggð (F).

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 29. maí 2024 með athugasemdarfrest til og með 10. júlí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



Þó svo að nautgripum megi gefa alls konar matarafganga beint, eins og hér má sjá, er mælt með því að blanda þeim saman við gróffóður í svokallað heilfóður. Mynd / Loop

# Nautgripir geta nýtt matarleifar og -úrgang

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Nánast um allan heim hafa stjórnvöld mismunandi landa sett kröfur um losun gróðurhúsalofttegunda og sett sér skýr markmið um stöðu sótspors á ákveðum tímamótum og er oft talað um árin 2030 og 2050 í þeim efnum.**

Krafan um minna sótspor við mjólkur- og kjötframleiðslu hefur einnig verið ljós í nokkurn tíma og oft í því sambandi horft til nautgriparæktar og þá sér í lagi losunar nautgripa á metani. Of lítið heyrist rætt um það hvernig nautgriparæktin getur í raun hjálpað margs konar iðnaði til að minnka hið sameiginlega sótspor, með því að nýta margs konar úrgang, sem venjulega færi í landfyllingu eða moltugerð, sem fóður. Nautgripir geta nefnilega fengið næringu úr því sem mannskepnan getur ekki nýtt eða melt, og umbreytt í kjöt og mjólk.

### Úr landfyllingu í fóður

Um allan heim fellur til gríðarlegt magn af bæði matarleifum og margs konar úrgangi frá matvælaverksmiðjum sem í dag fer mikið til bara í landfyllingu eða moltugerð. Þá fer garðaúrgangur mikið til sömu leið en ljóst er að nýta mætti töluverðan hluta sem fóður, ef rétt væri að staðið. Þessu má og er hægt að breyta og hafa nokkur lönd þegar stigið áhugaverð skref í þessum efnum.

### Heilfóðrun nautgripa lausnin

Flestir þekkja til fóðrunar á nautgripum þar sem þeir fá gróffóður og svo kjarnfóður sem aukaskammt af orku og öðrum næringarefnum. En með því að skipta þessari fóðrunaraðferð út með heilfóðrun, þ.e. þar sem öllu fóðri sem gripurinn fær er blandað saman í eitt fóður, er hægt að „smygla“ ofan í nautgripina alls konar aukaafurðum og úrgangi sem þeir myndu ella fúlsa við og/eða ekki nokkur skepna líta við yfir höfuð.

ZERO FOOD WASTE GROCER
A PARTNERSHIP WITH Loop
loopresource.ca

### Ótal hráefni í boði

Líklega er algengast að nota hrat frá bjórgerð sem fóður fyrir nautgripi en ótal aðrar leifar er hægt að nýta, eins og t.d. hrat/úrkast frá vinnslu á matvælaolíu-, maísmjöls- og sojamjöls- eða hrísgrjónaframleiðslu. Þá geta nautgripir nýtt úrgang frá bómullarframleiðslu, frá epla- og appelsínudjúsgerð og ótal fleiri dæmi mætti nefna. Í raun er hægt að nýta allt sem fólki dettur í hug að nota, svo fremi sem næringarefnainnihaldið falli að fóðrunarþörfum nautgripanna.

Víða erlendis, þar sem kúabúskapur er mjög þróaður, er heilfóðrun algengasta form fóðrunar og í dag er oft 20–30% fóðursins einhvers konar úrgangur sem kemur sem hliðarafurð við vinnslu á matvælum fyrir fólk. Þetta hlutfall getur verið enn hærra en þó aldrei allt fóðrið, enda þurfa nautgripir að fá rétt hlutfall fóðurefna svo vambarstarfsemin haldist virk. Rannsóknir sýna að þar sem hefðbundnu korni og þekktum hefðbundum fóðurefnum er skipt út fyrir matarleifar eða úrgang frá matvælavinnslu þá gefur það áþekka niðurstöðu þegar kemur að mjólkurframleiðslu kúa eða vaxtargetu nautgripa. Undirstaðan er vissulega að rétt sé fóðrað og fóðrið blandað á réttan hátt.

### Fyrsta skrefið er að flokka rétt

Til þess að geta náð árangri við nýtingu á matarleifum og sambærilegum úrgangi þarf að flokka rétt og hér er mikilvægast að frumframleiðendur og söluaðilar standi sig vel. Í Bandaríkjunum, þar sem mikið af matvælum og úrgangi sem í raun mætti nýta sem fóður fyrir skepnur endar á haugunum, er búið að útbúa flokkunarkerfi fyrir svona úrgang og er um að ræða 41 mismunandi flokk matvæla sem nýta má sem fóður fyrir skepnur í stað þess að hann fari til spillis og endi sem landfylling eða molta. Þetta eru t.d. úrgangur frá bakaríum, fráflokkað grænmeti og ávextir, niðursuðuvörur og fleira mætti nefna.

### Bændur og verslanir vinna saman í Kanada

Í Kanada hefur verið komið upp áhugaverðu kerfi sem tengir saman bændur og verslanir. Þetta kerfi kallast „Loop“ sem mætti snara yfir á íslensku sem „Hringur“ en bændum og verslunum er valfrjálst að taka þátt í þessum „Hring“. Um er að ræða kerfi sem tengir saman bændur og verslanir og snýst í stuttu máli um að flokka úrgang og matarleifar rétt í verslunum, svo úrganginn megi nýta sem fóður fyrir skepnur. Þeir sem taka þátt í kerfinu fá sérstaka endurmenntun í því hvernig á að flokka og hvernig á að nýta matvælaúrganginn sem bændurnir fá til að gefa sínum skepnum.

### Hvað er nothæft?

Það er í raun ótrúlega margs konar matvæli sem má nota sem fóður fyrir jórtrandi skepnur, svo fremi sem fóðrið sé rétt blandað og samsett.

Á listanum hjá Loop í Kanada er t.d. hið augljósa eins og vörur frá bakaríum, grænmeti og ávextir frá dreifingarfyrirtækjum og verslunum en einnig útrunnar eða skemmdar mjólkurvörur, kaffikorgur, samlokur og ýmislegt annað mætti nefna. Í raun má segja að allar matvörur séu nothæfar nema kjöt og fiskur.

### Laga- og reglugerðarumhverfi þarf að vera í lagi

Þrátt fyrir að þetta verkefni sé gert í nánu samstarfi við yfirvöld sýnir reynslan af þessu kanadíska verkefni að aðalvandamálið við að koma þessu samstarfi bænda og verslana á koppinn hafi einmitt verið opinbera eftirlitskerfið og lagaumhverfið, sem var í raun ekki hannað eða aðlagað því að nýta matarleifar eða matarúrgang sem fóður fyrir skepnur.

Yfirvöld hafa þó verið öll af vilja gerð til að liðka til fyrir þessari nýtingu á úrgangi, enda hafa kanadísk yfirvöld skuldbundið sig til þess að draga úr landfyllingu matarleifa og -úrgangs um 50% fyrir árið 2030. Það sem er sérstaklega áhugavert við þetta kanadíska kerfi er að það er upprunnið hjá bónda, sem tók það upp hjá sjálfum sér að gera samninga við verslanir o.s.frv. Nú hefur kerfið undið upp á sig og félagasamtök og stofnanir slegist í hóp þúsunda bænda og fyrirtækja sem nú eru þátttakendur í þessu Loop-kerfi.

### Þegar vel nýtt á Indlandi

Það er áhugavert að skoða hvernig staðið er að þessum málum í ólíkum löndum og Indland er á allt öðrum stað en t.d. Kanada. Ástæðan er sú að þar er enn mikið um fullvinnslu matvæla á hverju heimili og þar fellur minna til af úrgangi en ella.

Enn fremur er þar hátt hlutfall nautgripa um nánast allt land, sem m.a. skýrist af trúarlegum ástæðum, og þessir nautgripir ganga um lausir og éta nánast allt sem þeir komast í. Það er því ekki beint heilfóðrun þar sem leysir málið heldur hungraðir nautgripir sem gæða sér á úrganginum áður en hann nær því að verða ónýtur. Þetta skilar sér þó líklega síður sem lækkun á heildarsótspori enda eru indverskir nautgripir afurðalitlir og oft ekki einu sinni nýttir til annars en dýrkunar.

### Þurrka matarúrgang

I Indlandi er þó áhugavert verkefni í gangi, en það snýr að því að þurrka matarúrgang við stýrðar aðstæður og breyta honum þannig í fóður fyrir nautgripi. Aðferðin gerir það að verkum að bæði er hægt að staðla fóðrið og lengja nýtingartíma þess enda skemmist það síður ef það er þurrkað. Þetta er nýstárleg aðferð sem gæti reynst einkar áhugaverð ef vel gengur og má sjá fyrir sér slíka lausn notaða á Íslandi, þar sem bændur búa dreift.

### Regluverk þarf að breytast

Innan Evrópusambandsins hefur þróunin á því að nýta úrgang í fóður verið heldur hægari en í framangreindum löndum og felst skýringin í fæðuöryggissjónarmiðum.

Þar á bæ hafa sérfræðingar enn áhyggjur af því að ekki takist að gera ferlið nógu gagnsætt og þar með geti skapast hætta á því að ekki sé hægt að tryggja öryggi matvælanna, þ.e. kjöts og mjólkur, sem framleitt yrði með úrganginum. Regluverkið dregur þannig, a.m.k. enn sem komið er, úr hraðri þróun á þessu en unnið er að lausn málsins enda brýnt að finna lausn sem horfir heildrænt á ferlið svo hægt sé að nýta enn betur það sem framleitt er í dag.

### Fóðuráætlanir nauðsynlegar

Þegar komið hefur verið á fót kerfi til að safna og dreifa matarleifum og -úrgangi þarf að blanda fóðrið rétt eins og áður segir. Hér þarf því að koma til nokkuð viðamikil upplýsingaöflun um helstu virku næringarefni sem finna má í hinum söfnuðu fóðurefnum og svo þurfa sérfræðingar í fóðrun að gera uppskrift að réttri fóðurblöndu fyrir nautgripina.

Þetta kann að virka svolítið flókið en er í raun frekar einfalt, sé flokkun úrgangsins og matarleifanna rétt gerð, þá er næringarefnainnihaldið nokkuð stöðugt í hinum mismunandi úrgangsflokkum.

### Hvað er fram undan?

Það er líklega þónokkuð löng leið sem þarf að fara þar til raunverulega góð nýting fæst á úrgangi sem nýta mætti sem fóður. Auðveldast er að nýta úrgang frá hvers konar matvælavinnslu eða -framleiðslu, en erfiðara er að eiga við nýtingu á matvælum sem t.d. eru runnin út á tíma í verslunum og/eða heimilum.

Lausnin á þessu gæti þó komið fyrr en síðar, enda er verið að horfa á þessi atriði í ótal löndum og einungis tímaspursmál hvenær heppileg lausn finnst. Dæmið frá Kanada sýnir m.a. að þetta er hægt upp að ákveðnu marki og með þurrkun eins og verið er að vinna með í Indlandi gæti farvegur verið kominn fyrir mun betri hringrás næringarefna en nú er, með því að nýta úrgang sem fóður fyrir skepnur í stað þess að hann endi sem molta eða landfylling.

*Byggt að hluta til á greininni „From the US to India and turning food waste into milk“, Dairy Global 23-06-2021*



# Af heimanautum og sæðinganautum

**Mikil notkun heimanauta hefur um langa hríð verið eitt helsta umræðuefni og þrætuepli í íslenskri nautgriparækt.**


Egill Gautason.

Helst kreppir skórinn í kvígusæðingum. Innan við 30% fæddra kálfa undan fyrsta kálfs kvígum eru undan sæðinganautum og einungis rúmlega tveir þriðju allra fæddra kálfa eru undan sæðinganautum. Ráðunautar hafa lengi kvabbað í bændum yfir þessu og réttilega bent á að heimanautin eru dragbítur á erfðaframförum. Sumir bændur eru langþreyttir á aðfinnslunum. Þrátt fyrir kvabbið hefur staðan ekki batnað og heldur versnað hin síðari ár.

Umræðan um heimanautanotkun er ekki síður aðkallandi eftir að erfðamengjaúrval var tekið upp. Sú ákvörðun var tekin þegar erfðamengjaúrval var innleitt að birta bændum erfðamat nautkálfa. Erlendis hafa kynbótafyrirtæki haldið slíkum upplýsingum leyndum. Það er til þess að vernda hagsmuni fyrirtækjanna sem vilja ekki að bændur selji gripina á grundvelli erfðamats sem þessi sömu fyrirtæki hafa haft mikið fyrir að reikna. Birting erfðamatsins til bænda græfi undan þeirra starfi.

Hérna kemur að mikilvægu tæknilegu atriði sem varðar val á heimanautum. Ef naut er valið á grundvelli foreldra sinna, þ.e. kynbótamati sem er meðaltal móður og föður, þá er öryggi úrvals afar lágt. Hins vegar er öryggi úrvals mjög sambærilegt hjá öllum gripum sem fá erfðamat, að því gefnu að ættfærslur, arfgreiningar ættingja, og skýrsluhaldsgögn séu áreiðanleg. Þetta gerir að verkum að bændur hafa betra tól í höndunum til að velja heimanaut heldur en áður, ef þeir kjósa að gera svo.

Hættan við birtingu erfðamats fyrir nautkálfa er að bændur dragi úr notkun sæðinganauta, kaupi frekar sín á milli naut með hátt erfðamat og noti þau sem þarfanaut, og dragi heldur úr sæðingum. Ef þetta raungerist yrði um að ræða gríðarlega afturför í íslenskri nautgriparækt og hugsanlega algjöran forsendubrest. Með þessum skrifum mínum er ég ekki að lýsa vanþóknun minni yfir þeirri ákvörðun að birta erfðamat nautkálfa. Það eru góð rök með og á móti þessari ákvörðun. En mér þykir mikilvægt að allir geri sér grein fyrir mikilvægi þess að ekki verði frekari aukning í notkun heimanauta. Ég tel að íslensk nautgriparækt ætti að stefna að því að að minnsta kosti 90% fæddra kálfa séu undan sæðinganautum.



Tæknisæðingar eru ein mikilvægasta bylting sem hefur átt sér stað í kynbótum nautgripa. Ástæðan er sú að með sæðingunum er hægt að nota bestu gripina margfalt á við náttúrulega sæðingu og auka þannig úrvalsstyrk. Aukning úrvalsstyrks með sæðingastarfi hefur verið lykilþáttur í þeim erfðaframförum sem hafa orðið hjá mjólkurkúm á Íslandi og erlendis síðustu áratugi. Ég efast um að það breytist á næstunni.

Sæðinganautin á hverjum tíma eru að jafnaði erfðalega bestu gripirnir í stofninum. Notkun heimanauta felur í sér notkun lakari gripa og dregur þannig úr úrvalsstyrkleika. Þetta gildir jafnvel þó að öryggi úrvals fyrir heimanaut verði hærra með erfðamati. Niðurstaðan af áframhaldandi mikilli eða aukinni notkun heimanauta verður minni erfðaframfarir.

Ágúst Sigurðsson og Jón Viðar Jónmundsson mátu erfðaframfarir í íslenska kúastofninum árið 2011 og skoðuðu sérstaklega áhrif heimanauta á úrvalsyfirburði. Þeirra niðurstaða var að notkun heimanauta drægi verulega úr úrvalsyfirburðum og þar með úr erfðaframförum í stofninum. Tilkoma erfðamengjaúrvals breytir ekki þeirri staðreynd að þátttaka í sameiginlega sæðingastarfinu er forsenda fyrir áframhaldandi erfðaframförum.

Ekki er pláss í þessari grein til að rekja ástæður fyrir dræmri þátttöku í sæðingum. Hver bóndi hefur sínar ástæður. En ég vil enda þennan pistling á því að feta í kunnuglegg fótspor ráðunauta og kynbótafræðinga og hvetja bændur til að auka kvígusæðingar. Ef bændur sjá sér ekki fært að vera án heimanauta, þá er það rétt að erfðamatið gerir kleift að velja þessi naut með meira öryggi en áður. Hins vegar er það skammgóður vermir ef sameiginlega ræktunarstarfið bíður skipbrot í leiðinni.

*Höfundur er kynbótafræðingur og lektor við LbhÍ.*










Pistill formanns

# Enginn bóndi er eyland


Trausti Hjálmarsson.

**Það er kannski ekki smekklegt að skrumskæla** þau fleygu orð sem breska skáldið John Donne birti í ljóði sínu fyrir meira en 500 árum síðan um að enginn maður væri eyland. Ég leyfi mér samt að gera það í fyrirsögn þessa pistils og tilefnið er ærið. Við bændur upplifðum í síðustu viku síðbúnara og öflugra vorhret en sést hefur í marga áratugi með skelfilegum afleiðingum fyrir bæði gróðurfar og búpening. Hvort tveggja er mikið högg fyrir bændur í ýmsum búrekstri. Ekki eingöngu hvað varðar tímafrek og erfið björgunarstörf heldur einnig mikið fjárhagslegt tjón. Áfall ótíðarinnar fyrir kjarkinn og baráttuþrekið sem enginn bóndi fær þrifist án hefur eflaust einnig gert víða vart við sig.

**Ljósið í skammdegi þessa annars bjartasta tíma ársins** er samstaða bænda, skilningur stjórnvalda og meðvitund þjóðarinnar um mikilvægi íslensks landbúnaðar. Ég fékk afar góðar móttökur hjá matvælaráðherra þegar ég óskaði eftir fundi með honum í síðustu viku til þess að fara yfir alvarleika þeirrar ótíðar sem gengið hefur yfir landið. Enda þótt í ýmis horn sé að líta hjá ráðherranum og ráðuneyti hans þessa dagana var brugðist hratt við og til viðbótar við samráð ráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands voru bæði neyðarlína almannavarna og símaver Rauða krossins til taks. Almannavarnir ef t.d. aðstoðar björgunarsveita vegna búpenings væri þörf og neyðarlína Rauða krossins ef einhvers staðar væru bændur að bugast undan álaginu.

> ... og náum farsælli lendingu fyrir okkur sjálf og íslenska þjóð. Við erum nefnilega öll í þessu saman. Ekkert okkar er eyland.

**Þessi skilningur stjórnvalda og snaggaralegu viðbrögð** ásamt mikilli athygli fjölmiðla er til marks um þann sess sem íslenskur landbúnaður skipar í þjóðarsálinni. Í gegnum áratugina hafa vissulega skipst á skin og skúrir í þeim efnum en engum dylst að staða landbúnaðarins í huga landsmanna býr við mikinn meðbyr um þessar mundir. Baráttufundur Samtaka ungra bænda á síðasta ári undir einkunnarorðunum „Laun fyrir lífi ungra bænda og íslenskra sveita“ olli ákveðnum þáttaskilum í umræðunni og dýrmætum árangri í ákvarðanatökum stjórnvalda. Samtímis hefur orðið alþjóðleg vitundarvakning um mikilvægi fæðuöryggis hverrar þjóðar, gæði hvers kyns landbúnaðarframleiðslu og tækifæri nýsköpunar í krafti þekkingar og tæknivæðingar.

**Við hugsum veðurguðunum vissulega þegjandi þörfina** þessa dagana og þeir eiga eiginlega ekki annað skilið. Það er hins vegar engin framtíð í því að fjandskapast við náttúruöflin og móður jörð til langframa. Þau munu ávallt fara sínu fram og það verður alltaf okkar hlutverk að laga okkur að uppátækjum þeirra hverju sinni. Og kuldakastið í síðustu viku er e.t.v. áminning til okkar um að hinar norðlægu köldu slóðir sem við byggjum séu á sinn sérstaka hátt að færa íslenskum landbúnaði dýrmæta sérstöðu og eftirsótt rekstrarskilyrði í hnattrænni hlýnun jarðarinnar.

**Í því stóra samhengi er vorhret síðustu viku** vissulega óþægilegt en í krafti samstöðunnar er það alls staðar yfirstíganlegt. Við bændur stöndum saman. Þjóðin stendur með okkur. Stjórnvöld segjast reiðubúin til aðstoðar. Veðrinu sem reið yfir má mögulega líkja við náttúruhamfarir og íslenskt samfélag hefur komið sér upp alls kyns bjargráðum við slíkum vágestum.

**Við sem sitjum í stjórn Bændasamtakanna** höfum síðustu dagana átt samtöl við fjölmarga bændur í ólíkum búgreinum sem orðið hafa fyrir búsifjum vegna ótíðarinnar. Öll finnum við hvað bændum þykir mikilvægt að heyra það, bæði frá okkur og í fréttum, að það sé tekið eftir þessum óvæntu aðstæðum, að stjórnvöldum sé vandinn ljós og viljinn til þess að koma til móts við þá sem verst verða úti sé til staðar. Þess vegna leyfi ég mér að vera bjartsýnn á að við komumst í gegnum þennan skafl (sums staðar í orðsins fyllstu merkingu) og náum farsælli lendingu fyrir okkur sjálf og íslenska þjóð. Við erum nefnilega öll í þessu saman. Ekkert okkar er eyland.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*




Réttarfréttir:

# Með lögum skal land byggja

**Tilefni er til að fjalla um lagasetningu í víðum skilningi, þ.m.t. reglugerðarsetningar. Spurningin sem undirrituð veltir fyrir sér með þessum skrifum er hvort að réttarríki sé viðhaft á Íslandi.**


Katrín Pétursdóttir.

Nokkrir þættir eru viðurkenndir innan lögfræðinnar sem spila þátt í því hvort ríki geti talist réttarríki en tilefni er til að fjalla um eftirfarandi þætti, svo sem að lög skulu vera tiltölulega stöðug þar sem skyndilegar og reglulegar lagabreytingar á lagaumhverfi einstakra atvinnugreina valda óvissu um hvaða lög gildi og skerða þannig réttaröryggi. Forsenda þess verður að teljast vera stöðugleiki lagaumhverfis svo menn geti skipulagt atvinnurekstur sinn til lengri tíma og séð fyrir afleiðingar gjörða sinna. Í því samhengi má nefna eina atvinnugrein innan landbúnaðarins, sem hefur verið starfrækt á Íslandi í hartnær 50 ár, sem hefur unnið eftir fjórum mismunandi regluverkum á síðustu 20 árum, blóðmerahald.

Lög eiga einnig að vera skýr, aðgengileg og taka af öll tvímæli um hvaða reglur séu í gildi og hvaða ekki. Meginreglan er sú að almennur borgari á að geta skilið lögin sem eru í gildi hverju sinni en þó er óhjákvæmilegt að lög um sérhæfð málefni þarfnist sérþekkingar lesanda til þess að skilja til hlítar leikreglurnar sem boðaðar eru með lagasetningunni.


Í reglugerð um sjálfbæra landnýtingu reynist ómögulegt að skilja hvaða forsendur heimila landnýtingu hvers lands fyrir sig svo hún uppfylli skilyrði, að sögn greinarhöfundar. Mynd / Hlynur Gauti

### *Óskýrar lagasetningar*

Ekki hefur borið á skorti á aðgengi að lögunum á Íslandi, að undanskildum þeim aðferðum sem notast er við þegar um setningu laga á fyrri stigum málsins í svokölluðum bandormi (margar lagabreytingar í einum lagabálki) er að ræða svo erfiðlega reynist fyrir hagaðila eða aðra almenna borgara að rýna í lagasetninguna á samráðsstigi til þess að veita umsögn. Sama má segja um það þegar margra tuga blaðsíðna regluverk frá ESB er innleitt í 2 blaðsíðna skjali en það er efni í aðra grein.

Hins vegar er hægt að nefna lagasetningar sem eru óskýrar og hafa að geyma tvímæli svo erfiðlega reynist að skilja hið eiginlega innihald lagasetningarinnar. Telja verður grundvallarþátt í gagnsemi lagasetningar að borgarar skilji lögin svo mögulegt sé að fylgja þeim án þess að þurfa aðstoð lögfræðings sem notast við lagatæknileg atriði og lögskýringargögn þó þau séu nytsamleg til fyllingar lagaákvæðanna í mörgum tilvikum. Reglugerðum fylgja ekki lögskýringargögn svo nauðsynlegt er að þær séu skrifaðar skýrar og afdráttarlausar svo þær séu gagnlegar og til þess að fyrirbyggja að menn þurfi að höfða mál fyrir dómstólum til þess að úrskurða um innihald reglugerðarinnar.

Sumar reglugerðir eru þannig úr garði gerðar að þó einstaklingur sé lögfróður er hann engu nær hvað varðar innihald lagabókstafsins og merkingu hans. Í því samhengi má nefna reglugerð um sjálfbæra landnýtingu þar sem ómögulegt reynist að skilja hvaða forsendur heimila landnýtingu hvers lands fyrir sig svo hún uppfylli skilyrði reglugerðarinnar.

### *Framseljanlegt lagasetningarvald*

Í stjórnarskrá segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Í stjórnarskrá segir jafnframt orðrétt að „ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi“. Svo segir einnig að Alþingi getur eigi gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu. Til þess að lagafrumvarp verði að lögum verður forseti Íslands að staðfesta frumvarpið en eins og landsmönnum er flestum kunnugt er forseta einnig heimilt að synja frumvarpi.

Þó er viðurkennt og heimilt að vissu marki að framselja lagasetningarvald til ráðherra til setningar nánari reglna, enda er það fyrirkomulag mörgum kostum gætt. Spurningin er samt: Við hvaða aðstæður og í hvaða málum má framselja lagasetningarvald?

Ekki er kveðið á um með beinum og afdráttarlausum hætti í hvaða tilvikum heimilt er að framselja umrætt lagasetningarvald en sum ákvæði stjórnarskrárinnar kveða á um í hvaða tilvikum það sé óheimilt. Svo dæmi séu nefnd er eignarrétturinn friðhelgur og engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema með lagafyrirmælum í þröngum skilningi laganna, þ.e. sett lög frá Alþingi.

Annað dæmi er um atvinnufrelsi manna en öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa en frelsinu má þó setja skorður með lögum enda er skilyrði að almannahagsmunir krefjist þess. Draga má ályktun út frá þessum tveimur ákvæðum stjórnarskrárinnar að þegar um ótvíræð mannréttindi á borð við eignarrétt og atvinnufrelsi manna er að ræða eru gerðar kröfur um lagasetningu frá Alþingi ef skerða á þau réttindi eða svipta almennum borgunum þeim alfarið. Reglugerðir verða því ekki settar sem hafa þær afleiðingar að skerða á eða girða fyrir atvinnufrelsi eða eignarrétt manna, eins og bent var á í umsögn Bændasamtaka Íslands um reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

### *Bleiki fíllinn*

Bleiki fíllinn í herberginu varðandi framsal lagasetningarvalds er því sá að ráðherra einn ákveður innihald reglugerðarinnar og er ekki bundinn þeim reglum sem er kveðið á um í stjórnarskrá um lagasetningu, t.d. þarf hún ekki að lúta þremur umræðum á Alþingi og samþykkis meirihluta alþingismanna og forseta Íslands.

Framsal lagasetningarvalds í formi þess að ráðherra setji reglugerð virðist vera notað í sífellt meira mæli. Óumflýjanlegar afleiðingar þessarar aðferðarfræði er að lagasetningarvald er í höndum ráðherra og embættismanna innan ráðuneytanna en ekki þeirra 63 sem eru þjóðkjörnir þingmenn á Alþingi.

*Höfundur er lögfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.*





Frelsinu fegnar að loknu óveðri. Mynd / Högni Elfar

# Og svo kom vorið

**Nú í byrjun júnímánaðar fengu landsmenn yfir sig sannkallað vetrarveður sem varði í marga daga. Á sama tíma var sauðburði að ljúka hjá flestum sauðfjárbændum og merar í óðaönn að kasta folöldum.**



Högni Elfar Gylfason.

Tímasetningin var því afar óheppileg fyrir slíkt veður svo ekki sé meira sagt. Bændur eru harðgerðir eftir átök við óblíð náttúruöfl og vanir að bjarga sér sjálfir. Þeir eru flestir lítið fyrir það að biðja um aðstoð, en bæta frekar við sig verkum. Þannig hafa þeir lagt í mikla vinnu við að bjarga búfénaði í hús eða önnur skjól og hugsa um hann meðan óveðrið stóð yfir. Vegna mismunandi aðstæðna og veðurs er líklegt að sums staðar hafi verið erfiðara við þetta að eiga en annars staðar. Þá er líklegt að eitthvað af fé hafi króknað í veðurofsa, kulda og blautum krapasnjó þrátt fyrir baráttu bænda þeim til bjargar og að eftirköst vegna undanvilltra lamba, júgurbólgu og annarra krankleika verði nokkur.

Það var ánægjulegt fyrir bændur að verða vitni að því að lögregla, Almannavarnir, Bændasamtökin, stjórnvöld og fleiri skyldu láta sig málið varða og nú þegar hefur undirritaður fengið símtal frá átakshópi sem myndaður var þar sem spurt var út í stöðuna á okkar bæ og boðin aðstoð ef á þyrfti að halda. Það ber að þakka og passar vel við það sem bændum var sagt eftir óveðrið og fjárfellinn sem fylgdi í september 2012. Þá var gefið út að bændur skyldu vera óhræddir við að hringja í Neyðarlínuna 112 ef hætta væri á ferðum og þeir réðu ekki við aðstæður einir. Þá yrði allt gert til að senda aðstoð. Þá mun átakshópnum ætlað að vinna áfram að samantekt upplýsinga um tjón bænda af óveðrinu ásamt þeim miklu kalskemmdum í túnum sem hafa komið upp á ákveðnum svæðum. Þá væri frábært og upplífgandi fyrir sauðfjárbændur ef ráðherra tæki sig til og færi að tillögum umboðsmanns Alþingis og gerði upp misræmi í greiðslum fyrir ull sem upp kom fyrir nokkrum árum vegna breytinga uppgjörstímabils ullar. Því miður stefnir í dag í að Bændasamtökin, fyrir hönd sauðfjárbænda, þurfi að fara í mál við ríkið til að knýja fram leiðréttingu sem þó er nú þegar viðurkennd af hálfu ríkisins með réttarsátt við nokkra bændur á síðasta ári.

Nú þegar óveðrinu er loks lokið líta sauðfjárbændur bjartari augum til framtíðar. Innan tíðar fer fé til fjalla, fræ í flög og áburður á tún. Lífið kemst í fastar skorður á ný og gott er að hafa jákvæðni að leiðarljósi í framhaldinu. Styðjum hvert annað og hvetjum til dáða.

Tökum höndum saman og berjumst fyrir tilverurétti íslensks landbúnaðar og bændastéttar, bæði gagnvart óblíðu veðurfari og ekki síður stjórnvöldum.

Enginn bóndi. Enginn matur. Ekkert líf.

*Höfundur er sauðfjárbóndi og ýmislegt fleira.*










# GAZA-legt ástand

**Því miður þekkjum við fjölmörg dæmi um yfirtöku þjóða, þjóðflokka og þjóðarbrota á landi annarra í gegnum tíðina.**


Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

Ástæður yfirtöku eru oft byggðar á sögulegum forsendum en líka beinum hagsmunum, svo sem að ná yfirráðum yfir náttúruauðæfum eða byggingarlandi. Gjarnan hafa hernaðaraðgerðir fylgt slíkum aðgerðum og miklar hörmungar hlotist af. Nægir að nefna ástandið í Úkraínu og á Gaza í því sambandi.

### *Ágætu sauðfjárbændur*

Það er fjarri mér að líkja líðan okkar, sem megum óviljug sæta því að sauðfjárbændur beiti á okkar land, við raunir þolenda innrásar Ísraelsmanna á Gaza undanfarið. Hins vegar tel ég að þau ykkar sem vísvitandi sleppið fé ykkar á annarra manna land verðið að þola að athæfi ykkar sé líkt við landtöku Ísraelsmanna á hernumdu svæðunum á undanförnum áratugum. Þó í okkar tilfelli sé aðeins um að ræða beit í nokkra mánuði á ári er gjörðin söm.

Þið teljið ykkur hafa sögulegar forsendur til að byggja búskap ykkar á nýtingu auðlinda annarra og túlkið lög svo þau falli að ykkar sjónarmiðum þrátt fyrir álit umboðsmanns og úrskurði ráðuneyta. Sveitarstjórnir neita að hlíta fyrirmælum um smölun ágangsfjár og löggjafinn skirrist við að taka af öll tvímæli varðandi ágreining sem ríkir milli gerenda og þolenda. Flest ykkar lifið sennilega í þeirri trú að ykkur sé heimilt að beita annarra land. Forsvarsmenn sauðfjárbænda og sveitarstjórnarmenn láta ítrekað hafa eftir sér að lausaganga sé leyfð og jafnvel að sauðfé hafi jafnan rétt á við fólk til frjálsrar farar um landið!

Gott og vel en það er meginregla í íslenskum rétti að ***það er notanda að sanna rétt sinn til nýtingar, ekki þolenda.*** Þið verðið því að vera viðbúin því að geta framvísað samningum um heimildir ykkar til að beita heimalönd annarra ef eftir því er óskað. Þið getið auðvitað leitað til dómstóla til að láta reyna á hvort ákvæði fyrningarlaga eigi við. En umfram allt er það ykkar að sýna fram á heimildir ykkar til að nýta heimalönd annarra, í þeirra óþökk, og dugar þá ekki að vitna í orð forsvarsmanna búgreinarinnar, sveitarstjórnarmenn eða keypt álit misviturra lögspekinga á þeirra vegum. Aðeins lagagreinar, sem sýna svart á hvítu að búskapur ykkar sé slík almannaþörf að hann gangi framar eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, duga til að veita ykkur slíkar heimildir. Fram til þessa hefur mér ekki tekist að finna þær, jafnvel ekki í lögum um félagslega aðstoð og fátækrahjálp.

### *Ágætu landeigendur*

Í október sl. skrifaði ég grein í Bændablaðið og varaði við því ástandi sem kynni að skapast ef ástandið breyttist ekki fyrir sumarið sem í vændum er. Reyndar hefur staðan breyst að því leyti að ráðuneyti hafa úrskurðað í kærumálum á þann veg að sveitarstjórnum er tafarlaust skylt að smala ágangsfé og jafnframt að ekki þurfi að vera um girt land að ræða. Nú virðist flest benda til að mínar verstu spár gangi eftir. Sauðfjárbændur munu að líkindum áfram sleppa fé sínu „upp fyrir girðingu“ og sveitarstjórnir munu trúlega áfram bregðast seint og illa, ef nokkuð, við óskum um smalanir ágangsfjár.

Það er því ljóst, frá mínum bæjardyrum séð, að nú verðum við landeigendur, sem þolum ekki landtöku sauðfjárbænda, að grípa til okkar ráða. Við virðumst ekki geta treyst á liðsinni yfirvalda og hljótum því að láta reyna á sönnunarbyrði sauðfjáreigenda sem beita lönd okkar, fyrir nú utan að það er oft ekki fyrr en hlutirnir koma við pyngjuna að mönnum verður alvaran ljós. Sjálfsagt biðja einhver ykkar viðkomandi sveitarfélög um smölun ágangsfjár, en það er trúlega bara til að tefja málin.

Við verðum því sjálf að handsama fé sem gengur í okkar heimalandi og gefa fjáreiganda færi á að leysa það til sín gegn greiðslu kostnaðar. Ætli fjögurra tíma útkall megi ekki kallast sanngjarnt grunngjald. Sinni fjáreigandi ekki boði um að leysa féð til sín, t.d. innan tveggja daga, verði honum gert ljóst að landeigandi ráðstafi fénu að eigin vild. Hvort hann t.d. skýtur það í gröf, sleppir því fjarri heimahögum eða elur það sjálfur til haustsins er ákvörðun hvers og eins. Síðasti kosturinn er augljóslega álitlegastur því þá getur landeigandinn haft upprunavottað lambakjöt á sínum borðum. Það er meiri vitneskja en flestir neytendur lambakjöts eiga kost á.

Til að koma í veg fyrir tilgangslausar ásakanir um sauðaþjófnað er landeiganda nauðsynlegt að gefa ekki upp númer viðkomandi grips, aðeins bæjarnúmer. Þau okkar sem berum hag sauðfjárbænda fyrir brjósti munum sennilega fanga eina á með lömbum frá hverjum fjáreiganda fyrst í stað, til að láta reyna á samningsvilja fjáreigenda án þess að stefna þeim í umtalsverð fjárútlát.

### *Að lokum*

Mér er ljóst að ýmsum mun þykja að ég sé hér að hvetja til þess að menn taki lögin í sínar hendur. Sé svo er hverjum manni frjálst að leita til dómstóla og fá úr ágreiningi skorið. Mér er líka ljóst að það er meira en að segja það að vinda ofan af búskaparlagi sauðfjárbænda sem fengið hefur að viðgangast heimildarlaust áratugum saman. Það er eigi að síður bjargföst trú mín að viðvarandi landnýting muni koma í bakið á sauðfjárbændum ef ekki tekst að færa búskaparhætti þeirra til betri vegar fyrr en seinna. Sauðfjárbændur sjálfir, forsvarsmenn þeirra, sveitarstjórnarmenn og þingmenn þjóðarinnar verða að átta sig á að sjálftaka af þeim toga sem hér hefur verið lýst er brot á öllum reglum sem siðuð þjóðfélög vilja kenna sig við. Það að þessi skipan hafi viðgengist áratugum saman athugasemdalaust er ekki næg ástæða til þess að á stjórnarskrárvörðum rétti okkar, sem kjósum að nýta eignir okkar sjálf, sé brotið.

*Höfundur er bóndi emeritus á Þórisstöðum/Leifshúsum.*






# Framleiðsla og falla ekki undir

**Fyrir röskum þremur árum ritaði greinarhöfundur þrjár greinar um landbúnað og samkeppnismál í skoðanadálk visir.is og uppskar viðbrögð forstjóra Samkeppniseftirlitsins í tvígang.**


Erna Bjarnadóttir.

Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar en margt stendur þó enn óhaggað af því sem okkur fór á milli.Meðal þess er að þrjátíu ár eru liðin frá því EES-samningurinn öðlaðist gildi – var þeim áfanga fagnað í upphafi þessa árs. Þótt samningurinn kalli á innleiðingu regluverks frá Brussel í stríðum straumi breytir það engu um samninginn sjálfan og er gildissvið hans nær óbreytt frá gildistöku hans 1993.

Hvers vegna er þetta rifjað upp hér? Jú, í fyrrnefndum orðaskiptum greinarhöfundar og forstjóra Samkeppniseftirlitsins var tekist á um hvort og hvernig mætti innleiða undanþágur fyrir íslenskar kjötafurðastöðvar frá samkeppnislögum hér á landi. Þar var mest horft til þess að slíkar undanþágur væru þegar til staðar í Evrópusambandinu sjálfu og reyndar var einnig vísað til Noregs í þessu sambandi.

### *EES-samningurinn er hin augljósa réttarheimild*

En þarna leitaði greinarhöfundur heldur betur langt yfir skammt, ef svo má segja, því vitaskuld eru það ekki undanþágur ESB frá eigin regluverki sem setja Íslandi takmörk í þessu efni heldur er nærtækara að leita beint í EES-samninginn sem setur í raun báðum aðilum lagaramma að þessu leyti. Undanþágur ESB verða að rúmast innan samningsins rétt eins og undanþágur Noregs og Íslands. Að EES-samningnum sjálfum frágengnum eru dómar EFTA-dómstólsins síðan réttarheimildir sem leita má fanga í.

Þetta var rannsakað allítarlega af atvinnuveganefnd við meðferð frumvarps til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 (framleiðendafélög). Í áliti nefndarinnar með breytingatillögum hennar segir m.a.: *„EES-samningurinn tekur þannig ekki til lifandi dýra og framleiðslu kjöts af lifandi dýrum nema annað sé sérstaklega tekið fram. Ákvæði samningsins ná því að litlu leyti til framleiðslukerfis landbúnaðar hér á landi. Svigrúm til að móta stefnu í málaflokknum er því umtalsvert.“*

Óþarft er að rekja þær deilur sem um þetta sköpuðust og spruttu upp úr þeim nýtt þríeyki ásamt ýmsum furðuyfirlýsingum og bréfasendingu sem vægast sagt orkaði tvímælis, þ.e. þegar matvælaráðuneytið, undir stjórn fyrrverandi matvælaráðherra, setti sig í þá stöðu að segja löggjafanum fyrir verkum.

### *Álit fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins*

Í fréttum hefur komið fram að Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) hafi eftir samþykkt hinna nýju laga frá Alþingi leitað til dr. iur. dr. rer. pol. h.c. Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, um að semja álit þar sem greint er frá meginreglum EES-samningsins um búvöruframleiðslu og -vinnslu og að hvaða marki EES-samningurinn tekur til þessarar starfsemi.

Í stuttu máli tekur álit dr. Baudenbacher í einu og öllu undir fyrrnefnda niðurstöðu atvinnuveganefndar og segir hann m.a. í niðurstöðukafla sínum: *„Það er munur á innri markaði ESB og útvíkkun hans til EES. Sameiginleg stefna ESB er í grundvallaratriðum undanskilin EES-lögum. EES/EFTA-ríkin hafa haldið fullveldi sínu á þessum sviðum. Ein undantekningin varðar hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu.“* Þetta sé einnig samhljóða því sem finna má í umfjöllun annarra fræðimanna.

Lokaorð álits dr. Baudenbacher eru síðan eftirfarandi:
*„Ísland hefur því rétt til að marka stefnu sína í framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvara óháð ákvæðum EES-samningsins, þar með talið að því er varðar undanþágur frá samkeppnisreglum. Þetta hefur í för með sér að Ísland er ekki bundið af undanþágum frá samkeppnisreglum sem nú gilda í Evrópusambandinu við mótun eigin undantekningar frá samkeppnisreglum um landbúnaðarvörur sem falla utan 3. mgr. 8. gr. EES.“*

Þessi lokaorð þessa fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins eru í



# vinnsla búvara EES-samninginn

fullu samræmi við tilvitnuð orð í nefndaráliti atvinnuveganefndar og þau sjónarmið sem fram komu í greinum mínum og svarað var af hálfu forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

*Afstaða Samkeppniseftirlitsins*

Í orðaskiptum mínum og forstjóra Samkeppniseftirlitsins snemma árs 2021 kom fram af minni hálfu að EES-samningurinn stæði því ekki í vegi að innleiddar væru undanþágur frá samkeppnislögum hér á landi. Þessu svaraði forstjóri Samkeppniseftirlitsins svo: *„Samkeppniseftirlitið telur vel koma til greina að innleiða í íslenskan rétt undanþágur frá samkeppnislögum áþekkar þeim sem gilda í Noregi og ESB.“* Forstjórinn hefur síðan í skjóli embættis síns heldur streist við að standa við þessi orð sín.

Nú þegar fyrrverandi forseti EFTA-dómstólsins hefur kveðið skýrt úr með að; *„Ísland er ekki bundið af undanþágum frá samkeppnisreglum sem nú gilda í Evrópusambandinu við mótun eigin undantekningar frá samkeppnisreglum um landbúnaðarvörur“*, má ljóst vera að eitthvað hefur farið verulega úrskeiðis af hálfu forstjórans og þeirri stofnun sem hann veitir forstöðu. Í þessu sambandi má spyrja hvort forstjórinn hafi ekki verið kominn langt út fyrir hlutverk sitt sem forstjóri eftirlits stjórnvalds samkeppnismála þegar hann lagðist gegn breytingum sem lög nr. 40/2024 (framleiðendafélög) gerðu á búvörulögum nr. 99/1993 með framlagningu rúmlega 50 blaðsíðna umsagnar og greinargerðar.

Í raun þarf að kanna hvort forstjórinn og Samkeppniseftirlitið hafi ekki verið komið inn á svið stjórnmála og löggjafarvaldsins með yfirlýsingum sínum sem enga stoð eiga í samkeppnislögum eða EES-samningnum.

*Niðurlag*

Handhöfn ríkisvalds, hvort heldur löggjafar-, framkvæmda- og dómsvalds, fylgir mikil ábyrgð. Það er skoðun greinarhöfundar – og hefur verið skoðun um allnokkurn tíma – að forstjóri Samkeppniseftirlitsins hafi gengið fast fram í málefnum landbúnaðarins. Álit dr. Carls Baudenbachers staðfestir, að mínu mati, að eitthvað vantar upp á greiningu Samkeppniseftirlitsins á sambandi EES-samningsins og landbúnaðar og svigrúmi íslenska ríkisins til að setja reglur í landbúnaðarstarfsemi almennt.

*Höfundur er hagfræðingur hjá Mjólkursamsölunni.*















Farsæl tilraun var gerð við að framleiða hitaorku með viðarperlum fyrir hitaveitur í Fjarðabyggð síðastliðinn vetur.



Peruketill. Með uppsetningu þeirra ásamt aðhaldsaðgerðum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar tókst að komast hjá því að brenna olíu við hitaveituna.
Myndir / Aðsendar

# Kynding með viðarperlum úr íslensku lerki

**Tandrabretti ehf. hefur undanfarin ár unnið að uppbyggingu á viðarperluframleiðslu þar sem hráefnið er ýmist úr íslenskum skógum eða úrgangstimbri ýmiss konar.**



Einar Birgir Kristjánsson.

Viðarperlur hafa margt til síns ágætis, eru notaðar sem undirburður undir hesta og sem orkugjafi. Varan er þegar orðin talsvert þekkt undir vörumerkinu Ilmur. Í þessum pistli ætla ég að fjalla um verkefni þar sem viðarperlur úr íslensku lerki voru notaðar sem orkugjafi í stað olíu.

Þegar timbri er umbreytt úr hrávið í viðarperlur verður til formuð og pressuð afurð sem er orkuríkari en óunnið timbur á þyngdareiningu. Auðvelt er að stjórna brennslu viðarperla þar sem einingarnar eru staðlaðar og innihalda lítinn raka. Perluofnar nútímans eru útbúnir stýringum svo ávallt sé rétt hlutfall eldsneytis og súrefnis í brunahólfinu til þess að hámarka nýtinguna og lágmarka útblástur. Yfirleitt er ekki sjáanlegur reykur úr perluofnum. Samkvæmt stöðlum ESB er brennsla á viðarperlum skilgreind umhverfisvæn þar sem ekki er heilsuspillandi mengun frá þeim og kolefnið sem losnar við bruna er hluti af kolefnishringrás andrúmsloftsins öfugt við kolefni úr jarðefnaeldsneyti sem er hrein viðbót við það kolefni sem nauðsynlegt er öllu lífi á jörðu. Einnig er samkvæmt reglum ESB leyfilegt að starfrækja perluofna inni í íbúðabyggðum án sérstaks leyfis vegna áðurgreindra kosta brunans.

Á Íslandi höfum við búið við gnægð orku undanfarin ár, orku sem er afar umhverfisvæn og auðveld í notkun. Það má segja að við búum við forréttindi að geta keypt heitt vatn eða rafmagn á verði sem er aðeins brotabrot af því verði sem nágrannaþjóðir okkar búa við. Nú er hún Snorrabúð stekkur og er ljóst að ekki eru ótakmarkaðar orkuauðlindir á Íslandi frekar en annars staðar og í nútíma neyslusamfélagi hrannast úrgangur upp með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum, þá þarf að grípa til aðgerða, margs konar aðgerða sem falla að ólíkum aðstæðum.

Á síðastliðnum vetri fékk Tandrabretti tækifæri til að gera alvörutilraun að framleiða hitaorku með viðarperlum fyrir hitaveitur í Fjarðabyggð, þar sem á liðnum vetri varð orkuskortur á Íslandi og brenna þurfti þúsundum tonna af olíu með tilheyrandi kolefnisspori til þess að mæta orkuskortinum.

Skemmst er frá því að segja að með því að setja upp perlukatla ásamt aðhaldsaðgerðum sveitarfélagsins tókst að komast hjá því að brenna olíu við hitaveitur Fjarðabyggðar.



Stæða af grisjunarvið. Notast var við lerki úr skógum á Fljótsdalshéraði.

*Tölulegar upplýsingar*

Á tímabilinu frá miðjum janúar sl. fram í byrjum maí voru í Fjarðabyggð framleiddar með viðarperlum 2.250 megawattsstundir í formi heits vatns. Til framleiðslunnar þurfti 490 tonn af viðarperlum, en hvert kg af viðarperlum skilar um 4,5 kwh. Ef orkugjafinn hefði verið olía hefðu verið notaðir u.þ.b. 225 þúsund lítrar og kolefnislosun verið um 550 tonn af jarðefnakolefni. Fjárhagslegur ávinningur Fjarðabyggðar var 17 milljónir króna, sem er mismunurinn á kostnaði við að nota perlur frekar en olíu sem eldsneyti, auk þess sem beint skattaspor framleiðslunnar var um 3,5 milljónir.

Við höfum áætlað kolefnisspor þessa verkefnis og borið það undir sérfræðinga. Til orkuvinnslunnar í vetur var eingöngu notast við lerki úr skógum á Fljótsdalshéraði. Var þetta grisjunarviður sem ekki er hæfur til áframhaldandi timburvinnslu, þ.e.a.s. er ekki hæfur til flettingar. Til þess að framleiða 490 tonn af perlum þarf að grisja um það bil 25 hektara skóglendis. Úr hverjum hektara fæst við grisjun að meðaltali um 20 tonn af hráefni til perluframleiðslu og 8–10 tonn af flettivið sem notaður er til að vinna t.d. húsaklæðningar o.fl. Samkvæmt upplýsingum frá Landi og skógi bindur einn hektari með síberíulerki, eins og mest er af á Fljótsdalshéraði, um 7 tonn af koltvísýringi ($CO_2$) árlega.

Til að hámarka tekjur af skógrækt og viðhalda heilbrigði skóganna þarf að hirða um þá og grisja, til að skapa vaxtarrými fyrir þá einstaklinga sem eru af mestum gæðum og viðhalda góðum vexti og þar með talið kolefnisbindingu.

Líftími lerkiskóga er langur, en vöxtur og kolefnisbinding minnka verulega við 50–60 ára aldur, enda má reikna með að við þann aldur sé skógurinn orðinn að verðmætu hráefni til viðarvinnslu. Við brennsluna á þeim 490 tonnum af perlum sem notuð voru í vetur var kolefnislosun um 500 tonn af koltvísýringi sem er hlutlaus losun.

Ef hins vegar þessi vinnsla og notkun á grisjunarvið er sett í samhengi með nýtingu skógar, skógarheilbrigði og umhirðu, þá má rökstyðja að aðgerðin sé kolefnisjákvæð og muni hjálpa skógunum að framleiða verðmæta vöru og binda kolefni næstu 25–30 ár. Því má draga þá ályktun að losun okkar á 500 tonnum af koltvísýringi sé eðlilegur þáttur í því að skógurinn sem grisjaður var geti á 50–60 ára líftíma bundið um 9–10 þúsund tonn af kolefni. Þannig að ávinningurinn er mikill.

*Jákvæð umhverfisáhrif*

Að framansögðu er ljóst að umhverfisáhrif þess að kynda með viðarperlum eru mjög jákvæð auk þess sem hagræn áhrif á samfélagið eru góð. Ég hef ekki minnst á þau áhrif sem það hefur á skógareigendur að orðin séu til verðmæti í grisjunarvið sem áður var skilinn eftir inni í skógum, auk þess sem áhrifin eru þau að meira er grisjað af skógum vegna þeirra tekna sem til verða.

Það eru mikil tækifæri falin í skógrækt og skógarvinnslu en til þess að hægt sé að byggja upp timburiðnað þurfa allir aðilar sem að því koma að vinna saman að uppbyggingu þar sem hver vinnslugrein er stoð annarra vinnslugreina. Stjórnvöld þurfa einnig að hafa framtíðarsýn og skapa aðstæður svo hægt sé að styðja enn frekar við uppbyggingu skógarvinnslu sem styrkir byggð í sveitum landsins.

Það má nefna að við grisjun skóga fellur til eitthvert magn af flettivið sem vinnslur á borð við Skógarafurðir ehf. í Fljótsdal geta nýtt sér í afurðir, eins og klæðningar á hús og sólpalla svo eitthvað sé nefnt. Við þá framleiðslu fellur einnig til hráefni sem hægt er að nýta til framleiðslu á viðarperlum.

Tilraunin sem Tandrabretti stóð að í Fjarðabyggð í vetur í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld tókst að okkar mati vel, þrátt fyrir að aðstæður hafi ekki verið eins og best verður á kosið. Kyndistöðvarnar voru í gámum með tilheyrandi takmörkunum. Erfitt var að nálgast hráefnið sem að mestu var enn í stæðum inni í skógum, vegna snjóa. Fyrirvarinn á raforkuskerðingunni var mjög lítill og þess vegna var undirbúningurinn nánast enginn. Við unnum í kappi við tímann að koma verkefninu af stað. Það er erfitt rekstrarumhverfi fyrir okkur sem einkafyrirtæki að búa við rekstraróvissu til framtíðar og nær ómögulegt. Nauðsynlegt er að stjórnvöld komi að því hvernig hitaveitur sem nýta svokallaða skerðanlega orku tryggi varaafl annað en olíu. Með fyrirsjáanleika er hægt að byggja upp kyndistöðvar sem nota viðarperlur sem varaafl á hagkvæman hátt.

Tilraunaverkefni af þessu tagi er ekki gert nema með aðkomu fleiri aðila og viljum við sem stöndum að Tandrabrettum nefna Land og skóg sem hafa komið að grisjunarverkefnum til að tryggja hráefni í okkar vinnslu. Verkefnið hefur notið mikilvægra styrkja frá Orkusjóði til kaupa á nauðsynlegum búnaði. Mikilvægt var einnig að bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð höfðu trú á verkefninu og unnu þétt með okkur að framgangi þess.

Við hjá Tandrabrettum gerum okkur grein fyrir að viðarperlur úr íslenskum skógum eru ekki heildarlausn gegn orkuskorti á Íslandi en með skynsamlegum aðgerðum yfirvalda getur brennsla þeirra verið jákvæður þáttur í hagnýtri orkuöflun og kolefnisbindingu íslenskra skóga.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Tandrabretta ehf.*



# Réttindabarátta sjávarbyggða og strandveiðimanna

**Strandveiðitímabilið hófst í byrjun maí. Mikil veiði hefur verið enda mikið af fiski á miðunum.**


Eyjólfur Ármannsson.

Útlit er fyrir stöðvun veiða mánaðamótin júní-júlí auki matvælaráðherra ekki aflamagn og tryggi 48 veiðidaga í sumar. Um 700 bátar eru gerðir út á strandveiðar. Strandveiðar hleypa lífi í sjávarbyggðir og veita fjölbreyttum hópi strandveiðimanna tækifæri til handfæraveiða og atvinnufrelsi til að stunda þá vinnu sem þeir kjósa.

Baráttan fyrir frjálsum handfæraveiðum er réttindabarátta. Barátta fyrir jafnræði og atvinnufrelsi en takmarkanir á atvinnufrelsi mega ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Þetta er barátta fyrir búseturétti í sjávarbyggðum landsins, sem byggist á stjórnarskrárvörðu atvinnu- frelsi og nálægð við sjávarauðlindir.Handfæraveiðar smábáta búa við náttúrulegar takmarkanir veðurs og sjólags, auka takmörkunar á veiðidögum, lengdar veiðiferðar og magns í veiðiferð. Veiðarnar eru ekki ólympískar, takmarkanir sjá til þess.

Takmörkun stjórnvalda á atvinnufrelsi verður að byggja á almannahagsmunum. Verndun fiskistofna þarf að ná til veiðarfæra sem ógna fiskistofnum, ekki þeirra sem ekki ógna þeim. Handfæraveiðar á bát með fjórum krókum á fjórum rúllum ógna ekki fiskistofnum. Takmörkun handfæraveiða með 10.000 tonna þorskafla er skerðing á atvinnufrelsi sem gengur lengra en nauðsyn krefur. Almannahagsmunir skortir því handfæraveiðar ógna ekki fiskistofnum, því takmörkun á krókaveiði í skjóli verndunar fiskistofna réttlætir ekki takmörkun á atvinnufrelsi. Fiskistofnum stendur ekki ógn af krókaveiðum.

Sjávarbyggðirnar byggja tilvist sína á fiskveiðum og nálægð við fiskimið og auðlindir hafsins. Þetta er barátta fyrir rétti íbúa sjávarbyggða, þar sem byggð hefur alla tíð byggst á fiskveiðum, til sjálfsbjargar og fyrir jöfnum búseturétti. Frjálsar handfæraveiðar og efling strandveiða virða þennan rétt.

*Höfundur er þingmaður Flokks fólksins í Norðvesturkjördæmi.*













## Annað bréf til bænda:

# Enn af undanþágum búvörulaga og stöðu bænda

**Ágætu bændur. Í Bændablaðinu þann 16. maí sl. reifaði ég í bréfi til ykkar áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af nýsamþykktum breytingum á búvörulögum, þar sem lögfestar voru undanþáguheimildir kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum. Beinast áhyggjur eftirlitsins ekki síst að stöðu bænda.**


Páll Gunnar Pálsson.



Formaður atvinnuveganefndar Alþingis svaraði í framhaldinu með grein í Bændablaðinu þann 30. maí sl.

Í síðustu viku birtu Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) álitsgerð dr. Carl Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, en samtökin báðu um álit hans á samspili EES-samningsins og landbúnaðar á Íslandi. Skrifaði framkvæmdastjóri SAFL grein um þetta í Morgunblaðinu þann 6. júní sl. Þessi greina- og álitsgerðaskrif gefa mér tilefni, í þágu upplýstrar umræðu, til að árétta nokkur atriði. Hafa ber í huga í þessu sambandi að það er hlutverk Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á það sem aflaga fer, sbr. 8. gr. samkeppnislaga.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur umræðan eftir lögfestingu undanþáguheimildanna fært okkur heim sanninn um mikilvægi þess að Alþingi taki málið að nýju til ítarlegrar umfjöllunar, hið fyrsta. Í þeirri umfjöllun verði hagsmunir bænda og neytenda settir í forgrunn, í stað einangraðra hagsmuna kjötafurðastöðva og stjórnenda þeirra.

Ástæðurnar eru m.a. þessar:

### 1. Undanþágur þurfa að styrkja stöðu bænda, en ekki veikja

Nýsamþykktar undanþáguheimildir veikja stöðu bænda þvert á markmið undanþáguheimilda í nágrannalöndum, en þar taka þær til fyrirtækja bænda og beinast að því að styrkja stöðu bænda gagnvart viðsemjendum sínum. Formaður atvinnuveganefndar lýsir því í grein sinni að allt tal um aukin völd bænda í kjötafurðastöðvum sé *„innantómt hjal"*. Nefnir hann þessu til stuðnings að aðeins þrjár starfandi kjötafurðastöðvar hefðu getað nýtt sér undanþáguheimildirnar samkvæmt frumvarpinu eins og það var lagt fram af matvælaráðherra.

Ummæli formannsins benda til þess að á þessum rökum hafi atvinnuveganefnd tekið ákvörðun um að hverfa frá því meginmarkmiði upphaflegs frumvarps að styrkja samningsstöðu bænda. Þessi í stað var ákveðið að láta undanþáguheimildirnar ná til afurðastöðva sem ekki voru í eigu bænda og þeim veitt sjálfdæmi um samruna og samráð sín á milli. Var þetta gert án tillits til eignarhalds og stjórnunar á afurðastöðvum, og án þess að aðrar varnir kæmu í staðinn. Í greininni lýsir formaðurinn því að t.d. hafi ekki verið kveðið á um opinbera verðlagningu af því að ákveðið hafi verið að *„treysta [því] að afurðarstöðvarnar myndu skila hagræðingunni til bænda."*

Vandinn hér á landi er að bændur hafa vegna ýmissa atvika misst yfirráð sín yfir kjötafurðastöðvum sem þeir byggðu upp. Löggjafinn hafði tækifæri til þess að leiðrétta þetta, með því að heimila undanþágur, en þó með því skilyrði að bændur færu með völdin í viðkomandi afurðastöðvum. Þannig þyrftu t.d. KS, SS eða Norðlenska-Kjarnafæði að gera tilteknar og nánar útfærðar breytingar á eignarhaldi, yfirráðum eða annarri stjórnun, ef stjórnendur þeirra ætluðu sér að nýta sér undanþáguheimildirnar. Slík útfærsla hefði fært bændum aukin völd til að ráða yfir hagsmunum sínum.

Með lagabreytingunni er hagsmunum bænda, og þar með neytenda, stefnt í hættu. Brýnt er að taka þetta að nýju til umfjöllunar á vettvangi Alþingis.

### 2. Gildandi undanþágur eru of víðtækar og opnar fyrir túlkun

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að undanþáguheimildir búvörulaga geti mögulega náð til og haft skaðleg áhrif á samkeppni í nátengdri starfsemi eins og í sölu aðfanga til bænda (t.d. áburði) eða innflutningi og útboðum

> Brot á skilyrðunum hafa því ekki neinar afleiðingar samkvæmt lögunum...

á tollkvótum. Framkvæmdastjóri SAFL leggur á það áherslu í grein sinni að undanþágan taki einvörðungu *„til slátrunar og/eða vinnslu kjötafurða og afleiddra afurða, ekki til annarrar vöru eða þjónustu"*. Formaður atvinnuveganefndar Alþingis er sama sinnis og telur mig halda *„falsfréttum á lofti"*.

Það er jákvætt að þetta sé skilningur þeirra sem tala fyrir og verja nýsettar undanþáguheimildir. Áhyggjur Samkeppniseftirlitsins lúta hins vegar að því að undanþáguheimildirnar eru opnar fyrir víðari túlkun, enda heimila þær *„annars konar samstarf til að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu kjötvara"*.

Samkeppniseftirlitið hefur í gegnum árin öðlast reynslu af því að sjá fyrir málsvarnir fyrirtækja sem eru til rannsóknar. Komi til rannsóknar, er liklegt að kjötafurðastöðvar muni láta reyna á víða túlkun þessara ákvæða. Það hjálpar ekki að nefndarálitið sem skýrir ákvæðin er misvísandi og óskýrt. Vegna þessa er mikilvægt að undanþáguheimildirnar verði teknar aftur til umfjöllunar á Alþingi og útfærðar betur, að höfðu samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila, þar á meðal bændur. Í því efni þarf m.a. að taka afstöðu til þess hvort og með hvaða hætti kjötafurðastöðvar eða fyrirtækjasamstæður þeirra geta nýtt sér undanþáguheimildirnar, en verið á sama tíma á meðal stærstu innflytjenda á kjöti.

### 3. Eftirlit með skilyrðum búvörulaga er án heimilda og afleiðinga

Formaður atvinnuveganefndar leggur í grein sinni áherslu á mikilvægi þeirra skilyrða sem sett eru fyrir undanþáguheimildunum. Í fyrri sjónarmiðum hef ég viðrað áhyggjur eftirlitsins að því að þau skilyrði muni duga skammt.

Samkvæmt nýsamþykktum breytingum á búvörulögum er Samkeppniseftirlitinu falið að hafa eftirlit með því að þessum skilyrðum sé fylgt. Atvinnuveganefnd láðist hins vegar að huga að lagaheimildum til grundvallar þessu eftirliti. Þannig er t.d. ekki kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að beita ákvæðum samkeppnislaga við öflun upplýsinga og ekki kveðið á um skyldur afurðastöðva til að afhenda upplýsingar. Þá er ekki kveðið um heimild til beita viðurlögum eða mæla fyrir um breytingar. Brot á skilyrðunum hafa því ekki neinar afleiðingar samkvæmt lögunum.

Af þessum sökum er eftirlit með skilyrðunum merkingarlítið. Brýnt er því að taka nýsamþykktar undanþáguheimildir aftur til umfjöllunar á Alþingi og útfæra þær betur, að höfðu samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila, þar á meðal bændur.

### 4. Engin rök eru fyrir því að afurðastöðvar séu undanþegnar eftirliti með samrunum

Í grein formanns atvinnuveganefndar birtist alvarlegur misskilningur um tilgang og tilhögun eftirlits með samrunum fyrirtækja. Umfjöllunin gefur tilefni til þess að ætla að ákvörðun löggjafans




Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

um að heimila kjötafurðastöðvum að renna saman án eftirlits byggist á misskilningi og ófullnægjandi upplýsingum.

Eftirlit Samkeppniseftirlitsins í samrunamálum beinist ekki síst að því að ganga úr skugga um að viðskiptavinir, í þessu tilviki m.a. bændur, verði ekki fyrir tjóni af skertri samkeppni og eftir atvikum njóti þeirrar hagræðingar sem að er stefnt. Í ljósi þessara ríku hagsmuna bænda þekkist hvergi að samrunaeftirliti sé kippt úr sambandi, líkt og hér hefur verið gert. Ekkert nágrannaríkja okkar telur það til hagsbóta fyrir bændur og neytendur að afurðastöðvar geti runnið saman án nokkurrar hindrunar og myndað einokun.

Mikilvægt er því að endurskoða undanþáguheimildina að þessu leyti.

**5. Ganga þarf úr skugga um að undanþáguheimildirnar samræmist alþjóðaskuldbindingum**

Í álitsgerð dr. Carl Baudenbacher, sem áður er getið, er því slegið föstu að Ísland hafi fullt frelsi til að setja eigin reglur um framleiðslu og vinnslu kjötafurða og annarra afurða sem sérstaklega eru undanskilin EES-samningnum, þ.m.t. varðandi undanþágur frá samkeppnisreglum.

Um þetta er enginn ágreiningur, svo ég viti til. Ísland er augljóslega ekki bundið af því hvernig ESB eða Noregur haga sínu regluverki í landbúnaði.

Það er hins vegar staðfest í álitsgerðinni að svigrúmið takmarkast við þá starfsemi og afurðir sem sérstaklega eru undanskildar EES-samningnum. Nefna má að tilteknar landbúnaðarafurðir falla innan gildissviðs EES-samningsins.

Staðreyndin er sú að við breytingar atvinnuveganefndar á frumvarpinu var ekki gengið úr skugga um þetta. Í bréfi matvælaráðuneytis til atvinnuveganefndar Alþingis, frá 8. apríl sl., er bent á að *„áhrifamat hins upprunalega frumvarps nær ekki til svo víðtækra breytinga líkt og ákveðið var að gera á lögunum í meðförum þingsins“.*

> Ég legg til að stjórnvöld tali meira **við** bændur sjálfa í staðinn fyrir að tala **yfir** þá ...

Það er því ekki búið að svara þeirri spurningu hvort undanþáguheimildirnar, eins og þær eru útfærðar, sé samþýðanlegar EES-samningnum. Nýlega hefur verið greint frá því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi snúið sér til matvælaráðuneytisins og óskað eftir skýringum á þessum breytingum á búvörulögum.

Gera verður kröfu til þess að Alþingi taki skýra afstöðu til þessa.

**6. Hlusta þarf eftir sjónarmiðum bænda sjálfra**

Allt of margir virðast nálgast umræðuna þannig að hafa þurfi vit fyrir bændum. Ég legg til að stjórnvöld tali meira **við** bændur sjálfa í staðinn fyrir að tala **yfir** þá. Þetta hefur Samkeppniseftirlitið reynt að gera, m.a. með því að láta framkvæma viðhorfskannanir þar sem bændur lýsa persónulegri afstöðu sinni til álitaefna. Þessar kannanir færa okkur heim sanninn um að bændur eru upp til hópa framsæknir og vilja nýta krafta samkeppninnar sér í hag.

Þar birtist oft afstaða sem er ólík þeirri sem talsmenn og aðrir þjónar hagsmunasamtaka vilja halda á lofti.

Gangi ykkur allt í haginn.

*Höfundur er forstjóri Samkeppniseftirlitsins.*


## Ytri-Varðgjá íbúðarsvæði, Eyjafjarðarsveit
### Auglýsing deiliskipulagstillögu

Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 30. maí sl. að vísa skipulagstillögu vegna nýs deiliskipulags fyrir **íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit,** í auglýsingu *skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Skipulagssvæðið nær yfir 18,5 ha. svæði í landi Ytri-Varðgjár sem í gildandi Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er að mestu skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB12 og að litlum hluta sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Nýja deiliskipulagið gerir ráð fyrir 35 lóðum fyrir íbúðarhús og verður aðkoma að svæðinu frá Veigastaðavegi.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 13. júní og 25. júlí 2024, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 623/2023.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 25. júlí 2024.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málinu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja.

**Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**





VEIÐIFÉLAGAR FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikillar eftirspurnar köllum við eftir nýjum veiðisvæðum til að bæta við flóru félagsins, þar með talið bæði stöðuvötn og rennandi vötn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskekktum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitar að fleiri samstarfsaðilum um allt land, óháð tegundum fisks eða tegund vatnasvæðis.

**Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.**



Rafmögnuð gæði




KLETTUR

REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is





REYNSLUMIKLIR GÁMAR TIL SÖLU

Eigum til sölu nokkra notaða 40 feta frystigáma, sem seljast sem einangraðir gámar. Tilvaldir fyrir þá sem vantar auka geymslupláss til lengri eða skemmri tíma.

Sími 568 0100 | stolpigamar.is

Stólpi Gámar

## Hannyrðir:

# September-rigning

**Nafnið á þessu fallega vesti rímar ekki við þá sól og gleði sem við ætlum að fá í sumar. Vesti eru gríðarlega vinsæl núna.**

Þetta vesti úr DROPS Alpaca og DROPS Kid-Silk, en hægt er að velja hvaða garn í garnflokki A í stað Drops Alpaca eða nota 1 þráð af garni í garnflokki C. Stykkið er prjónað neðan frá og upp með köðlum, klauf í hliðum og skáhallandi öxl.




**DROPS Design**: Mynstur z-1027
**Stærðir:** XS (S) M (L) XL (XXL)
**Yfirvídd:** 80 (88) 96 (106) 114 (132) cm
**Garn:** DROPS ALPACA fæst í Handverkskúnst (tilheyrir garnflokki A) 200 (200) 250 (350) 300 (300) g litur á mynd nr 9030, pistasíuís
**Og notið:** DROPS KID-SILK fæst í Handverkskúnst (tilheyrir garnflokki A) 75 (100) 100 (100) 125 (125) g litur á mynd nr 47, pistasíuís
**Prjónar:** Hringprjónn 80 cm, nr 3,5 og 4,5. Hringprjónn 40 cm nr 3,5.
**Prjónfesta:** 18 lykkjur á breidd og 24 umferðir á hæð með sléttu prjóni með 1 þræði í hvorri tegund = 10x10 cm.

**VESTI - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:** Stykkið er prjónað fram og til baka. Framstykkið og bakstykkið er prjónað hvort fyrir sig. Prjónað er neðan frá og upp og fram- og bakstykkið er saumað saman. Í lokin er prjónaður upp kantur í hálsmáli sem brotinn er tvöfalt.

**BAKSTYKKI:** Fitjið upp 102 (114) 126 (134) 146 (166) lykkjur á hringprjón nr 3,5 með 1 þræði af hvorri tegund. Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu. Prjónið stroff með byrjun frá réttu þannig:

Prjónið 2 lykkjur garðaprjón (allar umferðir prjónaðar slétt), prjónið stroff (= 2 lykkjur slétt / 2 lykkjur brugðið) þar til 4 lykkjur eru eftir af umferð, prjónið 2 lykkjur slétt og 2 lykkjur í garðaprjóni. Haldið svona áfram með stroff þar til stykkið mælist 7 (7) 7 (8) 8 (8) cm.

Skiptið yfir á hringprjón nr 4,5, prjónið 1 umferð brugðið frá röngu (kantlykkjur halda áfram í garðaprjóni) og fækkið um 9 (11) 13 (11) 13 (13) lykkjur jafnt yfir = 93 (103) 113 (123) 133 (153) lykkjur. Nú er prjónað mynstur frá réttu þannig: 1 lykkja í garðaprjóni, prjónið A.1 alls 9 (10) 11 (12) 13 (15) sinnum, endið með fyrstu lykkju í A.1 þannig að mynstrið verði alveg eins í hvorri hlið og 1 lykkju í garðaprjóni. Haldið svona áfram með mynstur þar til stykkið mælist 23 (24) 25 (26) 27 (28) cm, fitjið upp 5 nýjar lykkjur fyrir kant á ermi í lok 2 næstu umferða = 103 (113) 123 (133) 143 (163) lykkjur. Nýjar lykkjur eru prjónaðar í garðaprjóni að loka máli.

A.1




Slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu.

Brugðin lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu.

Lyftið 1 lykkju af prjóni, prjónið 2 lykkjur slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjur sem voru prjónaðar.

Engin lykkja þar sem búið er að fækka um þessar lykkjur áður, hoppið yfir í næstu rúðu í mynsturteikningu.

Á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni upp á prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður brugðið, það á að myndast gat.

Þegar stykkið mælist 44 (46) 48 (50) 52 (54) cm, setjið miðju 35 (37) 39 (41) 43 (45) lykkjur á þráð fyrir hálsmáli = 34 (38) 42 (46) 50 (59) lykkjur eftir á hvorri öxl. Hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig.

**Skáhallandi öxl:** Í næstu umferð frá hlið eru felldar af fyrstu 5 lykkjur (kantur á ermi). Nú eru prjónaðar stuttar umferðir yfir öxl þannig að axlirnar fái betra form og passi betur, með byrjun í næstu umferð frá hlið / handvegi þannig: Haldið áfram með A.1 og setjið ystu lykkjur við handveg á þráð fyrir skáhallandi öxl, en til að koma í veg fyrir að þurfa að klippa þráðinn frá sem prjónað er með, prjónið lykkjurnar áður en þær eru settar á þráðinn. Setjið 8 (9) 10 (11) 12 (14) lykkjur á þráð 3 sinnum og síðan síðustu 5 (6) 7 (8) 9 (12) lykkjur á þráð. Allar lykkjur hafa nú verið felldar af eða settar á þráð. Setjið til baka 29 (33) 37 (41) 45 (54) lykkjur af þræði á hringprjón nr 4,5. Prjónið 1 umferð slétt frá réttu, en til að koma í veg fyrir göt þar sem snúið er við mitt í handvegi, takið þráðinn upp á milli 2 lykkja og prjónið saman með fyrstu lykkju á vinstri prjóni. Fellið síðan laust af allar lykkjur. Stykkið mælist ca 48 (50) 52 (54) 56 (58) cm frá uppfitjunarkanti að efsta punkti á öxl. Prjónið hina öxlina á sama hátt.

**Framstykki:** Fitjið upp og prjónið á sama hátt og bakstykki þar til stykkið mælist 42 (44) 46 (46) 48 (50) cm = 103 (113) 123 (133) 143 (163) lykkjur. Nú eru miðju 27 (29) 31 (33) 35 (37) lykkjur settar á þráð og hvor öxl er prjónuð til loka fyrir sig eins og útskýrt er að neðan.

**Yfirlit yfir næsta kafla:** Fækkið lykkjum fyrir hálsmáli og setjið lykkjur á þráð fyrir skáhallandi öxl eins og útskýrt er að neðan. Lestu kaflann HÁLSMÁL og SKÁHALLANDI ÖXL áður en prjónað er áfram.

**Hálsmál:** Fækkið um 1 lykkju fyrir hálsmáli í hverri umferð frá réttu alls 4 sinnum. Þegar lykkjum er fækkað í A.1, prjónið sléttar lykkjur yfir sléttar lykkjur og brugðnar lykkjur yfir brugðnar lykkjur, lykkjur sem ekki ganga jafnt upp í heilan kaðal eru prjónaðar brugðið.

**Frágangur:** Saumið axlasauma. Saumið hliðarsauma niður að stroffi = klauf í hliðum.

**Tvöfaldur kantur í hálsmáli:** Byrjið frá réttu við aðra öxlina og prjónið upp ca 80 til 104 lykkjur í kringum hálsmál (ásamt lykkjum af þræði), á stuttan hringprjón nr 3,5. Lykkjufjöldinn á að vera deilanlegur með 2. Prjónið stroff (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) hringinn í 8 cm. Fellið af aðeins laust. Brjótið stroffið niður að innanverðu á stykki og saumið niður með nokkrum sporum.

*Prjónakveðja,*
*stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

-33% 59.995
89.995
VNR. 50190824
SAMANBRJÓTANLEGUR ÁLHJÓLAPALLUR 60CM
Pallurinn er með standhæð 196cm og vinnuhæð 396cm og breidd er 50cm
www.byko.is/leiga | leiga@byko.is | 515-4020

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far


Ingibjörg Þóranna Steinudóttir í fjárhúsunum.


Einar Hlöðver Erlingsson og dætur hans Auður Linda tíu ára og Freyja Sjöfn sjö ára.








Fjárhúsin sem stendur til að endurreisa svo þau geti hýst verksmiðjuna.


Lambsullin er mýksta og verðmætasta ullin.
Myndir / Urður Ull

# Smáspunaverksmiðja mun rísa í Dölunum

**Í Rauðbarðaholti í Dölum búa þau Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og Einar Hlöðver Erlingsson sem hafa sett stefnuna á að reisa smáspunaverksmiðju á næsta ári. Ef allt gengur að óskum verður hún gangsett í apríl.**

Einar Hlöðver er uppalinn í Rauðbarðaholti, en það eru móðir hans og maður hennar sem eru með sauðfjárbúskap á bænum.

Í bígerð er að gera upp gömul fjárhús á bænum sem eiga svo að hýsa verksmiðjuna sem verður rekin undir heitinu Urður Ull. „Okkur langar, að minnsta kosti fyrst um sinn, að vinna lambsullina eina og sér enda er það mýksta og verðmætasta ullin. Við viljum nýta mislita ull jafnt sem þá hvítu, gráu, svörtu og mórauðu og leyfa náttúrulegri litadýrð að njóta sín þannig að hver framleiðslulota verði einstök. Við viljum einnig stuðla að hærra afurðaverði til bænda og mun verða greitt jafnt fyrir alla liti. Það er búið að leggja inn pöntun fyrir ullarvinnsluvélunum en þær eru ekki væntanlegar til landsins fyrr en um áramót,“ segir Ingibjörg.

„Þetta verður lítil smáspuna-verksmiðja sem á ensku er kallað MiniMill og er sambærileg við verksmiðjurnar í Gilhaga og Uppspuna,“ heldur hún áfram.

### *Ullin rakin á bæina*

Varðandi verkferlana í verksmiðjunni, þá sér Ingibjörg fyrir sér að geta rakið ullina niður á þann bæ sem hún kemur frá en ekki niður á stakt reyfi. „Það verður þó aðeins að fá að koma í ljós þegar við fáum vélarnar og byrjum að vinna með þær. Við erum ekki farin af stað enn þá að kynna verkefnið fyrir bændum sérstaklega en ég geri ráð fyrir að gera það í haust. En okkur finnst mikilvægt að koma á beinu samtali á milli okkar og bænda. Við finnum nú þegar fyrir miklum áhuga í samfélaginu á þessu verkefni og vonumst til að fá góð viðbrögð frá bændum í Dalabyggð þegar við förum að kynna verkefnið nánar.“

### *Áætlaður kostnaður 60 milljónir*

Að sögn Ingibjargar hafa fengist tæpar þrjár milljónir króna í styrk í gegnum verkefnið DalaAuð og tvær milljónir úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

„Við erum að gera ráð fyrir að það kosti um 60 milljónir að koma verksmiðjunni upp, það er vélar og húsnæði, þannig að þetta er um átta prósent sem við erum búin að fá í styrki. Við erum í samtali við Byggðastofnun um lán til fjármögnunar á því sem stendur út af.“ /smh






# Tálknfirskir sundkálfar






**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Viktoríu Bjarnadóttur.**

Hún fæddist á Bíldudal 1888. Foreldrar hennar voru Bjarni Friðriksson skipstjóri og kona hans, Jónína Eiríksdóttir. Viktoría átti einn bróður, Aðalbjörn, sem drukknaði árið 1917.

Viktoría dvaldi einn vetur í Reykjavík þar sem hún vann á saumastofu og kynntist Reykjavíkurlífinu af eigin raun áður en hún gifti sig fyrir vestan, Sigurgarði Sturlusyni Hólm. Þau eignuðust tólf börn. Eftir að Viktoría var orðin ekkja, árið 1932, flutti hún aftur til Reykjavíkur, 44 ára gömul, með aldraðan föður sinn. Þar stofnaði hún prjónastofuna Iðunni sem hún rak í meira en áratug en seldi síðan og fór að sinna öðru.

Viktoría var mjög virk í félagsmálum, ekki síst bindindismálum, og um árabil var hún formaður áfengisvarnarnefndar kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði. Vökustundir að vestan, endurminningar Viktoríu, er eina bókin sem hún sendi frá sér. Lýsingar á aldarfari, mönnum, málefnum og umhverfi eru ljóslifandi og merk heimild. Hún mun hafa ætlað sér að skrifa framhald bókarinnar og segja þar frá lífi sínu í Reykjavík en af því varð því miður ekki.

Viktoría lést í Reykjavík 7. október 1963. /sá

*Heimildir: Íslenskar konur, ævisögur 2002. Skald.is.*

### *Kálfar á floti*

Viktoría Bjarnadóttir flutti með foreldrum sínum frá Vindheimum að Eysteinseyri í Tálknafirði vorið 1903. Var það mun stærri og búsældarlegri jörð en Vindheimarnir, 18 hundruð að fornu mati og greiddi faðir hennar hana út í gullpeningum. Fyrir þeim hafði hann unnið sem skipstjóri hjá Thorsteinsson á Bíldudal. Eysteinseyri, þá næst innsti bærinn í sveitinni, var fyrst búin af Eysteini, leysingja landnámsmannsins Þorbjörns tálkna er nam Tálknafjörð.

Vorið sem þau fluttu að Eysteinseyri var Viktoría ásamt Aðalbirni bróður sínum að snudda í kringum búslóðina sem var tilbúin til flutnings og beðið báts til að flytja hana frá Vindheimum. Viktoríu segist svo frá:

*„... Mér er minnisstæður dagurinn sem við Aðalbjörn fórum frá Vindheimum, en það var hálfan mánuð af sumri.*

*Þennan morgun hafði kálfunum verið hleypt út í fyrsta sinn, en þeir voru tveir og þurftu auðvitað að bregða rækilega á leik, er þeir komust út í heiminn í fyrsta skipti. Um hádegisbilið urðum við þess vör, að kálfarnir voru horfnir af túninu , og fór Aðalbjörn og hinn drengurinn, sem Kristinn hét, að svipast um eftir þeim. Leið svo löng stund, og ekkert bólaði á kálfunum eða strákunum. Fór ég þá að athuga, hvað af þeim hefði orðið, og sá þá strákana úti við læk, niður undir sjó, en kálfana sá ég hvergi. Gekk ég til strákanna og spurði þá um kálfana. Varð Kristinn fyrir svörum og sagði:*

*„Þeir eru að synda þarna út frá hjá fuglunum. Þeir hafa bara gott af því; þetta gera gæsirnar á Patreksfirði.“*

*Sá ég þá hvar kálfarnir voru á sundi úti á firði – höfðu þeir hlaupið í sjóinn undan strákunum. Aðalbjörn komst fram á snös á móts við þá og kastaði fyrir þá grjóti, og að endingu komu þeir svamlandi að landi, og voru þeir orðnir heldur en ekki dasaðir. Var annar orðinn svo máttfarinn, að við urðum að sækja handbörur til þess að bera hann heim. ...“*

*Vökustundir að vestan, Ísafoldarprentsmiðja, 1958, bls. 56-7.*

## Handverk:

# Femínískur krosssaumur




**Bryndís Sigurðardóttir**
bryndis@yfirlit.is



**Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur vakið athygli með litlum útsaumsverkum þar sem ýmsum áleitnum og ögrandi skilaboðum kvennabaráttunnar er haldið á lofti. Verkefnið sitt kallar hún Píkusaum.**

„Mig langaði að leggja eitthvað af mörkum, eitthvað annað en bara læka á Facebook. Þetta er mín leið til að tjá mig, koma mínum skoðunum á framfæri. Vera með femínísk skilaboð og aktífisma án þess að hrópa á torgum. Mér fannst líka svo viðeigandi að nota þetta kvenlega handverk í baráttuna, mig langaði ekki að sauma bara eitthvað heldur eitthvað með skilaboð, taka þátt,“ segir hún.




### *Handíðir í heimsfaraldri*

Bjargey Anna er sveitastúlka þó hún hafi á sínum fullorðinsárum lifað og starfað utan sveitarinnar, hún er fædd á Mel á Mýrum árið 1976 en skottaðist svo þremur árum síðar með foreldrum og þremur eldri systkinum yfir á næsta bæ, Staðarhraun, þar sem í hópinn bættust fjögur börn. Bjargey er líffræðingur með mastersgráðu í stjórnun og stefnumótun.




Bjargey Anna Guðbrandsdóttir fór að sauma út af krafti í Covid-faraldrinum. Verk hennar með hinum ýmsu baráttulagorðum hafa vakið lukku. Myndir / Aðsendar




„Þetta byrjaði nú bara alveg óvart,“ segir Bjargey en þannig háttaði til í Covid að litlar systurdætur hennar voru að sauma út í púða og í kjölfarið fann hún í pússi sínu gamalt óklárað saumaverkefni og lauk við það.

Þetta kveikti áhuga hennar og á vafri um veraldarvefinn uppgötvaði hún að margar konur úti um allan heim eru að vinna með slagorð kvennabaráttunnar í útsaumi af öllu tagi. Hugmyndin er því ekki hennar að öllu leyti en engu að síður bætir hún við eigin hönnun og íslenskum slagorðum, notar gamlar íslenskar uppskriftir og saum, til dæmis riddarasaum.

„Sísí Ingólfsdóttir með sína frábæru afsakið seríu var svo auðvitað líka innblástur fyrir mig,“ segir Bjargey.

### *Saumar ekki hvað sem er*

Þó uppistaðan í Píkusaumi séu kvenleg baráttuslagorð þá berast Bjargeyju óskir um ýmiss konar sérsaum. „Ég sauma ekki hvað sem er, það verður að samræmast gildum mínum en ég hef svo sem ekki verið beðin um að sauma neitt hræðilegt.“ Hún nefnir sem dæmi verk sem hún saumaði fyrir Bistro í Borgarnesi, „Bjórinn blessi heimilið“. Eins hefur hún verið beðin um að sauma „Vísindin blessi heimilið“. Af hefðbundum verkum Píkusaums er „Ég þori, get og vil“ vinsælast. „Fokk feðraveldi“ gengur líka vel út,“ segir saumakonan sposk.

Bjargey hefur líka gert tilraunir með að sauma út eftir myndum og hefur með frábærum árangri saumað út fallega andlitsmynd af Vigdísi Finnbogadóttur. „Ég er feimin við að kalla mig listakonu en það felst í þessari vinnu mikil sköpun og tjáning,“ segir hún og er ánægð með góð viðbrögð sem hún hefur fengið með uppátækinu. Hún fær sendar hugmyndir en það eru auðvitað einhverjir sem eru feimnir við orðið „Píkusaumur“ og þó ótrúlegt sé birtist það mest í börnunum, systkinabörnum Bjargeyjar, sem sótroðna við að þurfa að nota orðið píka og hefur Bjargey lúmskt gaman af því.

Píkusaum má finna á Facebook og Instragram og næstu verkefni þessarar laghentu jafnréttiskonu er að setja saman pakka með efnum og uppskriftum svo aðrir geti hagnýtt getu sína í saumaskap eftir hugmyndum Bjargeyjar.













**Jeep Compass S 4X4 Phev**, '22, sjálfskiptur, ekinn 61 þús. km. **Verð:** 4.990.000 kr.



**SsangYong Rexton**, '16, sjálfskiptur, ekinn 193 þús. km. **Verð:** 2.690.000 kr.



**Hyundai Tucson Classic Phev**, '22, sjálfskiptur, ekinn 64 þús.km. **Verð:** 5.490.000 kr.



**SsangYong Korando**,'21, sjálfskiptur ekinn 120 þús. km. **Verð:** 2.290.000 kr.



**SsangYong Rexton Adventure**, 4x4, '23, sjálfsk., ekinn 45 þús. km. **Verð:** 8.990.000 kr.



**Jeep Wrangler Rubicon Unl. 4X4**, hybrid, '22, sjálfsk., ekinn 33 þús.km. **Verð:** 12.290.000 kr.

**Meira úrval á notadir.benni.is**

Opnunartímar:
Virka daga 9 til 17 og laugardaga 12 til 16
Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna
Notaðir bílar



Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, Sigga á Grund, með einn af hestunum sínum en hún hefur skorið út allar íslensku gangtegundirnar. Geri aðrir betur. Mynd / mhh

# Fyrsti heiðursborgari Flóahrepps

**Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, eða Sigga á Grund eins og hún er alltaf kölluð, var gerð að fyrsta heiðursborgara Flóahrepps á dögunum.**

Sigga varð áttræð þann 30. maí síðastliðinn og hélt þá fjölmenna veislu á veitingastaðnum Vatnsholti í Flóa þar sem hún tók við heiðursnafnbótinni.

Sigga er útskurðarmeistari á heimsmælikvarða og liggja listaverk hennar víðs vegar innan lands sem utan.

„Það er alveg ljóst að Sigga á Grund hefur með verkum sínum stuðlað að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins og er ævistarf hennar í listinni stórkostlegt afrek í þágu lands og þjóðar,“ segir Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Meðal þekktra verka Siggu er útskurður á gangtegundum íslenska hestsins og fundarhamar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. */mhh*



Sigga á Grund með heiðursviðurkenningarskjal á milli þeirra Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra Flóahrepps, og Árna Eiríkssonar oddvita. Mynd / Aðsend
















Vélabásinn:

# Fyrir fágaða iðnaðarmenn

## – Prufuakstur á Mercedes Benz Citan sendiferðabíl



**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



Citan býður vinnandi fólki upp á smá skammt af Benz í líf þeirra á verði sem er ekki hærra en hjá öðrum framleiðendum sendibíla. Að framan sjást greinileg ættartengsl við aðra bíla frá sama framleiðanda. Myndir / ál

**Bændablaðið fékk til prufu minnsta sendibílinn frá Mercedes Benz í Business Pro útfærslu. Þetta er praktískur bíll sem er í sama stærðarflokki og Volkswagen Caddy og Citroën Berlingo.**

Þegar horft er á Citan frá réttu sjónarhorni að framan væri hægt að rugla honum saman við aðra fólksbíla frá Mercedes Benz. Frá öllum öðrum hliðum væri skiljanlegt ef menn tækju feil á þessum og Renault Kangoo. Það er ekki leiðum að líkjast, enda framleiðir Benz þennan bíl í nánu samstarfi við Renault.

### *Eins og lítill Sprinter*

Samkvæmt upplýsingum frá umboðinu liggur munurinn á þessum tveimur bílum helst í innréttingunni, en þar má sjá ættareinkenni frá þeim þýsku, eins og hringlaga op á miðstöð sem minna á þotuhreyfla. Sé horft á neðri hluta innréttingarinnar er erfitt að sjá mun á þessum og Renault Kangoo. Þrátt fyrir það er auðvelt að ímynda sér að setið sé í smækkaðri útgáfu af nýjustu Sprinter sendibílunum.

Stýrið er afar vandað og klætt með efni sem minnir á mjúkt leður. Þar eru takkar fyrir helstu skipanir og er hægt að fletta í gegnum margmiðlunarskjáinn með lítilli snertimús við þumalinn. Ökumannssætið er vel mótað og hæðarstillanlegt. Enn fremur er ágætur aðdráttur í stýri, þannig að fólk af flestum stærðum ætti að geta komið sér vel fyrir. Engar stillingar eru á farþegasætinu, en það er mjúkt og prýðilega þægilegt.

Margmiðlunarskjárinn er afar sambærilegur þeim sem eru í öðrum vinnubílum frá Mercedes Benz. Hann er snöggur og einfaldur, sama hvort hann er notaður sem snertiskjár eða stuðst sé við snertimúsina í stýrinu. Það er hægt að tengja símann með Android Auto og Apple CarPlay, að því gefnu að maður muni eftir að taka með sér snúru.

### *Ekkert mál að bakka*

Í litlum sendibílum er ósjaldan fullt af sniðugum lausnum til að auðvelda vinnandi fólki lífið, eins og tölvuborð eða hleri aftur í farangursrýmið. Þessi er lítið af slíku fyrir utan að auðvelt er að fella niður farþegasætið og fá alveg flatt geymslupláss sem virðist geta borið nokkurn þunga.



Sé horft aftan á bílinn væri auðvelt að rugla honum við Renault Kangoo, en Citan er framleiddur í nánu samstarfi við franska fyrirtækið.



Innréttingin er greinilega Benz ef horft er á efri hluta hennar. Neðri helmingurinn er nánast óþekkjanlegur frá Kangoo.

Þá er nóg af geymsluplássi í farþegarýminu, en fyrir ofan sólskyggnin er hilla þar sem er hægt að týna haug af kvittunum og öðru smáu. Fyrir ofan hraðamælinn er lokað hólf sem rúmar tvær samlokur, ásamt því sem hurðirnar geyma rúmgóða vasa. Hanskahólfið er af meðalstærð.

Hægt er að opna afturhurðirnar í allt að 180 gráður og skilja minni hlerann eftir opinn í 90 gráðum í akstri þegar flytja þarf löng borð eða pípur. Hann kemur með rennihurðum á báðum hliðum og er rétt að nefna að í lengri útgáfunni eru þær nógu stórar til að hægt sé að setja inn EURO-bretti. Annars er fátt um farangursrýmið að segja. Þetta er stórt kassalaga hólf skilið frá farþegarýminu með öflugu þili.

Þrátt fyrir að afturrúðurnar séu engar kom þessi bíll útbúinn með baksýnisspegli sem mun helst gagnast í að fylgjast með hvort hárgreiðslan sé í lagi. Sem betur fer er Citan með góða bakkskynjara og myndavél sem sýnir víða mynd aftur og til hliða. Því er auðvelt að bakka úr stæði og átta sig á umferð sem kemur frá hlið.

Business Pro útfærslan kemur með afar skilvirkri blindpunktsviðvörun sem lætur vita ef ökumaðurinn er við það að keyra í hliðina á öðrum bíl þegar skipt er um akrein. Akstursaðstoðin í þessum bíl er að öðru leyti nokkuð takmörkuð, en hann er útbúinn hraðastilli sem aðlagar sig ekki að aksturshraða bílsins fyrir framan.

### *Vinalegt dísil-mal*

Lyklalausa aðgengið er afbragð. Notandinn þarf aldrei að taka lykilinn úr vasanum og er bíllinn alltaf fljótur að fara úr lás þegar gengið er að honum og snöggur að læsa sér þegar farið er í burtu. Þetta er eiginleiki sem sendlar og aðrir sem þurfa oft að stökkva úr bílnum ættu að verða þakklátir fyrir.

Bifreiðin er ræst með hnappi og heyrist vinalegt dísil-mal í vélinni. Bíllinn í þessum prufuakstri var með sjálfskiptingu sem er afar þíð og veit ökumaðurinn ekkert af henni. Strax á fyrstu metrunum finnst að akstursupplifunin er býsna fáguð og mikil framför frá eldri gerðinni af Citan. Bíllinn er nokkuð hljóðlátur, fyrir utan smá glym sem berst úr farangursrýminu. Fjöðrunin er mjúk og er hægt að keyra nokkuð áhyggjulaus yfir hraðahindranir. Veghæðin er jafnframt talsvert meiri en á hefðbundnum fólksbílum, sem kemur sér vel þegar skrölt er yfir grófar akstursleiðir á framkvæmdasvæðum.



Farangursrýmið er stór og einfaldur kassi.

### *Að lokum*

Citan kemur með margreyndri 1,5 litra dísilvél sem hefur verið notuð í fjölmarga bíla frá Renault–Nissan–Mitsubishi samsteypunni og nokkra minni bíla frá Mercedes Benz. Þar má nefna Nissan Qashqai, Dacia Duster og Mercedes Benz A-Class.

Einn af hennar helstu kostum er mikið tog á lágum snúningum, sem finnst sérstaklega vel á beinskiptum bílum.

Hérna skilar vélin 95 hestöflum og 260 newton metra togi. Beinskipti bíllinn eyðir 5,3 lítrum á hundraði á meðan sá sjálfskipti eyðir 5,6. Styttri bíllinn er 4.498 millimetrar að lengd, á meðan sá lengri er 4.922. Báðir eru 1.802 mm á breidd án spegla og 1.832 á hæð án loftnets. Beinskiptur Citan í Basic útfærslu kostar frá 3.943.548 krónur án vsk. Sá sem tekinn var fyrir hér var styttri gerðin af sjálfskiptum Citan í Business Pro útfæslunni og kostar frá 4.911.290 krónum án vsk. Hægt er að fá allar gerðir í lengri útfærslu sem kostar 300.000 krónur aukalega.

Citan er sendibíll fyrir iðnaðarmenn sem vilja smá Benz í lífið. Hann kemur á samkeppnishæfu verði og stenst vel samanburð. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Öskju, söluaðila Mercedes Benz á Íslandi.






Bæjarstæði Flateyjarbúsins á Mýrum á fallegu kvöldi. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

# Reksturinn í góðum höndum

**Bústjóri og fjósameistari Flateyjar á Mýrum taka nú við keflinu en lesendur geta fylgst með fjölskyldunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu tveimur vikum.**

Þau Birgir Freyr Ragnarsson og Vilborg Rún Guðmundsdóttir tóku við rekstri Flateyjarbúsins haustið 2016, en búið er eitt stærsta kúabú landsins. Birgir kemur frá Akurnesi í Nesjum, skammt frá flugvellinum í Hornafirði þar sem rekið er stærðarinnar sauðfjárbú auk kartöfluræktar. Vilborg kemur frá bæ í Vatnsleysu í Biskupstungum þar sem stundaður er blandaður búskapur með kýr, sauðfé og hross.

**Býli, staðsetning?** Flatey á Mýrum í Hornafirði.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýra)?** Vilborg Rún Guðmundsdóttir, Birgir Freyr Ragnarsson og Hjörtur Logi Birgisson. Kettirnir þrír, þau Junior, Skoppa og Skrítla.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Mjólkurframleiðsla, kjötframleiðsla og akuryrkja. Fjósið er lausagöngufjós með fóðurgangi fyrir miðju. Kúnum í fjósinu er skipt í fjóra hópa: geldstöðu, velferð, lágnytja og hánytja. Fóðurkerfið er frá Triolet. Það gefur 24 sinnum á sólarhring. Það eru fjórir mjaltaþjónar frá Lely af gerðinni A4. Í Flatey eru 230 árskýr, 180 uxar og 230 kvígur á öllum aldri.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Okkur bauðst þetta tækifæri að taka við bústjórn í Flatey haustið 2016 og langaði að takast á við þá áskorun.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hann byrjar alla morgna í fjósinu á milli kl. 7 og 8 og fram til kl. 10. Þá er verið að sinna mjöltum og umhirðu gripa. Að því loknu er hinum ýmsum bústörfum sinnt, s.s. fóðrun, þrifum og viðhaldi. Dagurinn endar svo þar sem hann byrjaði í mjöltum og umhirðu gripa.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er þegar gengur vel, sama hvort það er í fjósinu eða úti á akri. Leiðinlegast er þegar gripir veikjast og þegar er ótíð.



Vilborg Rún Guðmundsdóttir og Birgir Freyr Ragnarsson ásamt syni sínum, Hirti Loga.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Fjölbreyttir vinnudagar og þegar vel gengur og maður sér árangur eftir margra mánaða vinnu.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Að framleiða mikið af afurðum: mjólk, kjöt og korn og af sem bestum gæðum og magni.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Með auknum afurðum.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Þetta verður blómlegt og tækifærin liggja víða.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar við náum þeim markmiðum sem við sjálf höfum sett okkur.

**Bændurnir í Flatey á Mýrum taka yfir Instagram Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.**





Hjörtur Logi Birgisson tekur sig mjög vel út sem upprennandi bústjóri og fjósameistari.












Matarkrókurinn:

# Grillluð lambaspjót

## – með snakkpapriku, hrásalati og jalapeno-lime majó



**Hafliði Halldórsson**
hafldi@icelandiclamb.is

**Smellum í einfaldan lambarétt sem hentar vel á grillið hvort sem er heima eða í útilegunni.**

Persónulega sneiði ég hjá svokölluðu grillkjöti sem sennilega er af grill-dýrum? En vel frekar að krydda og marinera mínar grillsteikur sjálfur og get þá stýrt bragði og ekki síður saltmagninu í matnum. Yfir hásumarið nýti ég af bestu getu villtar jurtir og það sem fæst úr garðinum sem ég hvet ykkur til að gera líka. Í þessari uppskrift er t.d. villtur skógarkerfill sem finnst í miklu magni víða um land og er afar ágeng planta. Skógarkerfil má nota eins og steinselju og er um að gera að nýta á meðan hann er í sínu besta formi.

*Nokkur grillráð*

Grillið heillar marga, og tengir suma við hellisbúann í sér sem elskar að steikja við opinn eld og víla ekki fyrir sér að grilla hvaða hráefni sem er. Mestu skiptir að grillið sé vel heitt áður en það er notað. Ef hitinn er ekki nægur er hætt við að hráefnið hreinlega nái ekki þeirri áferð og bragði sem sóst er eftir. Í flestum tilvikum festist kjöt ekki við grindina ef hún er nógu heit. Ástæðulaust er að hræðast háan hita, sérstaklega þegar byrjað er að grilla, því hann hjálpar til við að fá rétta áferð á kjötið og það festist síður.

Ef til stendur að grilla við 180 °C er gott að ná hitanum fyrst í 250 °C, því við það að opna grillið tapast hiti auk þess sem hráefnið er alltaf mun kaldara en grillflöturinn. Efnismeiri grillflötur heldur mun betur hita.



Þegar grillað er yfir kolum skal varast að nota kveikilög því af honum kemur bragð í kjötið, notið frekar kveikikubba sem eru búnir til úr þjöppuðum pappa eða viði. Mikilvægt er að nota kjarnhitamæli til að ná sem bestri niðurstöðu, stingið í þykkasta part kjötsins án þess að snerti bein.

Grillið á alltaf að vera hreint, lag af ösku og gamalli fitu gefur grillmatnum vont bragð og því skipta hreint grill og grind öllu máli upp á bragðgæði og minnka líkur á íkveikju. Auðveldast er að þrífa grillið strax eftir eldun, á meðan það er enn heitt.

Einfalt ráð áður en kjöt er eldað er að ná því fyrst upp í stofuhita. Þá styttist eldunartíminn og verður jafnari. Til að kjötið brúnist sem best er gott að salta það með flögusalti 5–10 mín. fyrir eldun.

Þetta er gert til þess að þurrka yfirborð kjötbitans og með því móti brúnast það betur og hraðar (fyrir grillnördana þá er hér um að ræða svokallað Maillard reaction).

Mjög mikilvægt er að hvíla kjöt eftir að það kemur af grillinu til að lágmarka vökvatap. Mikil spenna myndast í bita sem er grillaður á háum hita vegna hitamuns á yfirborði og í kjarna.

Eina leiðin til að minnka þessa spennu er að leyfa því að hvíla. Lambalæri skal t.d. hvíla í minnst 10–15 mín. áður en það er skorið.

Hvíldartíminn er breytilegur eftir stærð kjötbitans og hitastigi sem var eldað við. Léttari biti þýðir styttri hvíld eftir eldun. Eftir því sem eldunarhiti í grilli eða ofni er lægri lækkar hvíldartíminn sömuleiðis.

Forðist að krydda kjöt með pipar áður en það er grillað því pipar brennur við háan hita. Best er að krydda með pipar eftir að grillun hefur átt sér stað.

***Hrásalat***

***Hvítkál***
***Rauðkál***
***Eplaedik***
***Skógarkerfill***
***Matarolía***
***Salt***

Saxið kálið eins fínt og þið getið og setjið í skál, bætið ediki og salti í eftir smekk og smá slettu af olíu, látið standa í skálinni á meðan þið grillið kjötið. Saxið jurtirnar í lokin og bætið í.

***Jalapeno- lime majo***

***4 dl gott majones***
***2–3 msk. súrsaður jalapeno pipar***
***1 lime***
***Salt***

Saxið eða maukið jalapeno-piparinn og blandið við majones ásamt safanum úr lime, saltið og smakkið til.

***Lambaspjót***

***800 g beinlaust lambakjöt***
***4 hvítlauksrif***
***½ dl matarolía***
***2–3 kvistar garðablóðberg***
***8 stk. snakkpaprika***

Skerið kjötið í nokkra bita sem eiga helst að vera jafn þykkir og paprikurnar, merjið hvítlaukinn og setjið í skál með olíu og garðablóðbergi.

Bætið kjötinu í, veltið upp úr olíunni og látið standa í stofuhita í 30 mínútur (má líka geyma í kæli yfir nótt). Þræðið kjöt og paprikur á grillspjót, saltið og grillið eftir smekk. Látið hvíla í um 5 mínútur áður en þið berið fram.

# KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Valdísarkonur tóku karla í bakaríið

**Fjöldi briddsspilara tók þátt í keppni á landsmóti UMFÍ fyrir 50 ára og eldri um síðustu helgi í Vogum á Vatnsleysuströnd.**

Átján sveitir börðust um gullið þótt á landsmóti sé iðkaður sá forni ungmennafélagsvandi sem lýsti mönnum ljósið í sveitum landsins forðum, að mestu varði að vera með. Sveit UMF Grindavíkur bar sigur úr býtum.


Björn Þorláksson.

Eitt af fallegri spilum sem umsjónarmaður briddsþáttarins rakst á í mótinu átti Ásta Sigurðardóttir, sem spilaði í kvennasveitinni Valdísi. Hún var sagnhafi í 4 spöðum í austur í eftirfarandi spili:

Norður
♠ J543
♥ Q65
♦ Q32
♣ Q96

Vestur
♠ AQ
♥ AK1042
♦ K9876
♣ 7

Austur
♠ K9876
♥ 87
♦ A104
♣ 854

Suður
♠ 102
♥ J93
♦ J5
♣ AKJ1032

Gegn fjórum spöðum spilaði suður út laufaás. Skipti svo yfir í tígulgosa til að koma í veg fyrir að tígultaparar færu í hjartað sem suðri sýndist líklegast að brotnaði 3-3. Af sögnum að dæma gat vel hugsast að sagnhafi væri með sex spaða.


Tryggvi Ingason, sálfræðingur og briddsmeistari að vestan, mátti sín lítils í norður meðan valkyrjurnar í Valdísi náðu framhjáhlaupum og skærabrögðum við briddsborðið líkt og enginn væri morgundagurinn. Ásta Sigurðardóttir og Valgerður Eiríksdóttir voru ánægðar að loknu dagsverkinu á landsmóti UMFÍ.

Ásta hugsaði sig um eftir tígulsvissið. Kannski ályktaði hún að gosinn gæti verið blekkispil, enda líklegra að suður væri með útistandandi punkta eftir að hafa komið inn á sagnir með laufsögn. Ásta drap heima, spilaði laufi og trompaði með drottningu. Tók tvo efstu í hjarta og trompaði smátt heima í hagstæðri 3-3 hjartalegu. Nú spilaði hún spaða á ás og spilaði svo fjórða hjartanu, norður má ekki trompa og kastaði tígli. Ásta kastaði þá síðasta laufinu heima, suður drap með blankri tíu og spilaði meira laufi. Ásta drap, lagði niður spaðakóng og spilaði nú tígli á kónginn.

Í tveggja spila endastöðu átti Ásta heima níuna blanka í spaða og tígulhund. Í blindum var fríhjarta og tígull. Hún spilaði nú síðasta hjartanu úr blindum og norður sá sína sæng uppreidda með gosa og trompfimmu. Tíundi slagurinn kom með framhjáhlaupi. 420 og 10 impar inn. NS-karlarnir teknir í bakaríið!

Gaman er að geta þess að sveit Valdísar var ekki eina hreina kvennasveitin í mótinu, enda stendur innreið kvenna í briddsinn yfir svo um munar. Mun fleiri konur eru í hópi nýliða hjá Bridgesambandi Íslands þessa dagana en karlar. Verður spennandi að sjá áhrif innrásarinnar til lengri tíma, því sannarlega er bridds íþrótt fyrir öll kyn og alla aldurshópa.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Bridgesambands Íslands, hefur rýnt í áhorf á síðustu leiki Íslandsmótsins í sveitakeppni sem fóru fram í lok apríl. Leikirnir voru sýndir á briddsforritinu Bridge Base Online eins og flestar helstu viðureignir í briddsheiminum þessa dagana.

„Það er mjög áhugavert að skoða áhorfstölur á BBO frá Íslandsmótinu í sveitakeppni. Það horfa yfir 6.500 manns á einstök spil þegar topparnir eru teknir í hverjum leik. Í heildina erum við sennilega að tala um vel yfir 10.000 áhorfendur," segir Matthías.

Allt bendir til vaxandi áhuga landsmanna á bridds. Um 20.000 Íslendingar eru samkvæmt athugunum virkir í spilamennsku en nýliðun hefur slegið öll met síðustu misseri.

Næsta stórverkefni í íslensku briddslífi er Evrópumótið. Ísland sendir lið í opnum flokki og kvennaflokki. Eftir öfluga frammistöðu í æfingaleik gegn hollensku Evrópumeisturunum á dögunum ríkir bjartsýni og spenna í herbúðum briddsara hvað varðar opna flokkinn og kannski koma íslensku valkyrjurnar sterkar inn einnig. Áfram Ísland!

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Drottningarfórn fyrir mát

**Það er fátt skemmtilegra í skák en að fórna drottningu fyrir mát. Það er þó sjaldgæft að sú staða komi upp og þó nokkur dæmi eru um að skákmenn, sem hafa fengið upp þannig stöðu, missa af því og sjá það ekki fyrr en eftir á, þegar skákinni er lokið.**


Hermann Aðalsteinsson.

Aðalsteinn Leifs Maríuson, sem á ættir sínar að rekja í Hlíðskóga í Bárðardal, tefldi stutta en snarpa skák fyrir skákfélagið Goðann á Íslandsmóti skákfélaga í mars árið 2023. Skákin endaði með því að Aðalsteinn mátaði andstæðing sinn í aðeins 15 leikjum, eftir að hafa boðið drottninguna sína á silfurfati í 12. leik. Andstæðingur Aðalsteins þáði hana ekki, enda mjög svo grunsamlegt þegar þú færð svona boð upp í hendurnar. Hann valdi hins vegar ekki besta leikinn í kjölfarið og flæktist í þvinguðu mátneti þar sem hann þáði reyndar drottninguna á endanum, en þá var skákin töpuð.

Þetta var fyrsta kappskák Aðalsteins, en hann hafði fram að því einungis teflt atskákir eða hraðskákir.



Aðalsteinn Leifs Maríuson. (t.h.)

Skák þessi vakti þó nokkra athygli meðal liðsfélaga hans því það er sjaldgæft að bjóða upp á drottningarfórn fyrir mát og hvað þá í sinni fyrstu kappskák. Aðalsteinn tefldi aðra ekki ósvipaða skák í október 2023 en reikna má með umfjöllun um hana síðar.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



Aðalsteinn Leifs Maríuson (Goðinn) var með svart. Svartur á leik. 12….Dh3! (Hvítur má ekki drepa drottningu svarts þar sem Bh4 er mát) 13. fxe3 - Bh4+ 14. g3 - Dxg3+ 15. hxg3 - Bxg3 mát! Eftir 13. leik hvíts verður tap alltaf niðurstaðan.



Erfinginn:

## Blómastúlka

**Hún Edda Margrét er hress og lífleg stelpa sem hefur gaman af fimleikum og að fara í tækin í Legolandi!**

**Nafn:** Edda Margrét.

**Aldur:** 6 ára.

**Stjörnumerki:** Bogmaður.

**Búseta:** Hafnarfjörður.

**Skóli:** Er í Víðistaðaskóla.

**Skemmtilegast í skólanum:** Textíll og frímínútur.

**Áhugamál:** Dýr og blóm.

**Tómstundaiðkun:** Fimleikar og selló.



**Uppáhaldsdýr:** Panda og lemúr.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa með pepperoni.

**Uppáhaldslag:**Wrecking Ball.

**Uppáhaldslitur:** Svartur og bleikur.

**Uppáhaldsblóm:** Fjóla.

**Uppáhaldsmynd:** Super Mario Bros.

**Fyrsta minningin:** Fyrsta ferðin í Húsdýragarðinn 2 ára.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?:** Fara í tækin í Legolandi.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?:** Vörður í húsdýragarði.

**Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 2 | 1 | | 4 |
| 2 | | 4 | 9 | 7 | 8 | | 6 | |
| 6 | 7 | | | 4 | | | 8 | |
| 4 | | | | | | 6 | 2 | 5 |
| 7 | 3 | 2 | 6 | | | | | 1 |
| | 5 | | 2 | 9 | 4 | | | |
| | | 8 | 4 | 1 | 6 | 9 | | |
| | | | 7 | | | | 4 | 2 |
| 5 | 4 | 7 | | | | | | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | 4 | 3 | | | 5 | 7 | | |
| | | 5 | 7 | | | | | 4 |
| | 7 | | 5 | | 2 | | | |
| | | 8 | | 9 | | | 1 | 7 |
| 2 | | 9 | 3 | | | 5 | | |
| 5 | | | 1 | | | 4 | 2 | |
| | | | | | 9 | | | |
| | | 6 | | | 3 | | 9 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | | 9 | | | |
| | | | | | 1 | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 2 | 7 | 9 | |
| | | 3 | | | | | 4 | 8 |
| | | | | 4 | | 1 | | 7 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | 6 | | 2 | | |
| 5 | | | 8 | 2 | | 4 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 7 | | 6 | 5 | | |
| | | | | | 4 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | | | | | 1 | | 6 |
| | 5 | 8 | | | | | | |
| | | | | | 2 | 7 | 3 | |
| 9 | | | 3 | 6 | | | | 4 |
| 8 | | | 5 | | | | 7 | 3 |
| | | | | 9 | | | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** hefur verið óvanalega ánægður með sjálfan sig undanfarið og öruggur í sínum þankagangi. Framtíðarsýn hans virðist greiðari og hnitmiðaðri en áður og hann má treysta því að vel fari. Örlítil veikindi eru í kortunum, en nýta má þann tíma til að liggja undir feldi og safna kröftum fyrir það sem fram undan er. Happatölur 18, 21, 15.

**Fiskurinn** er hress og kátur þessa dagana enda sumar í lofti. Hann er vongóður um jákvæða breytingu á högum sínum sem hafa hingað til staðið í stað. Einhver persónulega ögrandi skref þurfa þó að vera tekin auk þess sem fiskurinn þarf einnig að venja sig á að hlusta vel á sína nánustu og taka þeirra sjónarmið til greina í stað þess að áætla hlutina sjálfur. Happatölur 23, 12, 16.

**Hrútnum** hefur fundist hluti lífs hans hafa staðið svolítið í stað undanfarið og veltir fyrir sér hvenær hann kemst af hamstrahjólinu. Hugarfarið spilar þarna inn í og því um að gera fyrir hrútinn að velta fyrir sér hvert hann óskar að stefna. Eitt skref í einu er mantra sem á vel við og treysta þeim framgangi sem verður. Ekki láta deigan síga. Happatölur 79, 63, 47.

**Nautið** hefur verið örlítið tvístígandi undanfarið og þarf fljótlega að taka ákvörðun um hvort það ætli að taka stór skref í eina átt eða aðra. Nautið hefur byrinn með sér, hver sem niðurstaðan verður og ætti að vera óhrætt við að stýra lífi sínu hvert sem hugur og hjarta óskar. Nánasta fjölskylda er hans klettur og munu þau bönd styrkjast æ meir á árinu. Happatölur 18, 24, 8.

**Tvíburinn** er alveg viss um að nú sé rétti tíminn til átaka. Innri átaka reyndar, en hugur hans stefnir að mannbætandi venjum og framkomu. Hann sér fyrir sér að stíga skref sjálfum sér til betrunar enda hvert spor jákvæðni til heilla. Tvíburinn vill koma vel fyrir og gjarnan opna huga sinn örlítið og nú vill svo til að samkvæmt stjörnunum er akkúrat sá tími. Happatölur 56, 41, 28.

**Krabbinn** hefur haft mikið á sinni könnu þessar vikurnar og sér stundum ekki fram úr sjálfum sér þótt hann gjarnan vildi. Áhyggjur og álag hafa truflað flæði hans og rétt er að staldra við og veita sjálfum sér hvíld áður en allt fer úr böndunum. Það margborgar sig fyrir alla og mest af öllu hann sjálfan. Happatölur 27, 98, 99.

**Ljónið** hefur gengið í gegnum óvissu vegna líkamlegs ama nýverið, en mun ekki um neitt alvarlegt vera að ræða ef hann tekur á hlutunum með festu. Ljónið þarf annars að muna að vera alveg heiðarlegur við sjálfan sig öllu fremur, enda fátt ótignarlegra en ljón með lafandi makka. Batnandi manni er best að lifa. Happatölur 13, 61, 58.

**Meyjan** er glöð og ánægð þessa dagana og róleg í sínu. Gönguferðir nálægt sjónum eða í skóglendi gera henni gott og um að gera að njóta allra þeirra sólargeisla sem láta sjá sig. Meyjan mun laða að sér margt jákvætt næstu mánuði og stýra því sér til happs. Happatölur 10, 15, 2.

**Vogin** horfir til sumarsins með eftirvæntingu enda handviss um að gerist mikil ævintýr. Hugurinn ber hana hálfa leið auk þess sem óvænt lukka mun verða á næstu vikum og happadrjúg skrefin áfram. Peningamálin eru einnig á góðum stað en gæta þarf þess að eyða ekki um of. Happatölur 76, 16, 26.

**Sporðdrekinn** stígur gætilega til jarðar um þessar mundir enda hálfhvekktur eftir óvænt átök. Leysa þarf úr þeim málum hið allra fyrsta og helst með utanaðkomandi aðstoð. Með rísandi sólu er þó allt á uppleið, hægt en sígandi og best að fara að öllu með varkárni. Happatölur 12, 38, 52.

**Bogmanninum** finnst lífið þjóta áfram um þessar mundir og þarf að hafa sig allan við er kemur að því að taka skýrar og marktækar ákvarðanir. Gott væri að fá sér blað og penna og hripa niður það sem honum liggur helst á hjarta og punkta hjá sér mögulega úrlausn. Draga svo andann djúpt og reyna að hægja á heiminum í kringum sig. Happatölur 4, 15, 20.

**Steingeitin** heldur áfram á sinni vanabraut, enda stórhættulegt að gera nokkrar breytingar. Eða er það? Ef til vill mætti hafa í huga að breytingar eru alls ekki alltaf af hinu slæma og öllum hollt að ögra sjálfum sér að einhverju leyti. Það má taka hænuskref í átt til breytinga enda kapp best með forsjá. Happatölur 8,16, 32.



**Straumönd er smávaxin kafönd sem á heimkynni sín helst við straumharðar ár. Þessi litla önd er afar sundfim, hún hikar ekki við að synda út harðan straum eða brim þar sem hún kafar eftir æti. Hennar helsta fæða er bitmý, púpur og lirfur í lindám en úr sjó ýmis smádýr eins og marflær, þanglýs og kuðungar. Straumendur eru nokkuð spakar og félagslyndar. Vinsælar ár geta verið nokkuð þétt setnar á sumrin, jafnvel á varptíma. Yfir vetrarmánuðina geta þær verið í litlum, þéttum hópum við brimsamar strendur. Einu varpstöðvar straumandar í Evrópu eru hérna á Íslandi og er áætlað að stofninn sé um 3.000–5.000 varppör.** Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Hrat verður hátíska

**Ögurstund sjálfbærrar tísku virðist nú hafa risið upp, ef merkja má nýlegar fréttir þess efnis.**

Komið hefur á daginn að þrátt fyrir áframhaldandi viðleitni tískumerkjanna til þess að ná fram áætluðum loftslagsmarkmiðum sínum, á iðnaðurinn enn í erfiðleikum með þann framgang.



Meðal annars má telja á fingrum sér þau vörumerki sem hafa skuldbundið sig að fullnustu er kemur að því að draga úr gróðurhúsalofttegundum, auk þess sem þörfin fyrir auknar samstarfsaðgerðir verður æ meira áberandi. Það er þó ekki öll nótt úti enn. Nýlegt samþykki löggjafar Evrópuráðsins um vistvæna hönnun felur í sér lykilskref í átt að sjálfbærari starfsháttum.

Samþykkti Evrópuráðið reglugerð þar sem þess er krafist að allur framleiddur varningur sé gerður á þann hátt að hann endist lengur, sé auðveldari að gera við og/eða endurvinna. Til viðbótar verður eyðing óseldra textílvara bönnuð í öllum 28 aðildarríkjum ráðsins. Þessi löggjöf sem og slíkar eftirlitsráðstafanir er beitt til að draga vörumerki til ábyrgðar og ýta þeim í átt að aukinni umhverfisábyrgð.

### *Sjálfbærni grundvallaratriði framtíðar*

Orðið sjálfbærni er nefnilega ekki lengur bara tískuorð heldur grundvallaratriði fyrir framtíð fataiðnaðarins.

Siðferðileg vinnubrögð og vistvæn meðvitund flokkast þannig ekki undir valkvæðar ákvarðanir heldur brýn nauðsyn ef vel á að fara. Enda má segja, þó sorglegt sé, að umhverfisáskoranir knýi áfram jákvæðar breytingar innan iðnaðarins.

Vörumerki sem þegar hafa tileinkað sér þessi framleiðsluferli meðvitaðri neyslu standa því styrkum fótum – á meðan önnur leggja nú allt kapp á að framfylgja nýundirrituðum kröfum samnings Evrópuráðsins.

### *Eftirspurn neytenda ýtir undir breytingar*

Á meðan mannlegur vilji helst í hendur við framfarir í tækni er þó framtíðin björt. Sífellt fleiri nýjungar skjóta upp kollinum, allt frá vinnslu efnastranga til verkfæra gagnsæis í birgðakeðjunni. Þannig gerir tæknin vörumerkjum sífellt auðveldara fyrir er kemur að því að minnka umhverfisfótspor þegar sjálfbærni, siðferðileg vinnubrögð og gagnsæi er sett í forgang.

Með aukna meðvitund þar sem horfið er frá ofsahraða neysluhyggjunnar, meta neytendur nú oftar gæði fram yfir magn og kjósa fremur að versla tímalausa og vel hannaða hluti sem eru gerðir á siðferðilegan og umhverfisvænan hátt. Þessi skref í átt að meðvitaðri neyslu og ábyrgari neytendahegðun mótar hreyfingu og framtíð tískuiðnaðarins til hins betra og vonandi að löggjafarvöld utan Evrópuráðsins fari nú að fordæmi þess og setji hugmyndum á borð við hraðtísku og ógagnsæi í framleiðsluferli stólinn fyrir dyrnar.

### *Klæði úr kirnum matarsóunar*

Til viðbótar við ábyrgari hegðun bæði neytenda og framleiðenda hafa hinir síðarnefndu æ oftar farið ótroðnar götur er kemur að vinnslu efnis. Leðurlíki úr sveppum, strigaskór úr efni þörunga og þar fram eftir götunum, en nýjasta nýtt er vinnsla efnis úr matvælaúrgangi.

Hér á eftir eru fimm áhugaverð fyrirtæki sem hafa leitast við að nýta það sem af fellur.

**Bananatex** er afrakstur samvinnu svissneska fyrirtækisins QWSTION og svo garn- og vefnaðarsérfræðinga frá Taívan, en saman þróuðu þeir fyrsta endingargóða, vatnshelda efni heimsins sem eingöngu er búið til úr stilkum bananaplantna. Plönturnar, sem eru lífrænt ræktaðar á Filippseyjum, þarfnast engrar efnameðferðar og endurnýjast uppskera þeirra að fullu innan eins árs.

**Piñatex**, undir stjórn vísindakonunnar dr. Carmen Hijosa, heldur utan um vinnslu efnis úr laufum ananasávaxtarins, sem annars væri fargað, en ananasinn, sem einnig er ræktaður á Filippseyjum, er laus við öll eiturefni. Efnisstrangar sem unnir eru úr trefjum laufanna eru með áferð á við leður, sem auðvelt er að lita.

**Orange Fiber** er fyrirtæki þeirra Adriana Santanocito og Enrica Arena, en þær framleiða einstakt efni með silkiáferð, sem unnið er úr berki sítrusávaxta. Þéttleika efnisins er hægt að stjórna en hafa eigendurnir þróað aðferðina nú í áratug með góðum árangri.

**Vegea** var stofnað af þeim Francesco Merlino og Gianpiero Tessitore, sem rannsökuðu mismunandi eiginleika jurtatrefja og hófu vinnslu á jurtaleðri úr því sem til féll eftir vínframleiðslu, þá vínberjahýðum, fræjum og stilkum. Þeir benda á að margir milljarðar lítra af víni eru framleiddir árlega og því vinnsla úr hratinu veruleg.

**Parblex** var stofnað af listnemunum Rowan Minkley og Rob Nicoll sem gerðu tilraunir á vinnslu plastlíkis úr kartöfluúrgangi. Vel tókst til og hefur „plastið“ m.a. verið notað í gerð gleraugnaumgjarða og fatahnappa. Frekari vinnsla þeirra varð til framleiðslu á svipuðu efni og við þekkjum sem mdf-plötur í smíðavinnu og hefur komið í ljós að einnig er hægt að vinna úr úrganginum pappírslíkt efni sem hægt er að nýta á ýmsa vegu. */sp*




# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins."
Jóh. 8.12
biblian.is




Sumarbúðirnar Ástjörn – fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð um kr. 10.000 sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norðausturlandi. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980, astjorn.is - facebook, instagram, youtube.



Hreinræktaðir Labrador Retriever hvolpar, fæddir 19. mars, eru tilbúnir til að fara á framtíðarheimilin sín. Þeir eru með, ættbók frá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir, 2 bólusetningar og ormahreinsaðir. Með þeim fylgir veglegur byrjunarpakki frá Bendi (bendir.is). Foreldrar eru Kvíslar-tungu, Sámur og Tinna, þau standast heilsufarskröfur HRFÍ. Yndislegir heimilishundar og henta vel í veiðina. Áhugasamir geta hringt í s. 865-7419. Sumarkveðja, Katrín Ösp Magnúsdóttir.




Hyundai Kona Style 64kW, rafmagn, árgerð 2020, sjálfskiptur, ekinn 16.000 km. Verð kr. 4.490.000. notadir.benni.is s. 590-2035.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu nýtt 38 fm heilsárhús til flutnings. Parket, eldhús og flísar á baði. Verð kr. 17.000.000 m/vsk. Tómas í s. 698-3730 og 483-3910.



Eigum á lager forsteypta hleðslusteina á góðu verði. Ekki hika við að hafa samband fyrir nánari upplýsingar. svavarh@istak.is s. 840-2787.



Til Sölu Shetland 570 - 1994. Með Mercury 150 hp. fjórgengismótor, keyrður um 20 tíma. Bátur í toppstandi. Báturinn hefur alltaf verið geymdur inni á veturna. Vagn fylgir. Upplýsingar gefur Bjarni s. 897-9857 eða Þórður s. 863-4460.



Sveigjanlegar sólarsellur 50w. - verð kr. 17.900. 100w. - verð kr. 29.900. 150w.- verð kr. 48.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 opið 15-17.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Hunnebeck steypumót til sölu.Erum með 119 metra í tvöföldun af steypumótum til sölu, fylgihlutir fyrir um 80 metra. Frekari uppl. á netfanginu jarnavirkid@gmail.com



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandiyfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið inn. Valdi koppasali, Hólmur við Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.



Varmadælur loft í vatn 600 watta notkun margfaldast í 2.500 wött. verð kr. 161.000.00, afsláttur 30% verður kr. 112.700.00 1.200 watta notkun margfaldast í 5.800 wött. verð kr. 308.000, afsláttur 30% verður kr. 215.600.00. Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.


## Er ég fasteignasalinn þinn?



**Ég býð uppá:**
- Faglegt verðmat.
- Mjög góða ljósmyndun hjá virtum aðila.
- Sölumöppur.
- Opin hús og einkasýningar.
- Góða eftirfylgni.
- Sanngjarna söluþóknun.

Hringdu í síma 623-1717 eða sendu tölvupóst á svavar@fstorg.is.

Svavar Friðriksson
Fasteigna- og skipasali
TORG fasteignasala



## Færibanda-reimar



Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla
GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is









Til sölu Færeyingur smíðaður í Mótun 1980. Lengd 7,43 metrar. Breidd 2,23 metrar. Dýpt 0,8 metrar. Brúttótonn 3,71. Vél Bukh 1980. Dýptarmælir, GPS, talstöð, útvarp og 2 færeyskar handfærarúllur og járnkjölur. Sérmíðuð kerra fylgir. Upplýsingar gefur Halldór í s. 893-5458.



Girðingastaurar 4 mm (galv.) 40 mm x 40 mm. x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Öflug loftpressa, Cobafe 500, tvær pressur með 7,5 hp motor hvor 380V.500 lítra kútur. Lítið notuð undanfarin 15 ár, tími kominn á olíuskipti. Sjá: https://hvellur.com/product-category/adrar-vorur/notadirlyftarar/ Skýli fylgir, Hvellur s. 698-6400.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Til sölu nýr húsbíll, WEINSBERG Edition, byggður á MB Sprinter grind. 170 hö. sjálfskiptur 9 gíra. Vel útbúinn bíll, 6,92 metrar að lengd. Fyrsta skráning september 2023. Ásett verð kr. 21.000.000 - umsemjanlegt. Upplýsingar í s. 893-6957 (hhilmar@gmail.com) Hilmar.



Lumar ekki einhver á gömlu þreyttu hjólhýsi sem safnar bara ryki og er fyrir? Mig vantar eitt slíkt til að breyta í rjúkandi farguful! María s. 863-6428.




Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki.12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



Scania kranabíll. Bíll í toppstandi, rýkur í gang og gengur vel, nýskoðaður, allt glussakerfi nýyfirfarið. Splunkuný framdekk, nýr altenator. Frábær bíll fyrir t.d. byggingavinnu og vöruflutninga. Bíllinn er kominn í flokk fornbíla og því engin gjöld af honum. Verð 3.300.000 +vsk. Uppl. hjá Viggó s. 773-0418



Mercedes Benz Sprinter 211. Árgerð 2019. Ekinn 122.000 km. Næsta skoðun 2025. Dísil, beinskiptur, 6 gíra, framhjóladrif, 3ja sæta. Góðar hirslur í/skúffur í flutningsrými. Upplýsingar gefur Pétur í s. 898-4659.



Til sölu Scania G450 innflutt ný af umboði í nóvember 2016 á grind.Tekinn í notkun um vorið 2017. Bíllinn er ekinn 106.000 km. Hann er allur á lofti og vigtar 14.2 tonn. Ásett verð kr. 15.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 896-1774.




Ziegler HT 293 diskasláttuvélar 290 cm aflþörf 55 -70 hö. Frábær reynsla, einfaldar og ódýrar í rekstri, hraðfesting á hnífum, til á lager, hagstætt verð, kr. 1.078.800 m/vsk. S. 793-0116.



Ný kerra fyrir fjórhjól eða buggybíla.Stærð pallsins er 385 x 185cm. Heildarþyngd: 1.300kg. Hækkun kerrupallsins fer fram með gasdrifi sem leyfir að hlaða upp ökutækjum á mjög þægilegan hátt, án þess að þurfa aukarampa. Kerran er þægileg og stöðug í akstri. Heildarþyngd: 1.300 kg. Eigin þyngd: 390 kg. Burðargeta: 910 kg. Dekk: 185R14C. Verð tilboð kr. 750.000. Upplýsingar í s. 660.1770.



Til sölu Scania R144 GA4X2NA, árgerð '97. Með þriggja öxla flatvagni (úr áli) Upplýsingar í s. 772-0030.




SISU plönturör í stærðum 43 - 53 - 61 - 73 mm. Slitsterkari, létt og örugg, með festingu fyrir aukahandfang. Verð frá kr. 23.500 m/vsk. S. 793-0116.




Reck haughrærur með liðtjakk fyrir nákvæma niðursetningu, búnar skrúfuhring og skurðarbúnaði fyrir 540 og 1000 sn. PTO, mikil afköst, spara eldsneyti fyrir 100-200 hö. Til á lager. S. 793-0116.




SsangYong Tivoli, 4x4, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 116.000 km. Verð kr. 1.690.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.




Borello heytætla HTS 720/6 lyftutengd, brotin saman með vökva, á breiðum hjólum, auðveld í flutningi á vegum. Nú á tilboðsverði kr. 1.760.800 m/vsk. S. 793-0116.



Sánahús 4-6 manna úr sedrusviði með 8kw. Harvia ofni og öllu sem til þarf. Stærð 210 cm X 240 cm. Kemur ósamsett. Verð kr. 995.000 m/vsk. Upplýsingar valdi@ barki.is s. 569-4000. Barki ehf.



Toyota Hilux Xtracab 2006 2.5. Ekin 272.000 km. Heitklæðning, gluggahlífar, krókur, 33" breyting. Verð kr. 1.900.000. Upplýsingar í s. 863-1194, Ásgeir.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111. www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Ford 150, árg. 2003. Ekinn 47.000 mílur, breyttur af Iceccol, lækkuð drifhlutföll, loftlæsingar og dæla, tjald með fortjaldi fylgir og fleira með. Verð kr. 4.000.000. Uppl. Denni s. 660-2403.



Aeros-2/Cross Contry, ultraligth 582 fis. Verð kr. 1.500.000. Uppl. í s. 660-2403, Denni.



Ekki missa af þessu. Bílskúrs-fulningahurð úr mahony, 250 cm á breidd og 234 cm á hæð. 2 aukaflekar fylgja, selst ódýrt. Uppl. í s. 846-4144.











Til sölu TEREX byggingakrani, árg. 2007.32 m. bóma, fjarstýring. í þokkalegu standi. Uppl. í s. 860-1700.



Til sölu LIEBHERR 35K byggingakrani árg. 1992, með fjarstýringu, þarfnast viðhalds. Selst í því ástandi sem hann er í. Uppl í s. 860-1700.



Til sölu MANITOU MT 1440 skotbómulyftari árg. 2007. Skófla og gafflar fylgja með, gott og sterkt tæki með góða þjónustusögu. Uppl. í s. 860-1700.



Til sölu M. Benz Citan árg 2013. Skemmd vél, boddy gott. Verð, tilboð. Upplýsingar í s. 893-6975.



Mercedes Benz V class árg. 2018, ekinn 77.000 km. Góður bíll með 6 sætum. Verð kr. 7.800.000. Uppl í s. 618-5111 eftir kl. 16 daglega.



Til sölu Crescent (Shetland bróðir) 15 ft. í góðu standi. 40 hö. Mercury. Góð galvanseruð kerra. Báturinn er á höfuðborgarsvæðinu. Verð kr. 1.400.000. Uppl. í s. 892-3042.



Lexus UX300E Premium, 100% rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 22.000 km. Verð kr. 4.390.000. – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Til sölu Scania R144, árg. '97, pallbíll í góðu standi. Upplýsingar í s. 772-0030.



Til sölu Scania P420 árg. 2006, með krana. Honum fylgir allt til reksturs kranabíls, spil, jip, keðjur/stroffur, krabbi, strekkjarar og dráttarstóll. Upplýsingar í s. 772-0030.



MF-30 "64, 30,ha, franskur. Vélin er yfirfarin, skipt um helstu slitfleti, legur og pakkdósir. Vélin var sandblásin, grunnuð og sprautuð. Glussadæla virkar, ný framdekk, góður í gang. Verð kr. 700.000 +vsk. Upplýsingar gefur Gísli í s. 896-2348.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is














Vindrafstöð 50W. Verð kr. 29.900. orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd: 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is




Sólarsellur, 50w, 100w, 120w, 150w, 180w og 370w. Verð frá kr. 17.900.- Orkubondinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Til sölu stálstoðir, 375 lítra síló og Liebeer krani, 36 metra langur. Uppl. í s. 892-2221.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



PRO-X 470 Gæðin skipta þig máli • Hágæða PVC. dúkur sem er 1,2 mm. á þykkt, það þykkasta sem hægt er að fá í PVC dúk. Sterkt álgólf. 10 manna. Max 40 hp. mótor. 470 cm að lengd og 190 cm á breidd sem er meiri breidd en þekkist. Belgir eru stærri en í sambærilegum bátum sem gerir burðarþol og stöðugleika einstakan. Lofthólfin eru 5 en sambærilegir bátar hafa 4 lofthólf. Sérstyrktur framendi. Sérstyrking (Keel Guard) undir belg allan hringinn og undir kili. Þessi bátur hentar sérstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður, grýttar fjörur og þar sem landtaka er erfið. Árar, viðgerðarsett, pumpa, þóftur og taska í stefni fylgir öllum bátum. Verð kr. 670.000 m/vsk. Takmarkað magn. Upplýsingar í s. 821-7418 email: strandarhj@simnet.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíu-öryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísilhitari, vatn og loft 7 kw 12v. Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 888-1185.



Til sölu sérsmíðaður riffill Lás- stiller p1000 double port. Skepti: McMillan Hlaup: shilen Kíkir: Nightforce 8-32×56 Festingar: Nightforce. Hlaup snittað s. 898-1261.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg. og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang hak@hak.is



Til sölu Toyota Hilux árg. 2005 ekinn 198.000 km. 35" breyttur, verð kr. 1.800.000, uppl í s. 864-2484.



Hitatankar fyrir rafmagn og varmadælur með rafmagnstúbu og rörspíral. 5 lítrar: Verð kr. 140.00.00 -30% afsláttur kr. 98.000.- (1 rörspirall) 100 lítra: Verð kr. 170.000.00 -30% afsláttur kr. 119.000.- (2 rörspiralar) 200 lítrar Verð kr. 198.000.00 -30% afsláttur kr. 138.000 (2 rörspiralar) Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Zetor 6245 90 hestöfl. Hann er aðeins ryðgaður og fer því á góðu verði, kr. 350.000. Nánari upplýsingar í s. 867-5583, Gunnar Smári.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.






Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is .Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Sláttuorf með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: hak@hak.is




Sumarlestur. Óspakseyrargátan. Íslensk sakamálasaga eftir Finnboga Hermannsson. Óspakseyrargátan gerist á Vestfjörðum árið 1910 og á sér sviplegan endi eftir löng og þrúgandi réttarhöld, bæði í Ströndum og í Reykhólasveit. Óspakseyrargátan fæst hjá höfundi, póstfang: finnbh@simnet.is, s. 861-8993.



TERHI Bátar. Terhi 400, nýr bátur til sölu. Á einnig árar 240, 255 og 270 cm, keipa hlunna og viðgerðarefni fyrir ABS báta, ásamt kjöllista o.fl. Upplýsingar á netfang: agnarkarason@gmail.com



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./ SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Jessenius Faculty of Medicine í Martin, Slóvakíu heldur inntökupróf á netinu (online) 12. júlí og 10. ágúst www.jfmed.uniba.sk/en Uppl. S. 820-1071 kaldasel@islandia.is



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Til sölu MANITOU MT 1840 HA skotbómu lyftari, árg. 2013. Gafflar og karfa fylgja með, er með fjarstýringu fyrir körfu, mjög öflugt tæki með 18 m langa bómu. Notaður um 8.000 klst. Uppl. í s. 860-1700.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



M Benz 814D, árgerð 1992, húsbíll, mjög vel búinn, í toppstandi. Verð kr. 2.700.000. Uppl. gefur Sigurður í s. 822-3650.

## Atvinna

Óskað er eftir starfsmanni á kúabú um 20 km frá Akureyri, fram í Eyjafirði. Um er að ræða vinnu við bústörf á um 100 kúa búi. Æskilegt að starfsmaður sé búfræðingur eða hafi reynslu af sam- bærilegri vinnu. Þarf að geta starfað sjálfstætt með bú. Gæti hentað fyrir par. Hægt að senda fyrirspurnir og umsóknir á netfangið vgs@vgs.is – eða í s. 898-1540.

## Húsnæði

Reglusamur, 56 ára, karlmaður óskar eftir framtíðarstarfi með húsnæði á góðu sveitaheimili, sem er bæði kúabú og fjárbú. Er með vinnuvélaréttindi. Upplýsingar í s. 699-3982.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Kaupi alla rafmagnskapla. Kem og sæki. Uppl. í s. 862-2005 eða reykjahlid@internet.is

Óska eftir landspildu um 1-10 ha. Til skógræktar. Upplýsingar í s. 697-4567.

Óska eftir kawasaki bayou 300 hjóli, má vera bilað og vanta í það. Skoða allt. Upplýsingar í s. 699-6854 Jón. Skoða einnig önnur japönsk fjórhjól biluð.

## Til sölu

Byggingakrani, Liebherr 32TT 2001, ásamt hjólastelli fyrir kranann. Uppl. í s. 773-5600 eða solhof@solhof.is

Doka steypumót 2,7 m hæð, um 330 fm. í tvöföldu, auk fylgihluta. Uppl. í s. 773-5600, Ólafur eða solhof@solhof.is

Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu. Birki, reynir, rifs, sólber, aspir og fl. Ódýrar og sterkar plöntur á frábæru verði. Er í Reykjavík. S. 857-7363.

Til sölu Pöttinger Novadisc 352 sláttuvél. Kaupár 2022, mjög lítið notuð, lítur út eins og ný, geymd inni á vetrum. Verð kr. 1.850.000 +vsk. Upplýsingar í s. 849-4321.

1.700L mjólkurtankur til sölu. Hefur verið í notkun fram að þessu. Kemur með þvottavél og kælikerfi. Verð kr. 50.000 +vsk. Upplýsingar í s. 845-0980.

Til sölu 4ra öxla Scania vörubíll með PM-80 krana, kraninn með spili. Upplýsingar í s. 772-0030.

Er veisla í sumar? Seljum vönduð sett til að heilgrilla skrokka, lamb eða grís. Mismunandi útfærslur, allar með gegnheilum grilltein, mótor o.fl. Sendu okkur póst á grillteinar@jarnsida.is

Til sölu notaður 200L. hitakútur 2KW/230V. Verð kr. 25.000. Staðsettur nálægt Hellu á Suðurlandi. Nánari upplýsingar í s. 867-1429.


PORSCHE
Taycan
Taycan Cross Turismo
Rafmagnaðir sumardagar.
Í tilefni frumsýningar á nýjum alrafmögnuðum Porsche Taycan
fylgir veglegur kaupauki með öllum notuðum Taycan í júní.
Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum og á porsche.is
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.
Bílabúð Benna
Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00


NIVEA
SUN
VERNDAR GEGN UV-GEISLUM
OG ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN HÚÐARINNAR
0%
klístruð
tilfinning
Virðir sjávarlíf
NEW
NIVEA
SUN
DERMA UV SPECIALIST
INVISIBLE
DAILY FLUID
+ NIACINAMIDE
Invisible on all skin tones
50+
PA++++
UVA UVB
VERY HIGH
Protects against premature skin ageing
Ultra light Fluid
NIVEA
SUN
UV FACE SPECIALIST
INVISIBLE
DAILY FLUID
Invisible on all skin tones
For all skin types
50+
VERY HIGH